

SHALDOR
skoðun 18



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Tannhvíttun



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

19. desember 2011
296. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011

21 níðingur sat inni í fyrra

Einn dæmdur barnaníðingur sat inni 2001 en þeir voru 21 í fyrra. Dómstólar og ákærvald spila lykilhlutverk í þróuninni, að mati lögreglu og afbrotfræðings. Lögmaður segir kynferðisbrotum hafa fjölgað.

DÓMSMÁL Tuttugu og einn dæmdur barnaníðingur sat í fangelsi í fyrra. Árið 2001 sat einn inni og hefur fjöldinn farið stígvaxandi síðan. Síðasta ár er þó sögulegt met hér á landi, en það sem af er þessu ári sitja fjórtán dæmdir barnaníðingar inni fyrir brot sín.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, segir marga samverkandi þætti ástæður fjölgunarinnar. Hann nefnir að rannsóknaraðferðir lögreglunnar hafi batnað, Barnahús og kynferðisbrotadeild lögreglunnar voru stofnuð á þessu tímabili og að ákærvaldið krefjist hardari refsinga yfir kynferðisbrotamönnum.

„Framburður barns er nú metinn trúverðugur. Þessir þættir spila saman, án þess að hægt sé að setja


fingerinn á eitthvað eitt,“ segir Björgvin.

Helgi Gunnlaugsson, afbrotfræðingur við Háskóla Íslands, tekur undir orð Björgvins og telur að þó erfitt sé að benda á eitthvert eitt atriði, sé greinilegt að umræðan og umfjöllun um kynferðisbrot gegn börnum í samfélaginu hafi áhrif á dómstólana.

„Dómstólar tóku vægar á þessum brotum fyrir ekki ýkja löngu og það hefur verið vaxandi ákall til þeirra að herða refsingar,“ segir Helgi. „Og það hefur áhrif. Það er alveg klárt.“

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður segir það sína tilfinningu að kynferðisbrotum sé almennt að fjölga. Að hennar mati hafi ekkert breyst sem auðveldi þolendum að leggja fram kærú,

Fjöldi fanga sem brotið hafa á börnum



Heimild: Fangelsismálastofnun

heldur sé það almenn fjölgun brota sem útskýri fjölgun dæmdra kynferðisbrotamanna.

Árið 2001 voru tveir kynferðisbrotamenn dæmdir í óskilorðs-

bundið fangelsi, en til samanburðar voru þeir átján árið 2009. Hafa ber í huga að ekki hefja allir afplánun á árinu sem þeir eru dæmdir.

- sv / sjá síðu 12



Leggur drög að þrífleik
Harpa Dís Hákonardóttir með aðra bók aðeins átján ára gömul.

tímamót 24

Jólagleði og jólastress

Guðmundur Andri segir jólin koma hvort sem allt sé tilbúið eða ekki.

í dag 19




Man. City á toppinn

Man. City stóðst áhlaup Arsenal í gær og trónir á toppnum.

sport 42

veðrið í dag



KÓLNAR Á NÝ Í dag má búast við SV 8-13 m/s við S- og SV-ströndina en hægari vindur annars staðar. Úrkoma, einkum V-til, rigning í fyrstu en síðar slydda eða él.

VEÐUR 4



FROSKADROTTNINGIN

Sunnudagaskóli litháskra barna sýndi gestum á jólasemmtun Félags Litháa á Íslandi ævintýrið um froskadrottninguna og hin dýrin í myrinni. Jólasveininn kom alla leið frá Litháen til að vera með börnunum og gefa þeim gjafir. **Sjá síðu 16.**

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Sala á Húsasmiðjunni tafðist vegna ríflega 500 milljóna endurálagningar skatta:

Danir kaupa Húsasmiðjuna

VIÐSKIPTI Gengið verður frá kaupum dönsku byggingavörudejunnar Bygma A/S á Húsasmiðjunni í byrjun þessarar viku samkvæmt samkomulagi sem tekist hefur milli Bygma og Framtakssjóðs Íslands, sem á Húsasmiðjuna, að því er heimildir Fréttablaðsins herma.

Viðræður um kaupin voru langt

komnar þegar Ríkisskattstjóri tilkynnti eigendum Húsasmiðjunnar um 500 milljóna króna endurálagningu skatta á félagið. Endurálagningin er til komin vegna þess að fyrri eigendur Húsasmiðjunnar nýttu vaxtagreiðslur af lánnum, sem notuð voru til að kaupa fyrirtækið, til frádráttar frá skatti.

Ríkisskattstjóri telur óheimilt að

nota slík lán til skattafrádráttar, en Húsasmiðjan hefur mótmælt endurálagningunni.

Forsvarsmenn Bygma og Framtakssjóðs náðu í síðustu viku samkomulagi um hvernig tekið verði á endurálagningunni verði hún að veruleika, og verður í kjölfarið hægt að ganga frá kaupnum.

- þsj, bj / sjá síðu 6

Hefur þú skolað í dag?

Fyrir börn og fullorðna

Sterkar tennur, fallett bros – það er Flux!

FÆST Í APÓTEKUM

Jólaleikur BYKO!

Vinningshafi laugardagsins er Anna Linda Sigurðardóttir
Vinningshafi sunnudagsins er Ingvar Árni Óskarsson

Nýr vinningur á hverjum degi
Vinningur dagsins:
Eldvarnarpakki - 13.829 kr.
Sjá nánar á www.byko.is

Kringlan

5 dagar til jóla

Opið til 22 í kvöld

SPURNING DAGSINS



Róbert, hvernig gengur að þrykkja bolum á markað?

„Vonandi betur en að þrykkja boltum í netið.“

Handboltakappinn Róbert Gunnarsson þrykkir myndir á boli í frístundum sínum og selur. Hann spilar nú með þýska liðinu Rhein-Neckar Löwen og gæti vel hugsað sér að gera bolaprykk að atvinnu þegar handboltaferlinum lýkur.

Alvarlegt brot á Akranesi: Ók á barn og stakk svo af

LÖGREGLUMÁL Ekið var á ungan dreng á Akranesi á laugardagskvöld. Ökumaður bílsins stakk af, án þess að athuga ástand drengsins, en gaf sig fram við lögregluna á Akranesi skömmu síðar.

Drengurinn var fluttur á sjúkrahús, þar sem hann gisti um nóttina. Hann var útskrifaður þaðan í gær, óbrottinn en töluvert marinn og skrámaður eftir atvikið.

Málið er á frumstigi rannsóknar, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akranesi. Þar er það lítið alvarlegum augum að ökumadurinn skyldi aka á brott, en öllum ber skylda til að veita hjálp á vettvangi umferðarslysa.

- hhs

Olíuborþallur sökk í fávriðri: Björgunarbátar finnast tómir

RÚSSLAND Að minnsta kosti fjórir létu lífið og fimmtíu er saknað eftir að rússneskur olíuborþallur sökk í hafid við Sakhalin-eyju í gær. Fjórtnán hafa fundist á lífi. Verið var að draga pallinn þegar honum hvolfði í stormi.

Alls voru sextíu og sjö manns á pallinum en óttast er að ekki hafi allir náð í björgunarbátana. Tveir af fjórum björgunarbátum pallsins hafa fundist mannláusir í sjónum en ölduhæð var um það bil fjórir metrar og frostið var. Rannsakad verður hvort öryggisreglur hafi verið brotnar með því að flytja pallinn í svo slæmu veðri.

- rat

LÖGREGLUFRÉTTIR

Rúta valt í Melasveit

Rútubílstjóri slapp með lítil meiddsl þegar bifreiðin, sem hann var einn í, valt á hliðina á gatnamótum Vesturlandsvegur og Akrafjallsvegur í gær. Mikil hálka og hvasst var á svæðinu.

Sérstakur saksóknari ákærir tvo fyrir umboðssvik í máli Svartháfs og Milestone-bræðra:

Enn fleiri gætu fengið ákæru í málinu

DÓMSMÁL Embætti sérstaks saksóknara hefur gefið út ákæru á hendur tveimur fyrrverandi starfsmönnum Glitnis fyrir stórfelld umboðssvik. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða þá Lárus Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, og Guðmund Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Glitnis.

Ekki er útilokað að fleiri verði ákærðir fyrir aðkomu sína að sama máli.

Þeir eru ákærðir fyrir að misfara með fé bankans í lánveitingum tengdum félaginu Svartháfi. Bankinn lánaði 10 milljarða króna til félagsins snemma á árinu 2008, en daginn áður en lánin voru veitt, varð breyting á eignarhaldi Svartháfs þannig að Werner Ívar Rasmussen,

faðir Karls og Steingrims hjá Milestone, varð eini eigandi félagsins.

Í Rannsóknarskýrslu Alþingis segir að þessi lánveiting virðist hafa verið til þess fallin að hún komi ekki fram hjá raunverulegum lántakanda, Milestone, sem var með mjög háa skuldastöðu við bankann. Þannig kæmi það ekki fram undir Milestone í uppgjörum á útreikningi á áhættugrunni útlána gagnvart eigin fé bankans.

Eftir því sem heimildir Fréttablaðsins herma gætu fleiri verið ákærðir í framhaldinu en enn þá hefur ekki verið tekin afstaða til þess.

Lárus var á dögnum

úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna annarra mála sem tengjast störfum hans hjá Glitni.

Guðmundur Hjaltason lét af störfum hjá Glitni rúmum tveimur mánuðum eftir að lánið til Svartháfs var afgreitt og hóf störf hjá Milestone. Hann stofnaði svo ráðgjafafyrirtæki sem vann meðal annars fyrir fjármálaráðuneytið að endurskipulagningu sparissjóðanna. Það gekk svo inn í Sögu fjárfestinga-banka og þaðan inn í MP banka þar sem Guðmundur er starfsmaður í dag. - þj, sh, þsj

LÁRUS WELDING ÁKÆRÐUR Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, hefur verið ákærður fyrir umboðssvik í störfum sínum fyrir bankann.



Undirbúa snjóframleiðslu í Ártúnsbrekku

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins hafa fengið lánaða snjóbyssu og stefna að því að setja tækið upp á skíðasvæðinu í Ártúnsbrekku. Framkvæmdastjóri segist vona að þetta tilraunaverkefni sýni og sanni kostina við snjóframleiðslu.

REYKJAVÍK Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins stefna að því að koma upp snjóbyssu við skíðasvæðið í Ártúnsbrekku. Að sögn Magnúsar Árnasonar, framkvæmdastjóra skíðasvæðanna, er um tilraunaverkefni að ræða, en tilgangurinn er meðal annars að geta boðið upp á fleiri skíðadaga á vetri og sýna fram á kosti snjóframleiðslu.

„Hugmyndin er þannig til komin að síðustu tvo vetur snjóaði lítið þrátt fyrir mikinn kulda, en það voru kjöraðstæður til snjóframleiðslu,“ segir Magnús í samtali við Fréttablaðið.

„Veturinn 2009 til 2010 og í janúar í ár hefði til dæmis verið hægt að framleiða snjó á fullu.“

Magnús bætir því við að ef allt gangi upp sé stefnan að framleiða snjó í Ártúnsbrekku þegar aðstæður eru fyrir hendi og þá sérstaklega ef lokað er uppi í Bláfjöllum. Svæðið muni bæði nýtast almenningi og skíðadeildum.

„Þannig að við erum að vonast til þess að fá tækifæri til að sýna borgarbúum hversu auðvelt þetta er og hversu vel framleiddur snjór getur haldist. Að vera með eina hvíta brekku í annars snjólausri borg ætti að vekja gott umtal um snjóframleiðslu.“

Ástæða þess að Ártúnsbrekka verður fyrir valinu fyrir þetta tilraunaverkefni er aðgangur að vatni. Í Bláfjöllum er takmarkað magn af neysluvatni sem myndi klárast afar fljótt ef það yrði tengt við snjóbyssuna.

Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkurborgar fjallaði um málið á síðasta fundi sínum og fagnaði þar tillögum um að nýta skíðasvæðið í Ártúnsbrekku betur, en



Í ÁRTÚNSBREKKU Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins stefna að því að framleiða snjó í Ártúnsbrekku. Um tilraunaverkefni er að ræða, en reynist tækjabúnaðurinn vel er hugsanlegt að lagt verði í kaup á snjóbyssu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Brekkun þakin á rúmum sólarhring

- Miðað er við að hægt sé að framleiða 2,5 rúmmetra af snjó úr einum rúmmetra af vatni.
- Gera má ráð fyrir að 1.350 rúmmetra af snjó þurfi til að þekja skíðasvæðið í Ártúnsbrekku.
- Samkvæmt því þyrfti til þess um 543 tonn af vatni en snjóbyssan ætti að geta þakið brekkuna á um 30 klukkustundum, en það er háð aðstæðum.

lagði ríka áherslu á að vatnstaka úr ánni muni ekki hafa náttúruspjöll í för með sér.

Samkvæmt greinargerð Magnúsar verður vatnið tekið úr hyl í Ellidaám þar sem enginn lax er. Frá dæluinni verður lögð 300 metra lög ofanjarðar upp í brekkuna. Dælan flytur 8,3 lítra vatns á sekúndu.

Veidimálastofnun hefur þegar gefið jákvæða umsögn um verkefnið þar sem segir að verði öllum reglum framfylgt, muni það ekki hafa áhrif á lífríki ána.

Engin íblöndunarefni eru notuð í framleiðsluna, en snjór sem er búinn

til með þessum hætti er lengur að bráðna en náttúrulegur snjór. Það er vegna þess að snjókorn frjósa út á við, en tilbúinn snjór frýs inn á við.

Snjóbyssan er fengin að láni, án endurgjalds, frá framleiðanda en Magnús segir að ef þessi tilraun heppnist vel á næstu misserum, sé hugsanlegt að lagt verði í kaup á snjóbyssu. Slíkt tæki kostar hins vegar á milli 30 og 40 þúsund evrur, fyrir utan virðisaukaskatt og aðflutningsgjöld.

Málið liggur nú hjá ÍTR sem ákveður hvort lagt verður út í verkefnið.

thorgils@frettabladid.is



BJARGAÐ Margir þeirra sem björguðust voru örmagna eftir sjávarhaskann.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skip með flóttamenn sökk: Um 200 saknað

INDÓNESÍA, AP Meira en 200 er saknað eftir að skip með flóttamenn sökk í stormi undan ströndum Jövu í gær. Talið er að skipið hafi verið ofhlaðið af flóttamönnum sem vildu komast frá Indónesíu til eyja sem tilheyrir Ástralíu.

Björgunarmenn höfðu í gær bjargað 33 úr sjónum, þar af tveimur átta og tíu ára börnum sem höfðu haldið sér í rekald úr bátum í fimm klukkustundir. Einn þeirra sem bjargaðist sagði að aðeins hefðu verið 25 björgunarkæmi um borð og áhöfnin hafi tekið níu af þeim.

Talið er að flóttamennirnir séu flestir frá Afganistan, Íran, Írak og Tyrklandi.

- bj

Tveir grunaðir um kortasvindl: Handteknir í skartgripabúð

LÖGREGLUMÁL Tveir erlendir karlmenn sem voru handteknir með fölsuð greiðslukort í úra- og skartgripabúð á föstudag voru um helgina úrskurðaðir í tveggja vikna gæsluvarðhald. Þetta kom fram í fréttum RÚV.

Mennirnir reyndu að kaupa Rolex-úr að andvirði rúmlega fimm milljóna króna í versluninni. Starfsfólkið grunaði að ekki væri allt með felldu, og kallaði til lögreglu sem handtók mennina.

Mennirnir voru með tugi falsaðra kreditkorta á sér og verður rannsakad hvort þeim tókst að nota þau í öðrum verslunum.

- bj

Yfir 650 látnir og 900 saknað eftir að hitabeltisstormur gekk yfir Filippseyjar:

Flóð hrifu heilu þorpin á haf út

FILIPPSEYJAR, AP Staðfest hefur verið að yfir 650 eru látnir og í það minnsta 900 er saknað eftir að hitabeltisstormur gekk yfir suðurhluta Filippseyja á föstudag. Storminum fylgdu mikil flóð sem hrifu heilu þorpin með sér á haf út.

Óttast er að enn fleiri hafi farist, þar sem heilu fjölskyldurnar hafi látist og enginn sé eftir til að tilkynna að fólksins sé saknað. Flestir sem fórust voru konur og börn að sögn Rauða krossins.

Foreldrar Amor Limbago eru meðal þeirra sem er saknað. „Þegar ég kom til baka sá ég að húsið okkar var horfið,“ sagði Limbago, sem er 21 árs gömul. „Það var ekkert eftir nema leðja og vatnið sem náði upp að hnjám.“

Flestir íbúanna voru sofandi þegar stormurinn gekk yfir. Gríðarlegar rigningar fylgdu óveðrinu og flæddu ár og lækir



TJÓN Gríðarlegt eignatjón varð í flóðunum sem fylgdu hitabeltisstorminum og heilu þorpin hurfu í vatnsglenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

yfir bakka sína. Stjórnvöld vörðu við storminum og hættu á flóðum, en viðvaranirnar virðast ekki hafa skilað árangri. Þúsund-

ir hermanna, lögreglumanna og sjálfboðaliða leituðu um helgina að fólki sem komst lífs af, og grófu hundruð líka upp úr leðjunni.

- bj

Ostakarfa frá Ostahúsinu

Tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Ostahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum.



PÖNTUNARNÚMÉR
6
2900 kr.

PEKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta
HÚSIÐ
STOFNAÐ 1992

PÖNTUNARNÚMÉR
3
6200 kr.

Útbúum allar körfur með vinfloku sé þess óskað.

Nánari upplýsingar og pantanir: www.ostahusid.is
Einnig á netfangið: ostakorfur@ostahusid.is og í síma 5653940
Allar körfur eru pakkaðar í sellófan með fallettri slaufu

Skemmtilegir jólapakkar hjá Nova!



URBANEARS Bagis
4.990 kr.



URBANEARS Plattan
9.990 kr.
Almennt verð 14.990 kr.



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

iPhone 3Gs (8 GB)

69.990 kr. stgr.

4.490 kr. í 18 mán.



Coco simtöl
2.990 kr.



Biókort Nova
3.990 kr.
Almennt verð 7.500 kr.



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum síma!

Samsung Galaxy 5

19.990 kr. stgr.

1.790 kr. í 12 mán.



M&M heyrnartól
1.990 kr.



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

HTC Wildfire S

39.990 kr. stgr.

3.690 kr. í 12 mán.



Diskókúla
1.990 kr.



Diana mini Lomo myndavél
9.990 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Simnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg arborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

GENGIÐ 16.12.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	121,87	122,45
Sterlingspund	189,40	190,32
Evra	158,79	159,67
Dönsk króna	21,359	21,483
Norsk króna	20,363	20,483
Sænsk króna	17,562	17,664
Japanskt jen	1,5636	1,5728

SDR 187,47 188,59

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

217,1696

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



LYKTAR VEL Tré Tinnu var skreytt rauðu vaxi á endum greinanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tré skreytt vaxi best skreytt:

Dorrit valdi flottasta tréð

SKÓGRÆKT Dorrit Moussaieff forsetafrú valdi jólatré Tinnu Ottesen sem best skreytta jólatréð í gær. Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir keppinni og fékk sex myndlistarmenn og hönnuði til að taka þátt.

Tré Tinnu er skreytt rauðu vaxi og þótti Dorrit það fallegast úr hópi fimm trjáa.

Trén verða til sýnis á jólatrésmarkaði Skógræktarfélagsins í dag og á morgun. Trén verða svo gefin til góðgerðarfélaga í vikunni.

- bþ

Alþingi samþykkti frumvarp: 24 fengu ríkisborgararétt

FÓLK Tuttugu og fjórir einstaklingar hlutu íslenskan ríkisborgararétt á föstudagskvöld þegar Alþingi samþykkti frumvarp allsherjar- og menntamálanefndar um veitingu ríkisborgararéttar. Fjórutíu og tvær umsóknir höfðu borist nefndinni á haustþingi.

Meðal þeirra sem hlutu ríkisborgararétt er Siim Vitsut, rúmlega tveggja ára sonur Hannesar Þórs Helgasonar, sem féll fyrir morðingjahendi á síðasta ári, og sonarsonur Helga Vilhjálmssonar í Góu. Þá hlaut Mehdi Kavyanpoor, sem fæddur er árið 1958 í Íran, ríkisborgarétt.

- rat

4

Björgunarsveit leitaði að dreng sem varð viðskila við foreldra sína í skógræktarlandi í gær:

Þrjú börn týndust í Jólaskóginum í Heiðmörk

LÖGREGLUMÁL Ungur drengur varð viðskila við foreldra sína í Jólaskóginum í Heiðmörk seinnipartinn í gær. Drengurinn gekk alls sex kílómetra leið að húsi á Vatnsenda þar sem hann knúði dyra og lét vita af sér.

Alls urðu þrjú börn viðskila við foreldra sína í jólatrésleit í Heiðmörk í gær. Hin börnin tvö fundust áður en kallað var til aðstoðar lögreglu og leitarsveita.

„Þetta hefur ekki komið fyrir áður að börn týnist. Svo voru þau þrjú í dag,“ sagði Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, í gær.

Aðstæður voru slæmra í Heiðmörk í gær; slydda, rok og erfið færð. Starfsmaður Skógræktarinnar, sem er vanur björgunarsveitar-

maður, fann slóð drengsins utan við þekktar leiðir í skóginum og hafði rakið hana rúman kílómetra þegar drengurinn lét vita af sér.

„Vanur björgunarsveitarmaðurinn átti í vissum erfiðleikum með leiðina sem drengurinn gekk,“ bætti Helgi við.

Björgunarsveitinni var gert viðvart og setti hún af stað víðtæka leit að drengnum vegna slæmra aðstæðna.

„Það er gott að ekki fór verr,“ sagði Helgi að lokum.

- bþ

JÓLASKÓGURINN Fólk býðst að fella sín eigin jólatré í skógræktarlandinu í Heiðmörk og gera úr því góðan dag með fjölskyldunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Bæjarfulltrúar víkja ekki þrátt fyrir ákæru

Fyrirverandi stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs eru ákærð fyrir að hafa veitt Kópavogsbæ ólögmat lán. Einnig ákærð fyrir að veita FME rangar upplýsingar. Vorum að bjarga fjármunum segir einn ákærðu.

DÓMSMÁL Tveir bæjarfulltrúar í Kópavogi sem ákærðir eru fyrir brot í starfi sem stjórnarmenn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar ætla ekki að víkja sæti þrátt fyrir ákæruna.

Ríkissaksóknari hefur ákært fyrirverandi framkvæmdastjóra og fimm fyrirverandi stjórnarmenn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar fyrir að veita Kópavogsbæ ólögmat lán og að veita Fjármálaeftirlitinu rangar upplýsingar.

Ákærð eru þau Sigrún Bragadóttir, fyrirverandi framkvæmdastjóri sjóðsins, Gunnar I. Birgisson, fyrirverandi stjórnarformaður, og stjórnarmennirnir fyrirverandi Flósi Eiríksson, Ómar Stefánsson, Jón Júlíusson og Sigrún Guðmundardóttir.

Gunnar og Ómar sitja sem bæjarfulltrúar, en ætla ekki að víkja sæti þrátt fyrir ákæruna. „Það er ekki búið að dæma mig, ég er ekki sekur, en fyrst ákveðið var að ákæra bið ég eftir því að því ferli ljúki,“ segir Gunnar.

Ómar segir ekki hafa komið til greina að víkja sem bæjarfulltrúi á þessu stigi málsins. „Ekki fyrr en dómur er fallinn, þá skoða ég hvernig staðan er.“ Hann vildi ekki

Við vorum einfaldlega að bjarga fjármunum sjóðsins og skattborgaranna í ástandi sem átti engan sinn líka í íslenski efnahagssögu.

GUNNAR I. BIRGISSON
BÆJARFULLTRÚÍ Í KÓPAVOGI

tjá sig um málið að öðru leyti.

Ákæran snýst um lánveitingar frá haustinu 2008 til Kópavogsbæjar sem námu 500 til 600 milljónum króna þegar mest var. Lánin fóru á þeim tíma upp í allt að 20 prósent af eignum sjóðsins, en samkvæmt lögum mátti hlutfallið ekki vera hærra en tíu prósent.

„Við vorum einfaldlega að bjarga fjármunum sjóðsins og skattborgaranna í ástandi sem átti engan sinn líka í íslenski efnahagssögu.

Við vorum ekki að gera neitt annað en aðrir líf-

eyrissjóðir og bankakerfið á þessum tíma,“ segir Gunnar I. Birgisson. „Við geymdum peningana í bæjarsjóði meðan þetta fávíðri gekk yfir.“

„Þetta er með ólíkindum, við vorum ekki að fela neitt í málinu,“ segir Gunnar. Hann segir Fjármálaeftirlitið hafa lagt blessun sína yfir lánið til bæjarins í ljósi ástandsins. Það kannast stjórnendur eftirlitsins ekki við.

Í yfirlýsingu sem Flósi sendi fjölmiðlum á föstudagskvöld viðurkennir hann að lánin hafi verið „á svig við reglur“, en segir að hagsmuna sjóðsfélaga hafi verið gætt og engir fjármunir tapast. „Á þessum tíma, vikurnar eftir bankahrunið, var ekki mörgum öruggum valkostum til að dreifa og lán til Kópavogsbæjar voru eins trygg og hugsast gat,“ segir Flósi.

Hann segir rangar fullyrðingar í bréfi til Fjármálaeftirlitsins hafa verið á ábyrgð stjórnarformanns og framkvæmdastjóra sjóðsins, og hvorki settar fram með vitund né vilja annarra stjórnarmanna.

brjann@frettabladid.is



FLÓSI EIRÍKSSON

ÓMAR STEFÁNSSON

GUNNAR I. BIRGISSON

Stal slatta af nautalundum: Í fangelsi fyrir fjársvik og stuld

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir umfangsmikil fjársvik upp á rúmlega hálfa milljón króna.

Á árinu 2008 sveik maðurinn eða reyndi að svikja út vörur og þjónustu hjá fjarskiptafyrirtæki í 23 skipti að andvirði tæplega 170 þúsund. Stolið greiðslukort notaði hann í 27 skipti til viðbótar í „viðskiptum“ sínum við ýmis fyrirtæki og verslanir. Með því sveik hann út tæplega 230 þúsund krónur. Svo mætti áfram telja.

Að auki var hann dæmdur fyrir að stela slatta af nautalundum og öðru kjóti.

- jss



HERJÓLFUR Vegna óhagstæðrar ölduspár fyrir Landeyjahöfn siglir Herjólfur til Þorlákshafnar næstu daga.

Of mikil ölduhæð:

Herjólfur til Þorlákshafnar

SAMGÖNGUR Herjólfur siglir til Þorlákshafnar mánudag til fimmtudags, 19. til 22. desember, vegna óhagstæðrar ölduspár fyrir Landeyjahöfn. Þetta kemur fram á vefsíðu Eimskips.

Brottför frá Vestmannaeyjum er klukkan 8.00 og 15.30 og frá Þorlákshöfn klukkan 1.45 og 19.15. Þá er vakin athygli á að hálfka er víða á Hellisheiði og í Þrengslum og að fólk skuli ætla sér góðan tíma í akstur til og frá viðkomustöðum Herjólfis.

- rat

BOSCH

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Hrærivél MUM 52120

Öflugur 700 W mótör. Blandari og grænmetiskvörn fylgja með.

Jólaverð: **49.900 kr. stgr.**

Fullt verð: **69.900 kr.**

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

JÓLASNÍJÓR? Margir vonast eftir hvítum jólum en veðurspáin næstu daga dregur því miður úr þeirri von hjá íbúum S- og SV-lands. En skjótt skipast veður í lofti og enn er von! Í öðrum landslutum er nokkuð víst að jólin verði hvít enda spár áfram frosti þar.

Á MORGUN Víða 10-15 m/s, hægari inn til landsins.

MÍÐVIKUDAGUR Hvasst við S-ströndina, hægari N-til.

HEIMURINN

Alicante	13°
Basel	3°
Berlín	3°
Billund	4°
Frankfurt	2°
Friedrichshafen	0°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	22°
London	7°
Mallorca	13°
New York	7°
Orlando	22°
Ósló	-2°
París	5°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

VAN KOLLEEM
MADISON PARK • NY

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PETER VAN HOLLAND

POLO
RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI
collezione



Herra
Lagerinn
outlet

Gleðileg jóla!

30% til

afsláttur
af öllum
vörum

nýtt

Frábært úrval
af skóm frá

40%
afsláttur

DANIEL HECHTER

Opið lengur til jóla
frá fimmtudeginum
15. des til
miðvikudagsins 21. des.
er opið frá 11 til 20.
þann 22. og 23. des
er opið frá
11 til 22.

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSB. LAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)



Á að draga til baka ákæru á hendur Geir H. Haarde fyrir landsdómi?

JÁ 52%
NEI 48%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er vírusvörn og eldveggur í tölvunni þinni?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Saga Garðabæjar kemur út: Handritið hátt í 3.000 blaðsíður

SVEITARSTJÓRNARMÁL Stefnt er að útgáfu Sögu Garðabæjar á árinu 2013. Bæjarstjóri Garðabæjar skrifaði á fimmtudag undir samning við Bókauktgáfunu Opnu um að búa bókina til útgáfu.

Steinar J. Lúðvíksson hefur unnið að ritun sögunnar fyrir Garðabæ undanfarnin ár en hann afhenti í vikunni forseta bæjarstjórnar Garðabæjar handrit að verkinu upp á hátt í 3.000 blaðsíður, að því er fram kemur á vef bæjarfélagsins. „Samkvæmt samningnum sér Opna um forlagsritstjórn verksins,“ segir þar jafnframt. Áætluð verklok samkvæmt samningnum eru 31. desember 2012.

Kapólsk börn í Hollandi: Mörg þúsund beitt ofbeldi

HOLLAND Mörg þúsund hollenskra barna hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi í kapólskum stofnunum frá 1945. Kirkjan greip ekki til nægra aðgerða til þess að koma í veg fyrir ofbeldið, að því er kemur fram í nýrri skýrslu óháðrar rannsóknarnefndar.

Eftir að hafa lagt spurningar fyrir 34 þúsund einstaklinga dregur nefndin þá ályktun að fimmta hvert barn, sem haft hefur tengsl við kapólska stofnun, hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Kapólska kirkjan í Hollandi hefur ákveðið að greiða fórnarlömbunum bætur.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Undir áhrifum fíkniefna

Ökumaður var stöðvaður vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna í Fjallabyggð um helgina. Gerð voru upptæk fáein grómm af kannabisefnum. Þá ók ungur ökumaður út af veginum milli Dalvíkur og Akureyrar.

Tölfræði Orkuveitu Reykjavíkur um vanskil og lokanir er um margt fróðleg í samhengi við hrúnið:

Breytt verklag skilar mun betri innheimtu

FJÁRMÁL Breyttar aðferðir þjónustusviðs Orkuveitu Reykjavíkur við innheimtu reikninga eru að skila þeim árangri að þeim tilvikum, þar sem grípa þarf til lokana, fækkar um meira en helming. Þetta gerist þrátt fyrir að fólk hafi almennt úr minna fé að spila. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig fjöldi lokana hjá einstaklingum og fyrirtækjum hefur þróast síðustu ár.


Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri Þjónustusviðs Orkuveitunnar, segir að verklag við innheimtu hafi breyst mikið á umliðnum

árum. Fækkun lokana á árunum eftir 2005 megi rekja til bættis verklags, aukinna samskipta við viðskiptavini sem greiðslufall hafi orðið hjá og aukins fyrirsjáanleika lokunaraðgerða Orkuveitunnar.

Tölfræðin eftir 2005 er líka athyglisverð í samhengi við hrúnið. Greinilegur vandi fólks og fyrirtækja kemur fram árin 2009 og 2010. Hins vegar vekur ekki síður athygli hversu vel fólk stendur í skilum á árinu sem er að líða, hverjar sem skýringarnar svo eru á því til viðbótar við breytt verklag OR.

Fjöldi lokana hjá OR

vegna ógreiddra orkureikninga. Einstaklingar og fyrirtæki



Bygma er að ganga frá kaupum á Húsasmiðjunni

Verið er að ganga frá kaupum á Húsasmiðjunni. Kaupandinn er danska byggingavörukeðjan Bygma. Ríkisskattstjóri vill hundruð milljóna frá fyrirtækinu. Hann telur skattafrádrátt ekki hafa verið heimilaðan.

VIÐSKIPTI Danska byggingavörukeðjan Bygma A/S mun ganga frá kaupum á Húsasmiðjunni í byrjun þessarar viku. Heimildir Fréttablaðsins herma að náðst hafi samkomulag milli Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) og dönsku kaupendanna um þá niðurstöðu.

Húsasmiðjan var auglýst til sölu í ágúst síðastliðnum. Alls skiluðu tólf inn óskuldbindandi tilboðum og fimm skuldbindandi tilboðum skömmu síðar. Í byrjun nóvember var síðan ákveðið að ganga til viðræðna við hæstbjóðanda, Bygma A/S.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru viðræður langt komnar þegar tilkynning um endurálagningu skatta upp á meira en hálfan milljarð króna barst frá Ríkisskattstjóra. Ástæða endurálagningarinnar var að fyrri eigendur Húsasmiðjunnar nýttu vaxtagreiðslur af lánunum sem notuð voru til að kaupa fyrirtæki til skattafrádráttar. Ríkisskattstjóri telur slíkt ekki heimilt. Húsasmiðjan hefur mótmælt endurálagningunni.

Í síðustu viku tókst að ná samkomulagi milli Bygma og FSÍ um hvernig tekist verður á við endurálagninguna verði hún að veruleika. Í kjölfarið var hægt að ganga frá kaupunum.

Ástæðu endurálagningarinnar má rekja til þess þegar félag í eigu Árna Haukssonar og Hallbjörns Karlssonar keypti Húsasmiðjuna sumarið 2002 ásamt Baugi Group, fjárfestingafélagi í meirihlutaeigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu. Kaupin fóru fram í gegnum nýstofnað félag sem fékk nafnið Eignarhaldsfélag Húsasmiðjunnar ehf. Árni og Hallbjörn áttu

55% hlut í félaginu en Baugur 45%. Kaupverðið á Húsasmiðjunni var um 5,3 milljarðar króna og var að langmestu leyti tekið að láni. Í byrjun árs 2004 var Eignarhaldsfélag Húsasmiðjunnar síðan sameinað rekstrarfyrirtækinu Húsasmiðjan hf. Í samrunaáætlun kom fram að „við sameininguna renna allar eignir, skuldir og skuldbindingar Eignarhaldsfélags Húsasmiðjunnar ehf. inn í Húsasmiðjuna hf.“ Því voru lánin sem eigendahópurinn tók árið 2002 nú orðin lán Húsasmiðjunnar. Við það hækkuðu skuldir Húsasmiðjunnar um 4,3 milljarða króna.

Snemma árs 2005 seldu Árni og Hallbjörn síðan eignarhluta sinn í Húsasmiðjunni til nýstofnaðs félags í eigu Baugs, Saxbygg og Fjárfestingafélagsins Primus, sem var í eigu Hannesar Smárasonar. Það félag fékk sama nafn og félagið, sem áður hafði verið rennt saman við Húsasmiðjuna, Eignarhaldsfélag Húsasmiðjunnar ehf.

Síðan var sami leikurinn leikinn aftur. Í mars 2006 var Eignarhaldsfélag Húsasmiðjunnar og dótturfélög þess sameinuð Húsasmiðjunni hf. með öllum eignum og skuldum. Sameiningin miðaði við 1. júní 2005. Við það hækkuðu skuldir Húsasmiðjunnar um 2,8 milljarða króna. Samtals hækkuðu skuldir fyrirtækisins því um 7,1 milljarð króna vegna skuldsettra yfirtakna fyrrum eigenda. Landsbankinn breytti samtals 11,2 milljörðum króna af skuldum Húsasmiðjunnar í nýtt hlutafé áður en bankinn seldi fyrirtækið til Framtakssjóðsins. Skuldir Húsasmiðjunnar í dag eftir þær niðurfærslur eru rúmlega 2,5 milljarðar króna.

thordur@frettabladid.is



HÚSASMÍÐJAN Endurálagning Ríkisskattstjóra vegna skuldsettra yfirtakna fyrrum eigenda fyrirtækisins setti stórt strik í reikninginn í söluferlinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bygma í Danmörku, Svíþjóð og Færeyjum

Bygma A/S er stærsta byggingavörukeðja Danmerkur. Um 1.350 manns vinna hjá félaginu og það rekur um 50 sölustaði í Danmörku, Svíþjóð og Færeyjum. Félagið var stofnað árið 1952 og hefur heitið Bygma frá árinu 1992.

Félagið hefur verið í töluverðum ytri vexti á síðustu árum, sérstaklega í Svíþjóð. Viðskiptablaðið greindi frá því í nóvember að Bygma hefði reynt að kaupa Húsasmiðjuna af Landsbankanum haustið 2009. Um óformlegt tilboð var að ræða sem ekki var tekið til greina, þar sem til stóð að selja fyrirtækið í gegnsæju ferli. Landsbankinn seldi Húsasmiðjuna síðan til Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) án þess að fyrirtækið væri boðið út. FSÍ er síðan að selja Húsasmiðjuna til Bygma eftir að hún var auglýst til sölu í ágúst.

Við tökum gamla rúmið upp í nýtt

Hästens eru umhverfisvæn sænsk hágæðarúm sem hafa verið framleidd frá árinu 1852. Komdu og finndu muninn.

Dæmi: Marquis 160 x 200:
Fullt verð: 616.740 kr
Gamla rúmið: -123.350 kr
Nú: 493.390 kr

Hästens

Hästens | Grensásvegi 3 | Sími 581 1006 www.hastens.com

„Crackled“-brennsluker

1890 kr.



Jólabrennsluólíur 740 kr.
hvert glas

Jólagjöfina færðu í Body Shop



1190 kr.

Lítill sturtusápa,
húðnæring og
baðlilja saman



3290 kr.

Gjafakassi með „Of a man“-herravörum



5490 kr.

Gjafakassi með „White musk for men“-herravörum



4590 kr.

„Deluxe“-gjafakassi með
E-vítamín-andlitsvörum



4990 kr.

Askja með farðaburstum og
-penslum og tösku undir þá



3990 kr.

Gjafakassi með „Strawberry“-dekurvörum



3990 kr.

Gjafakassi með „Coconut“-dekurvörum



3790 kr.

3790 kr.

Gjafakassi með sturtusápu og ilmvatni:
„Dreams unlimited“ eða „Love etc...“



5490 kr.

Gjafakassi með „Olive“-dekurvörum



5490 kr.

Gjafakassi með „Coconut“-dekurvörum



4290 kr.

Kassi með „Vanilla spice“-dekurvörum



3490 kr.

Askja með fjórum tegundum af
„Body butter“- húðnæringu



2990 kr.

Fimm tegundir af
varasalva saman í
sleikipinnaumbúðum

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu mikið hækkuðu bréf í Högum á fyrsta degi viðskipta?
2. Hvað heitir íþróttafólk ársins 2011 hjá Íþróttasambandi fatlaðra?
3. Hvaða landsliðsmaður í handbolta hannar nú stuttermaboli?

SVÖR:

1. Um 18,1 prósent. 2. Kolbrún Ösp Stefánsdóttir og Jón Márgeir Sveinsson. 3. Róbert Gunnarsson.

8

Flugrekstrarstjóri Flugfélagsins Arna segir tímaspursmál hvenær bregðast verði við vegna hárra trjáa í Öskjuhlíð: Lítils háttar aukin áhætta en þó engin hættu

FLUGMÁL „Ég myndi ekki segja að hættu hafi skapast, en af þessu er sannarlega lítilsháttar aukin áhætta,“ segir Ingimar Sigurðarson, flugrekstrarstjóri Flugfélagsins Arna. Aðflugur að austur-vesturbraut Reykjavíkurflugvallar hefur á þessu ári verið brattara en vanalegt er vegna hárra trjáa í Öskjuhlíð.

Umhverfissvið Reykjavíkur hafnaði nýverið beiðni Isavia, sem rekur Reykjavíkurflugvöll, um að einstök tré verði lækkuð þar sem þau skaga upp í hindrunarflöt aðflugs að austur-vesturflugbraut flugvallarins.

„Trén eru orðin of há til þess að hægt sé að fljúga yfir brautina á eðlilegan hátt. Aðflugið er brattara og því er í raun og veru búið að stytta brautina til notkunar fyrir okkur. Þetta breytir

engu stórkostlegu, en hefur sannarlega einhver áhrif.“

Ingimar segir ljóst að við óbreytt ástand komi að þeim tímapunkti að ekki verði lengur við unað, hvort sem það er eftir tvö, fimm eða tíu ár. „Okkar vélar þurfa tiltölulega langa flugbraut. Ef ekkert verður að gert kemur að því að við þurfum að takmarka notkun á þessari braut, þegar vissar veðurástæður skapast, og takmarka þannig þjónustu við okkar viðskiptavini.“

- hhs

TRÉN ERU FYRIR Flugrekstrarstjóri flugfélagsins Arna segir að vissulega fylgi því aukin áhætta að aðflugið að austur-vesturflugbraut sé nú brattara en vant er, vegna hárra trjáa í Öskjuhlíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þingi lokið þrátt fyrir óvissu um hríð

Hefðbundin óvissa var um hvenær hlé yrði gert á þingstörfum. Um hríð leit út fyrir að þingað yrði fram að jólum og jafnvel á milli jóla og nýárs. Sátt náðist um meðferð tillögu um Geir H. Haarde. Frekari endurbætur á þingsköpum.

FRÉTTASKÝRING

Hvað gerðist á síðustu þingfundum fyrir frí?

Þingmenn brugðu ekki út af vana sínum og dagskrá þingsins, síðustu daga fyrir jólafrí, var í uppnámi. Framan af virtist allt með ró og spekt en tillaga Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að draga til baka ákæru á hendur Geir H. Haarde, virkaði sem sprengja inn í þingstörf. Sátt náðist um málið og þingi lauk á laugardag.

Reynt var að fá tillögu Bjarna tekna til umræðu fyrir hlé, en stjórnarliðar tóku það ekki í mál. Ótækt væri að jafn stórt mál kæmi fram svo skömmu fyrir áætluð þinglok. Á endanum var samið um að tillagan yrði tekin til umræðu 20. janúar.

Stjórnarliðar gáfu ekkert eftir hvað varðaði umræðu og heimildir Fréttablaðsins herma að þeir hafi stungið upp á þingfundum fram að jólum og á milli jóla og nýárs ef þörf kræfi, ætti að afgreiða tillögu Bjarna strax. Þær raddir munu hafa verið hávæstar innan Vinstri grænna. Til þess kom ekki og mun þingmönnum lítt hafa hugnast slík starfsáætlun eftir maraþonfundum síðustu daga.

Raunar er umhugsunarefni að slík tillaga geti nýst sem hótun. Að það að þingmenn starfi eftir svipuðu tímaplani og aðrir þegnar þessa lands geti virkað sem pressa í samningum. Þess í stað fóru þingmenn í jólafrí 17. desember og hefja þingstörf aftur 16. janúar, eftir mánaðarhlé.

Nokkur umræða hefur farið fram um starfshætti Alþingis. Sú umræða virðist hins vegar ekki skila sér inn í þingsali, þar sem



BJARNI BENEDIKTSSON Tillaga formanns Sjálfstæðisflokksins um að draga til baka ákæru á hendur Geir H. Haarde verður tekin til umræðu 20. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

staða, lík þeirri sem nú kom upp, er orðin hefð við áætluð hlé á þingstörfum. Þingmenn funda fram á nætur og mál koma inn á færbandi, allt til að ná starfsáætlun um boðað frí.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, sagði í samtali við Fréttablaðið á föstudag að starfsfólk vissi ekkert um hvenær þingstörfum lyki. Það yrði að vera tilbúið til að vinna eins og þingmönnum semdíst um. Það virðist því ganga að innleiða á þingi það sem fjölmargir þingmenn hafa kallað eðileg vinnubrögð.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir,

forseti Alþingis, virðist sama sinnis, en við þinglok sagði hún nauðsynlegt að þingmenn gætu reitt sig á að starfsáætlun stæðist. Agnár væru á þingsköpum, þrátt fyrir endurskoðun, og úr því yrði bætt í nefnd. „Sú nefnd mun þó fyrst og fremst vinna áfram að því að endurbæta þingsköp og vinnubrögð hér á Alþingi eins og heitið var við afgreiðslu málsins, síðastliðið vor.“

Fjöldi mála var afgreiddur á síðustu dögum þingsins. Má þar nefna mál sem tengjast tekjugrunni fjárlaga og afgreiðslu ríkisborgara- réttar.

kolbeinn@frettabladid.is

LÁTUM FRÍÐARLJÓSIÐ LÝSA UPP AÐVENTUNA

Hjálparstarf kirkjunnar

FRÍÐARLJÓSIN verða seld við eftirtalda kirkjugarða um jól og áramót. Þau fást einnig víða í verslunum.

GUFUNESS- OG FOSSVOGSKIRKJUGARÐUR

23. des. kl. 13-17
24. des. kl. 10-17
31. des. kl. 13-17

KIRKJUGARÐURINN VIÐ SUÐURGÖTU

23. des. kl. 13-16
24. des. kl. 10-16

KIRKJUGARÐUR AKUREYRAR

24. des. kl. 10-17
31. des. kl. 13-17



Með því að kaupa FRÍÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

SPORT

UMRÆÐAN

LÍFIÐ

SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



visir

Fyrirverandi forsetinn og rithöfundurinn Vaclav Havel látinn, 75 ára að aldri:

Frelsishetja Tékklands er látinn

PRAG, AP Vaclav Havel, fyrirverandi forseti Tékkóslóvakíu og síðar Tékklands, lést í gær 75 ára að aldri eftir langvinn veikindi. Havel var einn af þekktustu andófsmönnum Austur-Evrópu á tímum kalda stríðsins og var margoft handtekinn af kommúnistastjórninni í Tékkóslóvakíu fyrir skrif sín.

Hann kom boðskap sínum um mannréttindi og gagnrýni á stjórnvöld til skila með leikritum sínum og ritgerðum sem gengu manna á milli.

Havel fór fyrir „Flaelsbyltingunni“ svokölluðu sem kom kommúnistum frá völdum haustið 1989 og var kjörinn forseti í kjölfarið.

Eftir að leiðir skildu milli Tékk-

lands og Slóvakíu árið 1992 sagði hann af sér, en var svo kjörinn forseti Tékklands árið eftir. Hann gegndi því embætti allt til ársins 2003.

Fjölmargir stjórnmalaleiðtogar um allan heim hafa vottað Havel virðingu sína, þar á meðal Lech Walesa, fyrirverandi Póllandsforseti, og Madeleine Albright, fyrirverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Talið er að Havel verði borinn til grafar á föstudag.

- þj

FRELSISFRÖMUÐUR LÁTINN Vaclav Havel var einn frægasti andófsmaður kaldastríðstímans og leiddi síðar þjóð sína sem forseti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





Caddy – góður vinnufélagi

42.575 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun

Afborgun miðast við óverðtryggðan bílasamning í 60 mánuði á 8,95% föstum vöxtum fyrstu 36 mánuðina. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,99%. Kynntu þér fjármögnunarleiðirnar á www.landsbankinn.is eða í síma 410 4800.



Volkswagen Caddy er mest seldi bíllinn í sínum stærðarflokki

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnubjarkur með frábæra aksturseginnleika. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvéllum frá framleiðanda.

Volkswagen er leiðandi í sölu á metanbílum á Íslandi og hefur Caddy verið í boði sem metanbíl hérlandis í rúm tíu ár með frábærum árangri fyrir eigendur og umhverfið.

Staðalbúnaður í Caddy er meðal annars rennihurðir á báðum hliðum, tvöföld afturhurð, ESP stöðugleikastýring og spólvörn, fullkomin aksturstölva, útihitamælir, fjarstýrðar samlæsingar, hæðarstilling á bílstjórasæti, rafstýrðir og hitaðir útispeglar og fleira.

Caddy* kostar aðeins frá
2.850.000 kr.
 (kr. 2.270.916 án vsk)

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.



Atvinnubílar



Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Til afgreiðslu strax



UPPREISNARHUNDUR Útíngangshundurinn Loukanikos hefur verið áberandi í mótmælum Aþeninga gegn efnahagsstjórninni í Grikklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Gagnrýninn fjölmiðlamaður myrtur í rússneska héraðinu Dagestan:

Skotinn fyrir utan skrifstofur blaðsins

RÚSSLAND, AP Khadzhimurad Kamalov, fjölmiðlamaður sem hafði lengi verið gagnrýninn á stefnu og vinnubrögð stjórnvalda í rússneska héraðinu Dagestan, var skotinn til bana á götu úti á fimmtudag.

Kamalov var nýkominn út af skrifstofum blaðsins Chernovik í borginni Makhachkala þegar grímuklæddir byssumenn skutu hann niður og komust svo undan.

Kamalov stofnaði blaðið Chernovik árið 2003, en það sagði á gagnrýninn hátt frá framferðum öryggissveita í Dagestan, sem er

nágrannahérað Tsjetsjeníu. Meðal annars eru þær sakaðar um að kynda undir ófriði við uppreisnarmenn með pyntingum og aftökum án dóms og laga.

Margir telja að morðið á Kamalov tengist þessari umfjöllun og sagði núverandi ritstjóri Chernovik, Biyakai Magomedov, að tilgangurinn hefði verið að hræða starfsfólkið. Rússland hefur lengi verið eitt hættulegasta land heims fyrir blaðamenn þar sem árásir á þá eru algengar og sjaldnast upplýstar. Til dæmis er morðið á blaðakonunni Önnu Politkovskaju, sem fjallaði



MYRTUR Kamalov og samstarfsfólk hans höfðu lengi verið stjórnvöldum óþægur ljár í þúfu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

um grimmdarverk gegn borgurum í borgarastyrjöldinni í Tsjetsjeníu, enn óleyt fimm árum síðar. -þj

Hæstiréttur þyngdi dóm:

Ökuníðingur fékk 15 mánuði

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur þyngt dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manni sem dæmdur var fyrir ofsakstur undir áhrifum vímuefna. Héraðsdómur hafði dæmt manninn í níu mánaða fangelsi en Hæstiréttur dæmdi hann í fimmtán mánaða fangelsi. Þá var hann sviptur ökurétti ævilangt.

Maðurinn var fundinn sekur um að aka án réttinda undir áhrifum áfengis og fíkniefna á allt að 140 kílómetra hraða á höfuðborgarsvæðinu án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu. -jss

Telja ekki þörf á að herða reglur um niðurhal af netinu

Nefnd svissneska þingsins telur enga ástæðu til að breyta reglum til að stöðva ólöglegt niðurhal. Þriðjungur hleður niður ólöglega. Sala á íslenskri tónlist eykst þrátt fyrir niðurhal en sala á erlendri tónlist dalar.

TÆKNI Um þriðjungur fólks sextán ára og eldra hefur sótt tónlist, kvikmyndir eða annað höfundarréttarvarið efni í gegnum netið samkvæmt svissneskri rannsókn. Talsmaður réttshafa á Íslandi telur hlutfallið svipað hér á landi.

Þrátt fyrir þetta háa hlutfall ógnar niðurhal á tónlist og kvikmyndum ekki svissnesku menningarlífi að mati nefndar sem svissneska þingið fékk til að rannsaka áhrif niðurrhals.

Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta lögum um netnotkun til að bregðast við ólöglegu niðurrhali. Þar getur almenningur hlaðið niður höfundarréttarvörðum efni til persónulegra nota, en ólöglegt er að dreifa því frekar.

Almenningur eyðir svipuðum upphæðum í afþreyingu þó niðurhal hafi aukist samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar. Þeir sem spari með því að hlaða niður tónlist eða kvikmyndum á netinu eyði peningum í tónleikamiða eða ferðir í kvikmyndahús.

„Við erum ósammála þessum niðurstöðum nefndarinnar,“ segir Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Samtaka myndrétthafa á Íslandi (SMÁIS).

Hann segir að hlutfall þeirra sem hlaði niður ólöglega sé trúlega svipað hér og í Sviss, en hlutfallið sé mun hærra hjá ákveðnum hópum. Til dæmis sýni rannsókn SMÁIS að um 70 prósent karla á aldrinum 16 til 24 ára sækja höfundarréttarvarið efni á netið.

Snæbjörn segir rannsóknir sem gerðar hafi verið hér á landi sýna að þeir sem hlaði niður efni hefðu í nærri fimmtungi tilvilka keypt það. Tap þeirra sem framleiddi slíkt efni sé því verulegt.

Þrátt fyrir þetta gengur plötusala og sala á tónlist í gegnum netið vel hér á landi. Nýlega bærust fréttir af því að sala á geisla-

plötum sé um 29 prósentum meiri en í fyrra. Sala á tónlist í gegnum netið hefur einnig aukist.

„Það stefnir í algert metár,“ segir Engilbert Hafsteinsson, framkvæmdastjóri vefsins Tónlist.is. Hann segir að sala hjá vefversluninni hafi aukist um 30 prósent milli ára, og þó hafi síðasta ár verið metár.

Mikill munur er á sölu á tónlist eftir því hvort tónlistarmennirnir eru íslenskir eða erlendir. Engilbert segir að um 70 prósent af þeirri tónlist sem keypt sé í gegnum vefsíðuna sé íslensk. Svo virðist sem neytendur kjósi að kaupa íslenskt efni, en séu líklegri til að sækja erlent efni með ólöglegum hætti.

Snæbjörn segir það fagnaðarefni að Íslendingar kaupir svo mikið af innlendu efni, en hjá því verði ekki litíð að sala á erlendri tónlist sé í litlu samræmi við áhuga almennings á henni. Hann segir sláandi mun á sölutölum á íslenskri og erlendri tónlist, og sá munur sé svo mikill að hann verði ekki skýrður með sölu í gegnum erlendar vefverslanir á borð við Amazon.

brjann@frettabladid.is



NIÐURHAL Þriðjungur fólks sextán ára og eldra hefur hlaðið niður höfundarréttarvörðum efni í gegnum netið, og um 70 prósent karla á aldrinum 16 til 24 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafnaði þremur leiðum til að takmarka ólöglegt niðurhal

Svissneska þingið fól nefnd sem fjallaði um erlent niðurhal að kanna möguleika á að takmarka niðurhal á kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tónlist og öðru höfundarréttarvörðum efni. Nefndin fjallaði um þrenns konar kerfi sem nota má til að sporna við niðurrhali.

Í fyrsta lagi fjallaði nefndin um það kerfi sem þegar hefur verið tekið upp í Frakklandi. Þar getur dómari svipt einstaklinga nettengingu í allt að eitt ár verði þeir í þrjúgang uppvísir að því að sækja höfundarréttarvarið efni á netið. Nefndin hafnaði þeirri lausn á þeim forsendum að hún samræmist ekki lögum um tjáningarfrelsi, auk þess sem hún færi handhöfum höfundarréttar of mikil völd.

Í öðru lagi fjallaði nefndin um möguleika á því að sía út höfundarréttarvarið efni úr netumferð. Því hafnaði

nefndin á þeirri forsendu að leiðin ógni friðhelgi einkalífs fólks og geti auk þess tafið netumferð.

Þriðja leiðin sem nefndin fjallaði um var að leggja nefnskatt á nettengingar gegn því að heimilt væri að hala niður efni án takmarkana. Taldi nefndin þá leið ófæra þar sem almenningur væri á móti nefnskatti og væri vantrúður á að peningarnir skilðu sér á réttan stað. Þá myndi heimild til að deila efni án takmarkana varla standast alþjóðlega sáttmála sem Sviss hefur undirgengist.

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁIS, segir þessar þrjár leiðir ekki fýsilegar að mati samtakanna. Þau vilji helst að lögfestur sé möguleiki á að loka fyrir aðgang íslenskra netnotenda að síðum sem sannarlega dreifi efni með ólöglegum hætti. Um þá leið fjallaði svissneska nefndin ekki.



GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR Svára eins fljótt og aðstæður leyfa segir bæjarstjóri Kópavogs.

Fyrirspurnir í Kópavogi:

Ómögulegt að ákvarða frest

SVEITARSTJÓRNIR Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi, segir ómögulegt að ákveða tímabrest við fyrirspurnum bæjarfulltrúa. Þetta kemur fram í svari bæjarstjórnar við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, sem vildi fá því svarað hvað væri eðlilegt að það tæki langan tíma að svara fyrirspurnum.

„Það fer að sjálfsögðu eftir eðli máls og hversu mikilla gagna þarf að afla. Almenna reglan er sú að fyrirspurnum er svarað svo fljótt og kostur er og tími og aðstæður leyfa,“ segir í svari bæjarstjórnar. -gar

Bakarí í Danmörku skoðuð:

Langflestir vinna svart

DANMÖRK Allt að 80 prósent allra starfsmanna í bakaríum Danmerkur vinna svart. Þetta er mat skattstjóra í Danmörku.

Skatturinn gerði könnun í 24 bakaríum á dögum og kannaði starfsfólkið þar. Í ljós kom að 91 prósent var ekki skráð sem starfsfólk þrátt fyrir að vera við störf. Nokkur hluti var skráður á atvinnuleysisbætur. Starfsfólkið hafði sumt skrautlegar skýringar á veru sinni í bakaríunum. Einn reyndi að flýja burt, en þegar hann náðist, í bakaríötum og þakinn hveiti, sagðist hann aðeins hafa farið út úr húsi til að kaupa dagblað og væri alls ekki bakari. -þeb

MILANO LEDURSKÓR



Verslunin Arna – Grímsbæ við Bústaðarveg • KoKo – Laugavegi 40 • Stíll – Laugavegi 58 • Belladonna – Skeifunni 8 • Skóbúð Selfoss – Austurvegi 13–15
Eyjavík – Vesturvegi 5, Vestmannaeyjum • Mössubúð – Glerártorgi, Akureyri • Skóbúð Húsavíkur – Garðarsbraut 13 • Ozone – Kirkjubraut 12, Akranesi

JÓLAGJAFIR

OPIÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR
TIL KL. 22:00 OG TIL KL. 23:00 Á
ÞORLÁKSMESSU

TILBOÐIN GILDA
19.12 - 20.12

4 SETT Á
5.000

**SPARIÐ
10.000**

Koddi
50 x 70 sm.
12.950

LÚXUS GÆSADÚNSSÆNG

FULLT
VERÐ: 39.950

29.950

GOLD
EINSTÖK
GÆÐI

FLORA DANICA

FULLT
VERÐ: 995

695

**30%
AFSLÁTTUR**

FLORA flísteppi
Stærð: 130 x 180 sm. Mjúk og góð jólagjöf!

fossflakes™
- the future in luxury fill

KODDI
FOSSFLAKES

2.995

60° 60

PLAYA

BEA

BENNA

**VELDU 4 SETT
OG BORGADU
AÐEINS 5000
KRÓNUR!**

BLANCA

RASMINE

Sængurverasett
Efni: 100% polyester. 140 x 200 sm. / 50 x 70 sm.
1 sett á **1.995** Veldu 4 sett á aðeins **5.000**
Ath. þetta tilboð gildir eingöngu á ofantöldum 5
sængurverasettum.

**25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
LEIK-
FÖNGUM**

2 PÖR
Í PAKKA

499

MAGIC GLOVES
vettlingar
Flottir barna- og unglinga-
vettlingar fyrir stelpur og stráka.
2 pör saman í pakka á frábæru verði!

2 PÖR

JÓLAVÖRU-
ÚTSALA!
ALLT AÐ
**60%
AFSLÁTTUR**

NUDDSTÓLL

**25%
AFSLÁTTUR**

FULLT
VERÐ: 39.950

29.950

COLORADO
hægindastóll
með nuddi
Með PU áklæði.
Innbyggður
fótskemill og
nudd. Stóllinn er
með hliðarvasa
og fjarstýringu
fyrir nuddið.
5 stillingar á
nuddi. Litur:
Svartur.

FULLT
VERÐ: 6.995

4.995

HØIE DOWNFEEL polyesterkoddi
Aðlagar sig vel að höfðinu og veitir hnakkanum
góðan stuðning. Koddinn er ofnæmisprófaður.
Má þvo á 60°C. Stærð: 50 x 70 sm.

høie
OF SCANDINAVIA

**SPARIÐ
2.000**

RÚMFATA
LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

THEO skrif-
borðsstóll
Góður
skrifborðsstóll
á krómfæti
með hnakka-
púða og
stillanlegum
armpúðum.
Hægt að halla
baki og festa
í hvaða stöðu
sem er. Hægt
að rugga.
Litur: Svartur.

FULLT
VERÐ: 24.950

14.950

**40%
AFSLÁTTUR**



KULDAKAST Á INDLANDI Indverskir karlar hlýja sér við eld á köldum morgni í Allahabad á sléttunni undir Himalajafjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr búnaður í sorphirðu og endurvinnslu í flokkunarstöð Sorpu:

Flokkar málma sjálfkrafa frá

UMHVERFISMÁL Flokkunarstöð Sorpu í Gufunesi hefur tekið í notkun búnað sem flokkar málmhluti sjálfvirk, með segulafli, frá öðru sorpi. Því þurfa heimili á höfuðborgarsvæðinu og önnur svæði sem Sorpa þjónar í sorphirðu, ekki lengur að vera með sérstaka flokkunarartunni undir smáa málmhluti.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg er þeim tilmælum þó beint til almennings að héðan í frá verði málmhlutir, líkt og niðursuðúðsir, álpappír, skrúfur, naglar og þess háttar, settir beint ofan í sorptunna en ekki í poka með öðru sorpi.

Málmur eru um þrjú prósent af heimilissorpi, að því er fram kemur í tilkynningunni, og alls nást um 60 prósent af öllum málmum úr sorpinu með þessari nýju aðferð.

Um átta til tíu tonn af járni og um eitt tonn af öðrum málmum er flokkað frá með þessum hætti á viku. Afraksturinn er svo sendur úr landi, aðallega til Bretlands og Spánar, til endurvinnslu.

Úr málminum er svo framleidd ýmis vara, svo sem grill og garðhúsgögn og þar fram eftir götunum. - þj



SJÁLFVIRKT Ásmundur Jónsson, verkstjóri í móttökustöð Sorpu, sést hér með hluti sem nýi búnaðurinn flokkaði frá almenna sorpinu. MYND/SORPA

Akranesbær veitir fé:

Fjórtán milljónir í nýsköpun

AKRANES Akranesbær mun leggja fjórtán milljónir króna í nýsköpun, atvinnu- og ferðamál í bænum á næsta ári. Þetta samþykkti bæjarstjórnin á fundi fyrir helgi.

Bæjarráði var falið að vinna að nánari útfærslu á hugmyndum og leggja tillögur um ráðstöfun á peningunum fyrir bæjarstjórn. Þá mun atvinnuálagnefnd og stjórn Akranesstofu verða falið að leggja fyrir bæjarstjórn greinargerðir um störf verkefnastjóra í atvinnuálagum og ferðamálum. - þeb

Réðist á mann inni á heimili:
Átta mánuði inni eftir árás

DÓMSMÁL Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir að ráðast á annan mann og stórslasa hann.

Árásarmaðurinn kom á heimili mannsins og krafðist launa sem hann taldi sig eiga inni hjá fyrirtæki sem fórnarlambið stýrði. Þegar fjármunir voru ekki reiddir fram sló hann manninn í andlitið þannig að hann hlaut skurð ofan við augabrún, brot á kinnbeini og augntóft, auk fleiri áverka.

Fórnarlambið hafði verið undir hendi geðlæknis vegna geðraskana, sem versnuðu um allan helming við árásina. Árásarmaðurinn, sem á langan sakaferil, var dæmdur til að greiða fórnarlambinu 600 þúsund krónur. - jss

Dæmdur í 30 daga fangelsi:

Stöðvaður með þýfi við útidyr

DÓMSMÁL Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, einkum fyrir að stela úr verslunum.

Maðurinn hafði þann háttinn á að setja vörur í poka í verslunum og ganga út án þess að borga. Þá var hann dæmdur fyrir að brjótast inn í bifreið, í félagi við óþekktan mann, og stela úr henni radarvara. Maðurinn hefur játað. - jss

Dómstólar herða refsingar

Breyttar áherslur dómstóla og ákærvalds eru taldar meginforsenda þess að barnaníðingar eru yfirleitt dæmdir í óskilorðsbundið fangelsi. Einn sat í fangelsi 2001 fyrir barnaníð en í fyrra voru þeir 21.

DÓMSMÁL Ákærvaldið í landinu er farið að krefjast harðari refsinga yfir kynferðisbrotamönnum og dómstólar farnir að herða þær. Umræðan í samfélaginu frá almenningi, stjórnmalamönnum, grasrótarsamtökum og þolendum kynferðisbrota er farin að skila árangri í þyngru dómum. Þetta er mat Helga Gunnlaugssonar, afbrotafreðings við Háskóla Íslands.



PÁLL WINKEL



HELGI GUNNLAUGSSON

Mikil aukning hefur orðið í óskilorðsbundnum dómum yfir brotamönnum sem hafa niðst kynferðislega á börnum, en 21 einstaklingur sat í fangelsi í fyrra fyrir barnaníð. Árið 2001 sat einn inni og það sem af er ári hafa fjórtán setið í fangelsi fyrir slík brot. Hafa þeir í huga að fjöldi barnaníðinga sem sitja inni safnast upp og því var talan svo há í fyrra.

Að mati Helga hefur aukin umræða gert það að verkum að fólk er óhræddara við að kæra kynferðisbrot og því fá lögreglan fleiri kærur inn á borð til sín. Umburðarlyndið fyrir brotum minnkar með hverju árinu og því má segja að þau séu meira uppi á yfirborðinu og rannsóknaraðilar taki þeim alvarlegar en áður.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, segir marga samverkandi þætti ástæður fjölgunarinnar. Hann



BAK VIÐ LÁS OG SLÁ Tuttugu og einn barnaníðingur sat í fangelsi á síðasta ári og hefur óskilorðsbundnum dómum fyrir slík brot fjölgað mikið á síðustu tíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

nefnir þar að rannsóknaraðferðir lögreglunnar hafi batnað, Barnahús var stofnað, samvinna Barnaverndarstofu og lögreglu jókst sem og aukin menntun í geiranum almennt.

„Þá kannski síðast en ekki síst stofnun kynferðisbrotadeildar lögreglunnar sem var sett á laggirnar árið 2007,“ segir Björgvin og bætir við að ákærvaldið hafi einnig stigið ákved-ið skref í sömu átt og fyrrgreindar stofnanir.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir brýnt að bregðast við þessari fjölgun því þeir fangar sem brjóta gegn börnum kyn-

ferðislega eru „lægst settir“ innan fangasamfélagsins.

„Það er skylda okkar að bjóða þeim sem bestar aðstæður, líkt og öðrum,“ segir Páll.

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun hafa þó ekki orðið miklar sveiflur síðan árið 2001, að undanskildum árunum 2009 og 2010, í fjölda dóma innan hvers árs þar sem dómþoli hefur verið dæmdur annars vegar í óskilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn börnum og hins vegar í skilorðsbundna refsingu. sunna@frettabladid.is

Þú kemst í samband við jólaandann

Frábær tilboð á snjöllum sínum



59.990 kr. staðgreitt
eða 4.999 kr. á mánuði í 12 mánuði
Fjölskyldu ALIAS fylgir*

Samsung Galaxy W



39.990 kr. staðgreitt
eða 3.333 kr. á mánuði í 12 mánuði
Fjölskyldu ALIAS fylgir* og
2.000 kr. inneign á Tónlist.is

LG Optimus Hub

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is

NÝ SENDING KOMIN

ARMANI ER EINSTÖK JÓLAGJÖF



Armani
D&G
Stenströms
Baldessarini
Schumacher
Marc Cain Sport
Cambio
Rocco P
Paco Gil
Paolo da Ponte

sævar karl.
reykjavík



ARMANI
COLLEZIONI

Ný sending frá Armani fyrir dömur og herra. Vertu velkomin/n í verslun okkar á Hverfisgötu 6. Við tökum vel á móti þér. Opið alla daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 17.

Sími 551 3470 |  Sævar karl



Tilboð
kr. 3.299
kr. 3.999

1.

Tilboð
kr. 3.299
kr. 3.999

2.

Tilboð
kr. 3.299
kr. 3.999

3.

Besta íslenska barnabókin



Tilboð
kr. 3.299
kr. 3.999

1.

Tilboð
kr. 3.299
kr. 3.999

2.

Tilboð
kr. 2.799
kr. 2.999

3.

Besta þýdda barnabókin



Tilboð
kr. 19.999
kr. 22.999

1.

Tilboð
kr. 12.499
kr. 14.899

2.

Tilboð
kr. 5.399
kr. 6.499

3.

Besta hand- og fræðibókin



Tilboð
kr. 3.999
kr. 4.999

1.

Tilboð
kr. 1.999
kr. 2.299

2.

Tilboð
kr. 1.999
kr. 2.299

3.

Besta ljóðabókin



1.-2.



1.-2.



3.

Besta íslenska skáldsagan



1.



2.



3.

Besta þýdda skáldsagan



1.



2.



3.

Besta ævisagan

Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana 2011

Alltaf pláss fyrir góða bók.



Eymundsson.is



MYNDASYRPA: Jólaskemmtun Félags Litháa á Íslandi



SÝNDU LEIKRIT Litháisku börnin sýndu litháískt leikrit um Froskadrottninguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



SÝNDU DANS Alans og Katrín hafa lært að dansa og sýndu listir sínar á skemmtuninni. Þau dönsuðu saman þrjá dansa fyrir gestina.

Jólaskemmtun Litháa á Íslandi

Félag Litháa á Íslandi hélt árlega jólaskemmtun sína í fjórða skiptið í Ártúnsskóla um helgina. Jólaskemmtunin var með litháisku þema og því mætti litháíski jólasveinninn og dansaði með börnunum í kringum jólatréð og gaf þeim gjafir. Börnin sýndu Sveinka litháískt ævintýri um Froskadrottninguna og dýrin í mýrinni. Haraldur Guðjónsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fangaði stemninguna.



SEGIR SÖGUR Sveinki sagði börnunum sögur af því hvernig ferðin til byggða gekk. Börnin hlustuðu spennt á sögnar áður en þau dönsuðu með honum í kringum tréð og sungu. Í Litháen er jólasveinninn kallaður Faðir jólanna eða Afí Frost.



FJÖR Það voru allir í góðu skapi á jólaskemmtuninni því jólasveinninn mætti og gaf öllum þægum börnum gjafir.



SVENKI LEITAR AÐ GJÖFUM Öll börnin fengu gjöf frá jólasveininum sem spjallaði örlítið við börnin og dansaði með þeim í kringum jólatréð.



STÁLU JÓLASVEININUM Refurinn og úlfurinn stálu jólasveininum þegar hann stoppaði og athugaði hvort hann væri ekki með allar gjafirnar handa öllum börnunum. Rebbi og vinur hans úlfurinn ætluðu að borða hann í leikritinu sem litháíski leikhópurinn Gija sýndi en hin dýrin í skóginum komu jólasveininum til bjargar.

Jólagjafir í útivistina

fyrir kayakræðarann, sjósundskappann og í fjallamenskuna.



Sjókajakar
á Íslandi

kr. 3.500



Vatnsheld
myndavéla
taska

kr. 3.900



Vatnsheld
mittistaska

kr. 6.650



C Mat
þurrpoki
og motta

kr. 4.900



Kayakhnifur,
hægt að
festa á hvolfi

kr. 7.900



Sólgleraugu
með
festingu

kr. 5.700



Keypod
lásabox til að
geyma lyklna
við bílinn

kr. 4.900



Vatnsheld
MP3/Ipod
símahulstur
m/jack tengi

kr. 4.400



Vatnsheld
heyrnatól

kr. 2.490



Legghlífar

kr. 7.720



Mann-
broddar

kr. 16.680



Fjalla &
klifurhjálmur
m/höfuðljósa-
festingu

kr. 10.850



Göngubelti

kr. 7.720

Lumex
höfuðljós
85lm

kr. 8.490



Lumex
Pro höfuðljós
185lm
16 klst. rafhl.end.

kr. 14.430



Gönguöxi

kr. 14.900

Sjósunds
skór m/sóla

kr. 7.900



Sjósunds
hetta

kr. 5.900



Sjósunds
hanskar

kr. 5.900



400lm

Vatnsheld
kafaraljós
14 klst.
rafhl.ending

kr. 32.630



185lm

Vatnsheld
vasaljós
32 klst.
rafhl.ending

kr. 11.125



SealSkinz
hanskar og
sokkar
verð frá..

kr. 6.490

Vatnsheldar ullarvörur
sem slegið
hafa í gegn.



SealSkinz

Einstaklega góðir sokkar, hvort heldur sem er á jafnsléttu, í fjallgöngu eða bara við vinnu. Membrane (vatnsvörn) tryggir frábæra öndun á meðan SealSkinz-sokkarnir eru fullkomlega vatnsheldir og jafnframt hlýir. Vatnsheldir og hlýir hanskar frá SealSkinz, fóðraðir með Merino ull til að fyrirbyggja kulda og auka þægindi. Einstaklega þægilegir hanskar sem hafa gott grip í mikilli bleytu.

G&G

Gúmmibátar
& Gallar

Sjósport

Súðavogi 42 • 571 1020 • www.sjosport.is

Opið alla daga frá kl. 12 - 18. Þorláksmessu frá kl. 10 - 22

Áhugaverðar niðurstöður í könnun MMR:

Glatað tækifæri vinstri stjórna

Kannanir Markaðs- og miðlarannsóknna (MMR) á því hvaða stjórnálflokki fólk treysti best til að hafa forystu í tilteknum málaflokkum gefa áhugaverðar vísendingar um þróun hins pólitíska landslags, umfram einfaldar fylgismælingar.

Fréttablaðið sagði um helgina frá einni slíkri, þeirri fjórðu sem gerð er eftir hrun. Hún sýnir ekki miklar breytingar frá því í fyrra, en staðfestir einmitt að sú mikla vinstribylgja sem bar núverandi stjórnarflokka inn í stjórnarráðið snemma árs 2009 hefur að mestu leyti fjarast út.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Þannig hefur fylgi stjórnarflokka minnkað úr 51,5% í síðustu kosningum og mælist nú aðeins um 31,1% samanlagt, sem myndi skila þeim um þriðjungi þingsæta. Í apríl 2009,

þegar forystumenn ríkisstjórnarinnar töluðu um hugmyndafræðileg þáttaskil í landinu og kenndu stefnu Sjálfstæðisflokksins um allt sem miður hafði farið í hruninu, mældist stuðningur við stjórnarflokkana raunar enn meiri, eða tæplega 60%.

Þá sagðist einnig meirihluti aðspurðra treysta öðrum hvorum stjórnarflokknum best til að fara með alla málaflokkana þrettán sem spurt var um. Strax í fyrra hafði þetta breytzt og myndin er nú áfram svipuð; flestir segjast treysta Vinstri grænum til að sinna umhverfismálum og rannsókn á bankahruninu, en í öllum öðrum málaflokkum hefur Sjálfstæðisflokkurinn tekið forystuna.

Það er ekki sízt í efnahagsmálunum sem traust á stjórnarflokkunum hefur hrúnið. Fleiri segjast nú treysta Sjálfstæðisflokknum en fylgi hans segir til um í málaflokkum tengdum efnahagsmálum, atvinnu- og skattamálum. Athyglisvert er að ein mesta breytingin frá því í fyrra snýr að nýtingu náttúruauðlinda. Þar hefur þeim fækkað verulega, sem treysta VG best, en að sama skapi fjölga þeim sem leggja traust sitt á Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokkinn. Þetta endurspeglar afstöðu almennings til deilna bæði innan ríkisstjórnarinnar og milli stjórna og stjórnarandstöðu um nýtingu fiskimiða og orkulinda og erlendar fjárfestingar. Þar nýtur stefna VG minnkandi vinsælda.

Niðurstöður könnunar MMR staðfesta að vinstri flokkarnir hafa gloprað úr höndum sér því mikla tækifæri sem þeir fengu þegar þeir mynduðu fyrstu hreinræktuðu vinstri stjórn Íslands sögunnar. Og sýna að sama skapi fram á að Sjálfstæðisflokkurinn á aftur færi á að ná forystu í íslenskum stjórnálflokki.

Það sem könnunin nær þó ekki utan um er hinn stóri hópur sem er kominn með ógeð á öllum gömlu stjórnálflokkunum og er mjög óviss hvað hann muni kjósa. Sá hópur er stór, eins og sést á að því að aðeins um 60% svarenda tóku afstöðu til spurninganna í könnuninni að meðaltali. Enn er sá möguleiki fyrir hendi að nýtt eða ný framboð, sem setja fram skýra stefnuskrá, umblyti á ný því fremur gamalkunnuga pólitíska landslagi, sem birtist í þessum könnunum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hvers vegna ekki fyrr?

Bjarni Benediktsson lagði fram tillögu á þingi um að afturkalla ákæru á Geir H. Haarde. Býsna mikilvæg tillaga sem snýr að uppgjöri við hrúnið, afturköllun landsdóm og ákæru Alþingis. Sem sagt ekki daglegt brauð hér á ferð. Það var því lítið undrunarefni að Bjarni vildi fá tillöguna á dagskrá og að hún yrði rædd í þaula. Þess vegna vekur það nokkra furðu að hann skuli setja hana fram svo að segja á síðasta degi þingsins. Ef tillagan var svona bráðnauðsynleg og þurfti mikla umræðu, hvi lagði hann hana þá einfaldlega ekki fram mun fyrr?

Helvítis höfuðborgin

Kristján L. Möller, fyrverandi ráðherra samgöngumála, ætla ekki að styðja samgönguáætlun eftirmanns síns. Ástæðan er einföld; of mikið fé fer í höfuðborgarsvæðið að hans mati og of lítið í landsbyggðina. Nú væri gaman að skoða tölur um samgönguframkvæmdir síðustu ára. Án þess að hafa lagst í ýtarlegar rannsóknir virðist manni sem ekki halli of mikið á þann litla blett sem er heimili helmings þjóðarinnar. Nema síður sé.

Pumalskrúfan

Kristján er þingmaður Samfylkingarinnar í Norðaustur-

kjördæmi og hann mun ekki styðja áætlun sem gerir ekki ráð fyrir Norðfjarðargöngum í bráð. Það er alvörumál að neita að styðja frumvarp stjórnar sem hefur aðeins eins manns meirihluta. Líklega munu æ fleiri svona dæmi koma upp, þar sem þingmenn nýta sér veika stöðu stjórnarinnar til að ýta fram sínum hagsmunamálum. Þeir munu allir sem einn neita að um kjördæmapot sé að ræða, en það er merkileg tilviljun að alltaf virðast þingmenn tilbúnir til að láta brjóta á málum í eigin kjördæmi, en ekki öðrum. Pumalskrúfan mun herðast að ríkisstjórninni.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFASTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Original Arctic Root

20% afsláttur*

í Lyfjum & heilsu

- eflir einbeitingu, úthald og þrek
- vinnur gegn streitu og álagi
- talin hjálpa gegn depurð og þrófkviða



Náttúrulegur orkugjafi

*gildir frá 1. - 15. desember

Lyf & heilsa
við hústun!

Væntur lífeyrir og lánakjör

Fjármál



Mær Wolfgang Mixa
fjármálafræðingur

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona skrifar grein í Fréttablaðinu þar sem hún spyr hversu raunsætt það sé að byggja lífeyriskerfi á ávöxtun upp á 3,5%, sem er viðmið lágmarks árlegrar raunávöxtunar lífeyrissjóða. Þetta viðmið var hugsanlega ekki fráleitt þegar lögin voru sett árið 1997 því að árlegur hagvöxtur hafði þá að meðaltali aukist síðustu 30 ár (1966 til 1995) um 3,5% og raunar 4% síðustu 50 ár. Hagvöxtur hefur hins vegar ekki verið nálægt þessum forsendum lengi. Þetta meðaltal síðustu þrjú áratugi hefur verið um 2,5% og miðað við nýjustu tölur Hagstofunnar er það meðaltal stöðugt að lækka.

Þessi þróun endurspeglar að stórum hluta í ávöxtunarkröfum ríkisskuldabréfa. Þegar lögin voru samþykkt 1997 var ávöxtunarkrafa verðtryggðra húsbrefta (sem nú eru íbúðabréf) í kringum 5-6% en hafði verið töluvert hærri árin áður. Meðalvextir íbúðabréfa eru í dag samkvæmt Lánamála- um ríkisins aðeins um 2,5%. Svipuð þróun hefur átt sér stað á verðtryggðum ríkis-

skuldabréfum í Bandaríkjunum, þar sem ávöxtunarkrafa hefur síðustu ár farið úr 4% niður í jafnvel neikvæða raunávöxtun samhliða minni hagvexti. Möguleikar íslenskra lífeyrissjóða til að ná umræddri ávöxtun eru því takmarkaðir. Hér skipta meðaltalstölur ávöxtunar litlu máli – það sem mestu máli skiptir er vænt ávöxtun í upphafi fjárfestingar.

Þetta viðmið heldur líka vöxtum húsnæðislána óeðlilega háum. Lækkun stýrivaxta hefur hingað til vart haft áhrif á raunvexti húsnæðislána í landinu. Þar sem lífeyrissjóðum er lögum samkvæmt skylt að ávaxta sitt fé með 3,5% ávöxtunarviðmiði hafa þeir ekki rými til að aðlaga kjör lána til sjóðsfélaga sinna í takti við ávöxtunarkröfu íbúðabréfa, sem hefur sögulega borið í kringum 0,5% álag. Ef slík lán væru í takti við lækkun ávöxtunarkröfu íbúðabréfa væru raunvextir húsnæðislána um 1% lægri. Afnáam slíks vaxtagólf myndi því lækka árlega vaxta- byrði fjölskyldu með 30 milljóna króna húsnæðislán um 300.000 krónur, skattfrjálst.

Jólin koma

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Hinn sanni andi jólananna: Það hvarflar stundum að manni að það sé ekki ást og friður á jörðu milli manna og ekki heldur ljósið í augum barnanna, ekki heldur sjálft Jesúbarnið og hvernig það minnir okkur á undrið mikla sem sérhvert nýkviknað líf er ævinlega – og ekki einu sinni að kaupa, jafn kært og það er nú þessari vesalings kaupærðu þjóð að standa í slíku. Hinn sanni andi jólananna hér á landi snýst um dugnað og vinnusemi. Að vera að frá morgni til kvölds. Að „vera búinn að öllu“ – helst á undan öllum öðrum – vera fyrstur í mark í jólakapphlaupinu.

Til er fólk sem kaupir jólagjafirnar í ágúst, pakkar þeim inn í september, kaupir jólatréð í október, bakar sortirnar sautján í nóvember, setur upp allar seríur og skreytir jólatréð 1. desember ... Mér kæmi ekki á óvart þó að ég heyrði um fólk sem héldi aðfangadagskvöld snemma í desember – bara til að vera „búið að öllu“.

Stingum af

Það er gott að fólk geti brugðist við myrkri og kulda með eljusemi við að vekja ljós og yl en það er samt engin ein rétt hegðun til í desember, þetta þarf ekkert að vera svona, þetta hentar ekki öllum þrátt fyrir ríkjandi samfélagslega kröfu um óbilandi jóladugnað. Því að sé einhver tími vel til þess fallinn að vera latur þá er það myrkasta skammdegið. Maður ætti að kúra í kör sinni í desember, liggja og lesa, kveikja á kertum, hlusta á Bach, hreyfa sig hægt ... Maula á kökum, drekka te en ekki mikið áfengi og alls ekki þennan bólfótans jólabjör sem fjölmiðlar eru daglega að telja okkur trú um að seljist svo mikið og sé svo vinsæll ... Leyfa rykinu að vaxa

inni í skáp og á hillum en yrkja órímuð ljóð um lífið og mennina, mála drungalegar myndir, gutla á falskan gítar og syngja Leonard Cohen, horfa á Fanny og Alexander, fara í langar gönguferðir til að heyra fótatakið marra í snjónum, sitja með hendur í skauti og finna sér fótfestu og stað í myrkrinu í stað þess að streitast við að berjast gegn því, fara upp á háalof og skoða gamla sólstóla og fletta gömlum fjölskyldubúnum og grufu í því af hverju hann Óskar frændi hafi verið svona eins og hann var... hugsa um Guð og engan Guð, líta til fugla himinsins, velta fyrir sér Jörðinni og hvað megi verða henni til bjargar, faðma tré ... Safna skeggi, setja á sig ilmvatn, fá sér hund. Læra að prjóna. Engin iðja á betur við skammdegið en að sitja

Jólin koma

Það er engin ein rétt leið til að halda jól. Það þarf ekki hver sokkur á heimilinu að vera paraður við sinn systursokk. eru óhrein fót í hrúgu? Hendið yfir þau rúmteppi. Er drasl? Slökkvið ljósin en kveikið á lítilli seríu og það hverfur. Maður má ekki leggja slíka ofuráherslu á að vera búinn að öllu fyrir jól að að maður sé búinn á öllu þegar þau koma.

Því að þau koma. Klukkan sex, þegar klukkurnar hringja í útvarpinu, koma jólin og þá gerist oft eitthvað sérstakt. Það er sjálft undrið. Undarleg kyrrð breiðist þá yfir tilveruna, hvernig sem annars kann að vera ástatt hjá og fólki. Hvernig sem jólahaldi okkar er háttað og hvernig sem átrúnaði okkar er háttað – hvort sem við trúum á fæðingu Frelsarans á þessari



Hún er svo sterk og þrálát krafan um dugnað og vinnusemi á aðventunni – og alla þessa yfirdrifnu kæti.

og prjóna og hlusta á einhvern lesa upp úr bókinni Hrakningar og heiðarvegir eða Hvarf séra Odds á Miklabæ eftir Einar Ben. Dreyma dagdrauma um að vera forseti eða annað góðmenni. Geispa. ...Vera angurvær og sein til svars. Brosa hægt og dauflega og bara að einhverju fyndnu.

Allt þetta má alveg líka. Hún er svo sterk og þrálát krafan um dugnað og vinnusemi á aðventunni – og alla þessa yfirdrifnu kæti. Verum endilega glöð en þurfum við að vera svona ofboðslega glöð? Svona yfirvættis hress? Þegar maður kveikir á útvarpi dynja á manni auglýsingar og jólalög sem vinna saman að því að magna upp kröfu um maniska vinnusemi og glaðværð sem hjá viðkvæmu fólki getur endað illa. Lögín hljóma eins og fyrirskipanir um tilhlökkun, auglýsingarnar keyra þig áfram eins og svipa.

Og á meðan heldur bara áfram að dimma.

stundu – og frelsun manna – eða látum duga að fagna því undri sem rísandi sól er með vissu um að náttúran vaknar á ný og við verðum líka frjáls einn góðan veðurdag – þá fylgir sjálfum jóluþunum djúp og hljóðlát gleði. Það er gleðin yfir lífinu, gleðin yfir því að vera til – gleðin yfir vitundinni um það að vera til. Og tilheyra. Það getur staðið ýmislega á og hjá sumum er allt í voða á jóluþunum; áfengissjúklingar og aðstandendur áfengissjúklinga eiga sérstaklega erfitt á þessari stundu þegar allt á að vera rétt og fullkomið en er það svo átakanlega ekki. En jólin koma nú samt. Þau koma með sinn boðskap: að lífið sigri dauðann, ljósið sigri myrkrið og bráðum komi birtan. Rússnesk-bandaríski höfundurinn Vladimir Nabokov orðaði þennan boðskap í fyrirlestri sem hann flutti um samlanda sinn og koll-ega, Anton Tsékov; hann segir að verk Tsékov séu vitnisburður um lögmálið sem þrátt fyrir allt ríki í lífinu hér á Jörðu: Survival of the Weakest – sá veikasti lifir af.

Vernd fæðingarorlofslaga ofmetin

Fæðingarorlofslög

Lára V. Júlíusdóttir
hæstaréttarlögmaður



Full ástæða er til að vekja athygli launafólks á nýlegri dómaframkvæmd í fæðingarorlofsmálum. Eins og kunnugt er gilda hér á landi lög um fæðingar- og foreldraorlof sem sögð eru einhver þau framsæknustu sem um getur og oft er hampað þegar rætt er um hversu langt við Íslendingar höfum náð í fjölskylduvæðingu vinnumarkaðarins. Lögín eru líka tekin sem dæmi um jafnrétti kvenna og karla og henta því ágætlega þegar benda þarf á hvað lögjafinn hefur gert vel við konur á umliðnum árum.

Það veldur því vonbrigðum þegar tekist er á um túlkun laganna fyrir dómi hversu erfitt starfsmenn á vinnuarkaði eiga með að fá rétt sinn viðurkenndan og hversu þungt sjónarmið atvinnurekandans vega, hvort sem er hins almenna atvinnurekanda eða ríkisins. Lögín eru þannig matskennd og opin fyrir túlkun.

Samkvæmt fæðingar- og foreldraorlofslögum er vinnuveitanda óheimilt að segja þunguðum starfsmanni upp nema gildar

ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sönnunarbyrði fyrir því að gildar ástæður hafi legið til grundvallar uppsögninni er lögð á vinnuveitandann. Takmarkaðar skýringar er að finna í lögskýringargögnum á því hvað teljast vera gildar ástæður.

Nýlegur dómur í Hæstarétti skal hér gerður að umtalsefni. Í málinu var um það deilt hvort atvinnurekandi, sem var opinber stofnun á heilbrigðisviði, gæti sagt upp þungaðri konu sem var almennur lækni til að ráða í hennar starf annan lækni sem hefði tiltekin sérfræðiréttindi. Konan hafði verið í starfi hjá stofnuninni í nokkur ár, fyrst lausráðin og síðan fastráðin. Þegar hún var upphaflega fengin til starfa hafði staðið til að ráða lækni með sérfræðiréttindi á tilteknu sviði sem stofnunin starfaði á en slíkur lækni hafði ekki fengið. Hjá stofnuninni störfuðu að jafnaði 7-8 læknar, þar af þrjú með þessa tilteknu sérgrein, og hafði staðið til að bæta við þeim fjórða. Var konunni tilkynnt að þegar slíkur sérfræðingur fengist yrði henni sagt upp starfi. Þegar sérfræðingur loks fékkst stóð þannig á að konan var þá orðin barnshafandi. Henni var þrátt fyrir það sent uppsagnarbréf þar sem greint var frá því að nú hefði fengist sérfræðingur. Hún gerði fyrst kröfu til þess að fá að vinna fram að áætlunum

fæðingardegri barnsins en því var hafnað. Hún var síðan látin hætta tveimur mánuðum áður en hún átti að fara í fæðingarorlof. Þá höfðaði konan mál og krafðist skaðabóta vegna ólögmætrar uppsagnar. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að þar sem konunni hefði verið gert ljóst að ef sérfræðingur á þessu tiltekna sviði fengist yrði henni sagt upp starfi, þá hefði atvinnurekandi haft gildar ástæður fyrir uppsögn. Þessi niðurstaða var síðan staðfest í Hæstarétti. Upplýsingar atvinnurekanda til starfsmannsins um þetta atriði voru m.ö.ó. látnar vega þyngra en vernd fæðingarorlofslaga gegn uppsögn starfsmanna. Skipti þá engu máli þótt konan hefði starfað hjá stofnuninni í tæp þrjú ár og verið fastráðin nokkrum mánuðum áður. Sá rökstuðningur var talinn vera nægur að von væri á sérfræðingi til starfa.

Framangreint dæmi sýnir hversu litla vernd fæðingarorlofslögín veita þegar á reynir. Þótt ákvæði sem þetta skipti alltaf máli er það aldrei mikilvægara en þegar samdráttur verður á vinnuarkaði. Ég skora á lögjafann að sjá til þess að ákvæði 30. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof verði breytt þannig að það veiti ekki falskar vonir og veiti atvinnurekendum ekki þá svigrúm að senda fólk heim bótalaut þegar mest riður á í lífinu.



VATNAFÓLKID ★ REGÍNA ★ MEDALÍA



HÁLSMEN ★ VISKA

UMVAFIN TRÚ

EMBRACING FAITH



ARMBAND ★ VON

Söluaðilar skartgripa:

Gullsmíðaverslun Hjálmars Torfasonar, Laugavegi 71

Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7, Reykjavík

Saga Shop

Epal Design, Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Dýrfinna Torfadóttir, gullsmíður, Akranesi

Gullsmíðir S&P, Akureyri

Hótel:

Hilton Reykjavík Nordica

Reykjavík Natura Icelandair Hotels

Radison Blu Saga Hotel

BRYNJA

Hluti af ágóða rennur til Amnesty International

Umvafin Trú® Embracing Faith® © 2011 Brynja Sverrisdóttir
Ljósmyndir: Brian Griffin

EMBRACING FAITH by BRYNJA SVERRISDÓTTIR

SHARP

GÆÐIN LEYNA SÉR EKKI



SHARP

Quattron

SHARP hefur þróað nýja skjátækni Quattron og hefur hlotið hin eftirsóttu EISA verðlaun fyrir.

4 líta Quattron skjátækni bætir nýrri vídd og dýpt í lítaflórana og skilar einstökum myndgæðum.

SHARP • LC40/46/52 LE831 • LED • 3D SJÓNVARP

Skjástærð 40" og 46" • 200Hz • Full-HD Quattron skjár (1920x1080) • Prívíddartæki, DVB-T, DVB-C, MPEG2/MPEG4 • 4xHDMI, 1xScart, AV inn, Component, VGA, WLAN, LAN, USB

Verð: 40"- 269.900 kr. / 46"- 339.900 kr. / 52"- 459.900 kr.

SHARP



SHARP • LC40LE530 • LED SJÓNVARP

Skjástærð 40" • 100Hz • Full HD skjár (1920x1080) • DVB-T, DVB-C • 2xHDMI, 2x scart, AV inn, Component, VGA, USB

Verð: 179.900 kr.

SHARP HLJÓMTÆKI



SHARP • XLHF151PH
Útvarp • Geislaspilari • I-pod vaggja
• 2x15W magnari • USB afspilun

Verð kr. 49.900,-



SHARP • XLHF200PH
Útvarp • Geislaspilari • i-Pod vaggja
• 2x50W magnari • USB afspilun

Verð kr. 69.900,-
Tilboðsverð: 59.900,-



CELESTRON
TRAVELSCOPE 70
STJÖRNUSJÓNAUKI
Verð: 16.900,-



CELESTRON
UP-CLOSE • SJÓNAUKI • 8X21
Verð: 3.990,-



CELESTRON
44320
VÖNDUÐ SMÁSJÁ MED
INNBYGGÐRI
STAFFRÆNNI
MYNDAVÉL
Verð: 19.900,-
Tilboðsverð: 16.900,-



SCOTT • B5BL • FERÐATÆKI
Verð: 9.900,-



SCOTT • B10RD • FERÐATÆKI
Verð: 12.900,-



**SCOTT • CX48
ÚTVARPSVEKJARI**
Verð: 3.590,-



OPÍÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

OPÍÐ:
• Í VIKUNNI frá kl. 10-21
• Aðfangadag frá kl. 10-12

ORMSSON

SAMSUNG

"BEST BUY TV"



SAMSUNG • UE40D6575
• LED • 3D SMART TV

**SAMSUNG • SJÓNVÖRP
6500 LÍNAN**

Stærðir:
32" • 37" • 40" • 46" • 55" • 60"



SAMSUNG

SAMSUNG



8,9" • SPJALDTÖLVA • WI-FI • 3G
Verð: 119.900,-

10,1" • SPJALDTÖLVA • WI-FI
Verð: 109.900,-

SAMSUNG



SAMSUNG • BD-D5100
BLU RAY SPILARI
JÓLATILBOÐ: 25.900,-



SAMSUNG

SAMSUNG • UE40D5005PW
40" & 46" LED SJÓNVARP

Clear Motion Rate: 100 Hz • 1920 x 1080 Full HD • Allshare (DLNA) Getur tengst þráðlaust við gema, myndavélar og tölvur • USB Movie (Stuðningur við alla helstu codeca t.d MKV, DIVX HD) • 4 HDMI tengi, 1 scart, 2 USB, Component, Composite, VGA o.fl.
40" • Verð: 199.900,- kr • Tilboð: 179.900,-
46" • Verð: 289.900,- kr • Tilboð: 259.900,-

Pioneer



PIONEER • DV-2022 • DVD SPILARI
JÓLATILBOÐ: 12.900,-

Pioneer



PIONEER • VSX-520 • MAGNARI
Verð: 79.900,-

OLYMPUS



OLYMPUS • TG-310
Verð: 31.900 kr.

OLYMPUS



OLYMPUS • VG-110
Verð: 14.900 kr.

OLYMPUS



OLYMPUS • E-PL1 • 14-42mm
TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr

Nintendo

SNERPA • SPENNA • SNILLD

MAGNAÐ LEIKJAÚRVAL!

ENDALOUS ÆVINTÝRI

NINTENDO 3DS

**NINTENDO 3DS Á SÉR ENGA
HLIÐSTÆÐU Í HEIMI
LEIKJATÖLVA**



Upplifðu að spila tölvuleiki í
PRÍVÍDD án þess að nota
prívíddargleraugu.
Hægt að tengjast þráðlaust á
Internetið, spila þráðlaust við
aðrar Nintendo DS leikjatölvur,
taka ljósmyndir í 3 vídd og
margt, margt fleira.

NINTENDO 3DS
Verð kr. 39.900,-



Kr. 33.900,-

Wii LEIKJATÖLVAN
SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
NÝ UPPLIFUN! SKÓRKOSTLEG SKEMMTUN
FYRIR ALLA ALDURSHÓPA!

Lágmúla 8 • Reykjavík • Sími 530 2800
Verðslanir og umboðsmenn um land allt

Uppvaxtarskilyrði vaxtarbroddsins

Ferða-
þjónusta

Björn S.
Lárusson
viðskipta-
fræðingur



aðinn í stað þess að beina því að ákveðnum markhópum. Svo þökkuðu menn sér fyrir „árangurinn“ og verðlaunuðu sjálfa sig. Átakið var pólitísk ákvörðun og tilraun til að skreyta sig með stolnum fjöðrum.

Það nýjasta sem gripið er til við að draga úr vaxtarskilyrðum í atvinnugreininni er að leggja 100 kr. skatt á gístieiningu. Með því innheimtir tjaldstæði sem selur gístieininguna á 1.000 kall, 10% skatt en lúxushótelid selur hana á 30.000 innheimtir 0,3% skatt. Það er kannski vert að geta þess að ferðaþjónusta er eina útflutningsatvinnugreinin sem er gert að innheimta VSK. Engin atvinnugrein býr við viðlíka takmarkanir við stofnun og rekstur fyrirtækja fyrir utan allt skatta- og leyfisfarganid sem sem t.d. eigendur veitingahúsa búa við.

Rannsóknir og athuganir í ferðaþjónustu hafa nánast eingöngu beinst að því að skoða hve margir fara inn og út úr landinu og fjölguninni slegid upp sem markmiði í sjálfu sér. Um það hvert þeir fara, hvað þeir gera eða í hvað þeir eyða er allt of lítið vitað. Þar sem skilgrein-

Á háttíðis- og tyllidögum tala framámenn um ferðaþjónustu sem „vaxtarbrodd atvinnulífsins“ og hafa raunar gert það allt frá því að ég fór fyrst að vinna við ferðamál fyrir 30 árum. Þessi vaxtarbroddur hefur verið ákaflega renglulegur allan þennan tíma þrátt fyrir fögur orð og fyrirheit. Uppvaxtarskilyrðin hafa verið skipulagsleysi, fálmkennd markaðsmál, skattþening og sáralítill arðsemi. Það eina sem forystumenn hins opinbera hafa skreytt sig með er vaxandi fjöldi ferðamanna. Það að telja rollurnar inn í réttina segir ekkert um fallþunga dilkanna sem, að því að virðist, eru við það að falla úr hor. Atvinnugreinin hefur sjálf reynt að beina sjónum að vandanum án þess að fá teljandi áheyrn.

Það er kannski vert að geta þess að ferðaþjónusta er eina útflutningsatvinnugreinin sem er gert að innheimta VSK.

Afskipti hins opinbera af ferðamálum hafa alltaf borið keim af hagsmunabaráttu og of oft af ófagmannlegum vinnubrögðum. Nú eru þau á hendi tveggja stofnana, Íslandsstofu (markaðsmál) og Ferðamálastofu (skipulag og eftirlit). Fyrrverandi iðnaðar-ráðherra beit hausinn af skömminni með því að setja ferðamálastjóra sem hafði hvorki unnið við né hafði menntun í ferðamálum. Það var niðurstaðan úr pólitískum hráskinnsleik við að koma öðrum embættismanni að. Bankasýslan hvað?

Við höfum oft verið ákaflega seinheppin í markaðsmálum, hvort heldur er við sölu á vörum eða þjónustu. „Inspired by Iceland“ var enn ein sönnun þess. Menn tóku sig til og gerðu „viðhorfskönnun“ þar sem niðurstaðan var „áætlað hrun“ upp á 30%. Sú hrunspá varð ekki að veruleika heldur örlitil fjölgun ferðamanna. Það að ekki varð hrun eins og „spáð“ hafði verið þökkuðu menn áttakinu sem var eins og að skjóta úr fallbyssu á mark-

ing á atvinnugreininni er villandi hér á landi eða í besta falli á reiki eru allar tölur um fjölda starfsmanna og veltu í atvinnugreininni hreinar getgátur út frá vafasömum forsendum. Til hvaða atvinnugreinar telst bensinstöð, verslun sem selur ull eða sérleyfið til Keflavíkurflugvallar og Keflavíkur?

Nú er talað um takmörkun á þessum „gífurlega fjölda“ ferðamanna á ákveðnum stöðum út frá forsendum náttúruverndar eingöngu. Ferðaþjónustan sjálf byggir á rannsóknunum um þolmörk út frá fjölda og aðdráttarafla en þeim rökum er aldrei haldið fram. Það er þó deginum ljósara að eitt af því sem dregur ferðamenn til Íslands er fámennið og þegar ferðamenn verða of margir dregur úr aðsókn og hún leitar jafnvægis. Sumstaðar gerist það löngu áður en átroðningur á náttúru verður of mikill þannig að hún verði fyrir tjóni.

Það er kominn tími til að einhver segi eitthvað – keisarinn er ekki í neinu.

Staðgöngumæðrun: horfst í augu við staðreyndir

Staðgöngu-
mæðrun

Soffía Fransíska
Rafnsdóttir Hede
talsmaður Staðgöngu



Velferðarnefnd Alþingis samþykkti nýja þingsályktunartilögu um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Tillagan er nokkuð breytt frá fyrri þingi þar sem heilbrigðisnefnd fjallaði um hana og samþykkti með breytingum. Tillagan hefur nú verið samþykkt af tveimur þingnefndum, nú með yfirgnæfandi meirihluta, og er það vísbending um vönduð vinnubrögð beggja nefnda við að skilja staðreyndir frá kenningum og forðum.

Staðganga stuðningsfélag og Tilvera, samtök um ófrjósemi, hafa lagt sitt af mörkum til að stuðla að upplýstri og faglegru umræðu um málefnið. Í þeim tilgangi fengu félögin Karen Busby, lagaprófessor við Manitoba-háskóla í Kanada, til landsins í maí sl. Hún er helsti sérfræðingur í staðgöngumæðrun á Vesturlöndum, en hennar sérsvið eru mannréttindi, jafnrétti og kúgun kvenna. Rannsókn hennar fólst í að finna allar birtar fagrannsóknir um staðgöngumæðrun á Vesturlöndum og bera niðurstöður þeirra saman. Hún bjóst við að finna handfylli rannsókna en þær urðu 40 talsins.

Fullyrðingar um skort á rannsóknum hafa komið fram, m.a. í skýrslu vinnuhóps þáv. heilbrigðisráðherra (jan./júní 2010) sem ýmsir umsagnaradilar styðjast ennþá við í málflutningi sínum, sem og minnihluti velferðarnefndar. Það skýtur skökku við, þar sem skýrslan fjallar að mestu leyti um staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni og í þróunarlöndunum en að mjög litlu leyti um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni á Vesturlöndum eins og er til umræðu hér á landi.

Í skýrslunni segir þó orðrétt um

staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni: „Konurnar geta til dæmis verið vinkonur, systur eða jafnvel mæðgur. Þá er gengið út frá því að allir aðilar sem að málinu koma, séu þátttakendur af fúsum og frjálsum vilja. Ekki er ástæða til að ætla að slíkt hafi neikvæðar afleiðingar.“

Fyrirnefndar rannsóknir fylgdu stant með upplifun staðgöngumæðra. Flestir ef ekki allir rannsakendur töldu sig geta sýnt fram á að staðgöngumæður væru úr lægri stéttum, beittar þrýstingi og jafnvel kúgun, upplifðu mikinn missi við að afhenda barnið forældrum o.s.frv. Þrátt fyrir einbeittan vilja rannsakenda studdi engin af rannsóknunum þessar né aðrar neikvæðar kenningar nema síður sé. Allar niðurstöður eru einróma sammála um ágæti staðgöngumæðrunar á Vesturlöndum og umfram allt almenna ánægju staðgöngumæðra með að hafa tekið hlutverkid að sér.

Það er gleðiefni fyrir vantrúaða að fá það staðfest að konur geta framkvæmt góðverk af heilum hug og vita vel hvers þær eru megnugar. Sá er styrkur og kærleikur kvenna sem ber að fagna. Próffessor Karen Busby er nú dyggur stuðningsmaður staðgöngumæðrunar á Vesturlöndum, en rannsókn hennar ber heitið „Revisiting The Handmaid's Tale: Feminist Theory Meets Empirical Research on Surrogate Mothers“.

Heilbrigðisnefnd lagði fram tillögur að breytingum sem velferðarnefnd tekur undir og sú helsta er aukin áhersla á réttindi og hagsmuni barnsins og staðgöngumóðurinnar og að hún hafi fullan ákvörðunarrétt yfir sínum líkama. Á sömu forsendum álitur heilbrigðisnefnd að það sé hluti af ákvörðunarvaldi íslenskra kvenna yfir eigin líkama að mega vera staðgöngumæður ef þær kjósa svo.

Ýmis siðferðileg álitæfni hafa verið sett fram af siðfræðingum og má þar m.a. nefna að líkama kvenna sé gerður að söluvöru, markaðsvæðingu og að um

mögulegt brot á mannréttindum sé að ræða. Þegar um velgjörð er að ræða er fráleitt að tala um líkama kvenna sem söluvöru og niðrandi. Markaðsvæðing á staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er örökstudd með öllu og má því til stuðnings benda á að í Bretlandi, þar sem búa um 62 milljónir manna, hefur úrræðið verið leift síðan um 1985 en staðgöngufæðingar eru aðeins 60-100 á ári. Svipaða sögu má segja af Hollandi, Nýja-Sjálandi og fleiri löndum.

Varðandi brot á mannréttindum bendum við á að sérsvið Karenar Busby lagaprófessors er mannréttindi, en hún var ráðgefandi við þær breytingar sem gerðar voru á þingsályktunartillögunni. Fráleitt er að ætla að hún styðji brot á mannréttindum eða jafnréttislögunum. Hún er jafnframt einn stofnenda og stjórnandi „Human Rights Research Initiative“-stofnunarinnar við Manitoba-háskóla. Þess má einnig geta að lögfræði- og siðaráð ESHRE, samtaka evrópskra sérfræðinga, gaf út yfirlýsingu árið 2005 sem styður staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Fólk eignast börn með ýmsum hætti án nokkurs eftirlits hins opinbera en sá litli hópur fólks sem þarf á þessu úrræði að halda og telur 0-5 tilfelli á ári yrði undir mesta eftirliti og handleiðslu hins opinbera við barneignir sem þekkt hefur. Sérfræðingar munu velja hverjir fá notid úrræðisins og eins hvaða konur séu ákjósanlegar staðgöngumæður m.t.t. líkamlegrar og andlegrar heilsu, fyrri reynslu af barneignum o.s.frv. Sérfræðingar munu fylgjast með ferlinu þar til nokkur eftir fæðingu barnsins til að tryggja velferð þess, staðgöngumóðurinnar og hennar fjölskyldu sem og foreldra barnsins.

Staðganga fagnar þessu skrefi í átt að auknu jafnræði í aðstoð við barneignir og auknu frelsi íslenskra kvenna til að ráða yfir eigin líkama, hvort sem þær vilja gefa nýra eða gefa meðgöngu með kærleikann að leiðarljósi.

Mikil arðsemi af raforkusölu til stóriðju

Orkumál

Þorsteinn
Viglundsson
framkvæmdastjóri
Samtaka
álframleiðenda




Ekkert íslenskt fyrirtæki er með meira eigið fé en Landsvirkjun, samkvæmt úttekt Frjálsrar verslunar á 300 stærstu fyrirtækjum landsins miðað við árið 2010. Arðsemi Landsvirkjunar á liðnum áratug hefur enda verið með miklum ágætum. Eigið fé félagsins hefur liðlega fjórfaldast og nam nærri 190 milljörðum króna í árslok 2010.

Engin hlutfjár aukning hefur átt sér stað hjá Landsvirkjun á liðnum áratug heldur hefur félagið byggt upp eigið fé sitt með góðum rekstri á tímabilinu. Arðsemi Landsvirkjunar er góð samanborið við önnur frambærileg íslensk fyrirtæki á borð við Marel, Össur, Alfesca og HB Granda. Öll eiga þessi félög það sammerkt að vera meðal eiginfjársterkustu félaga landsins, hafa öll notið umtalsverðs vaxtar á liðnum áratug og hafa ekki þurft að ganga í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Í öllum tilfellum er stuðst við uppgrömsmynt hvers félags.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er meðalarðsemi Lands-

Samanburður á arðsemi eigin fjár

Arðsemi eigin fjár í uppgrömsmynt



virkjunar nærri 19% á þessu tímabili, samanborið við um 11% hjá Össur og HB Granda, 6% hjá Alfesca og 1% hjá Marel. Við mat á meðalarðsemi er horft til breytinga eigin fjár að teknu tilliti til arðgreiðslna og hlutfjár aukninga hjá hverju félagi fyrir sig.

Í nýlegri skýrslu Sjórnarráðs, sem unnin var fyrir Fjármálaráðuneytið, kemur fram að arðsemi Landsvirkjunar af raforkusölu til stóriðju hefur verið liðlega tvöfalt hærri en arðsemi af raforkusölu til almennings. Skýrsluhöfundar hafa við mat á arðsemi ekki vil-

að líta til arðsemi eigin fjár, þar sem Landsvirkjun njóti ríkisábyrgðar á öll lán sín og því betri lánskjara en ella og geti skulsett sig meira. Landsvirkjun greiðir hins vegar gjald til ríkissjóðs fyrir ríkisábyrgðina sem leiðir til lægri hagnaðar en ella. Mæling á arðsemi eigin fjár er því mjög eðlilegur mælikvarði á árangur Landsvirkjunar eins og annarra fyrirtækja. Það er hins vegar fyllilega eðlilegt að gera þá kröfu til Landsvirkjunar að fyrirtækið skili góðri arðsemi eigin fjár. Sú er líka raunin.

Vantar þig aukapening?

Við leitum að duglegu og ábyrgu fólki á höfuðborgarsvæðinu til að bera út blöð á morgnana milli kl: 6 og 7.

Einnig vantar afleysingafólk á skrá.

Dreifing fer fram sex daga vikunnar, mánudaga til laugardaga. Póstdreifing sér meðal annars um dreifingu á Fréttablaðinu og öðrum pósti.

Allar nánari upplýsingar veitir Póstdreifing í síma 585 8300. Einnig má finna upplýsingar á www.postdreifing.is og þar er hægt að senda inn starfsúmsókn.




Póst dreifing

**SIMMS HOODY**Hettupeysa frá Simms. Gott verð. **Aðeins 14.995**

Veidileg Fól

**SIMMS HÚFUR**

Hljár og góðar húfur í vor- og haustveiðina. Gott úrval.

Munið vinsælu gjafabréfin okkar!**CASCADE VEIÐITASKA**

Frábær veiðitaska sem tekur stangirnar, hjólin, boxin, línurnar, taumana eða bara allt í veiðiferðina. Frábært verð.

Aðeins **29.900,-****BERETTA BAKPOKI**

Sérhannaður fyrir skotveiðimenn. Byssufesting á hlið pokans. Felulituð veðurhlíf fylgir. Frábært verð.

Aðeins **18.995,-****ÍSLENSK FLUGUBOX ÚR ÍSLENSKU BIRKI**

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

www.kopavogur.is

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

DESEMBER TILBOÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

4GB MINNISLYKILL
Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli
1.490
8GB 2.990 • 16GB 4.990

24" LCD SKJÁR
BENQ G2450 FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði
29.900
ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24" LCD

5.1 LEIKJA HEYRNARTÓL
Stórkostleg 5.1 DTS surround leikjaheyrnartól með þéttum bassa og góðum hljóðnema
16.900
SHOCK ONE 5.1 HEYRNARTÓL

NYR VEFUR
PlayTab 2 PRO
19.900

ENN BETRA VERÐ

4GB MINNISLYKILL

Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

1.490

8GB 2.990 • 16GB 4.990

NYTT VINSÆLASTI SKJÁRINN NÚ ENN FLOTTARI OG BETRI



NR.1 MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR

24" LCD SKJÁR

BENQ G2450 FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði

29.900

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24" LCD

5.1 LEIKJA HEYRNARTÓL



LEIKJAHEYRNARTÓL

Stórkostleg 5.1 DTS surround leikjaheyrnartól með þéttum bassa og góðum hljóðnema

16.900

SHOCK ONE 5.1 HEYRNARTÓL

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÓNADI

Birt með fyrirvara um breytingar, innstættarvillur og myndabreytingar

OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ



TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



AKRÝLMÁLVERK Á HRAFNI Björg Atla sýnir nítján akrýlmálverk í Menningarsal Hrafnistu, DAS, að Hraunbrún 7 í Hafnarfirði. Sýningin stendur til 3. janúar og er öllum opin frá klukkan 14.30 til 19 daglega. Málverk Bjargar eru í óhlutbundnum expressionískum stíl, litrík og ljóðræn. Björg útskrifaðist úr málaraeild Myndlista- og handíðaskólans 1982, og kenndi málnu á námskeiðum við Myndlistaskólann í Reykjavík 1982-1987.

Tónlist ★★

Jóhann Sebastian Bach: Hljómsveitarsvitur

Kammersveit Reykjavíkur

Smekkleysa

Daufleg kammersveit

Út er kominn geisladiskur með Kammersveit Reykjavíkur. Þar flytur hún hljóm-sveitarsvitur Bachs undir stjórn Reinhard Goebel. Maður spyr sjálfan sig af hverju.

Svítturnar eru til á ótal upptökum, og þessi útgáfa bætir litlu við. Spilamennskan er að vísu ágæt, hún er nákvæm og stílhrein. En hvar er andagifin? Upptökurnar voru gerðar fyrir heilum ellefu árum, eftir að Kammersveitin hafði flutt svítturnar á jólatónleikum. Það er eitthvað þreytulegt við túlkunina. Kannski var sveitin bara lúin eftir tónleikana. Tæknilega séð er ekki hægt að finna að neinu, en það vantar leikgleðina. Flutningurinn er vérlænn og andlaus.

Martial Nardeau leikur einleik á flautu. Hann gerir það ágætlega, svo langt sem það nær. Spilamennskan er öguð og rétt. En það dugir ekki til. Það vantar tilfinninguna. Hinn dillandi lokakaffi svítu nr. 2 er t.d. einkennilega kuldalegur. Og flautan er of aftarlega í upptökunni. Útkoman er hvorki fugl né fiskur.

Upptakan í heild, sem var í höndum Páls S. Guðmundssonar, er ekki nógu góð. Hún er þurr og grunn, og fer tónlistinni illa.

Hér hefði mátt gera betur. Kammersveitin, sem er óneitanlega einn af mættarstólpum tónlistarlífsins á Íslandi, á ekkert annað skilið.

Jónas Sen

Niðurstaða: Nákvæm en andlaus spilamennska, og upptakan er ekki nógu góð.



LÍKVAKA „Þetta er fjölskylda í kirkjugarði í námaborginni Potósi á hásléttu Bólívíu. Daginn áður var amman jörðuð og um nóttina grófu þau upp bein afans, sem lést átta árum fyrr. Nú átti að sameina gömlu hjónin í einni gróf.“

MYND/EINAR FALUR INGÓLFSSON

Mannlegt eðli samt við sig

Í bókinni **Án vegabréfs – Ferðasögur rifjar blaðamaðurinn og ljósmyndarinn Einar Falur Ingólfsson upp ferðir sínar um heiminn síðustu tvo áratuginna í orðum og myndum.**



EINAR FALUR INGÓLFSSON

„Ég hef lengi verið áhugasamur um ferðasögur. Þær voru vinsælar hér á landi eftir seinna stríð þótt minna hafi farið fyrir þeim hér á seinni árum, en eru þó sprellifandi form víða, til dæmis í hinum vestræna heimi. Þetta eru sannar sögur, en hægt að beita í þeim öllum brögðum skáldskaparins,“ segir Einar Falur Ingólfsson, ljósmyndari og blaðamaður, um nýutkomna bók sína *Án vegabréfs – Ferðasögur*.

Bókin inniheldur ferðabætti frá fjarlægum deildum jarðar yfir tveggja áratuga tímabil eða svo. Víða er drepit niður fæti og á margvíslegum stöðum, köldum sem heitum og fjölmennum sem fámennum. „Ég hef ferðast mikið í gegnum árin, stundum í tengslum við vinnuna en þó oftar af eigin


hvötum og þá fyrst og fremst til að taka ljósmyndir,“ segir Einar Falur. „Á þessum ferðum mínum, til Suður-Ameríku, Kína, Indlands, norðurpólsins, Kanada, Færeyja og víðar, hef ég haldið ítarlegar dagbækur og skráð í þær upplifanir, atburði og samtöl. Þegar ég lagðist í dagbækurnar fyrir ári þótti mér svo gaman að vinna úr þeim að úr varð þetta samtal sagna og ljósmynda. Þótt bókinn sé samvinna margra þátta er grunnhugmyndin alltaf sú sama, að segja sögur af fólki og stöðum. Hvort sem maður er staddur meðal þrjátíu milljón manna á fjölmennustu samkomu allra tíma í Indlandi eða í fámenninu á norðurpólnum, er mannlegt eðli alltaf samt við sig.“

Höfundurinn segir sögurnar í bókinni afar ólíkar innbyrðis en allar mjög persónulegar. „Sum ferðalögin voru bein viðbrögð við

einhverju sem ég var að upplifa hér heima. Í janúar 2000, þegar umræður um Kárahnjúkavirkjun voru hvað heitastar hér, fór ég til dæmis til Kína að skoða Þrígga gljúfra stífluna við Jangtze-fljót í Kína. Lónið sem þar var búið til næði frá Reykjavík til Egilsstaða. Kannski gerir bakgrunnur minn sem blaðamaður að verum að ég reyni að setja slíka hluti í samhengi. Einnig bjó ég í New York í nokkur ár og það var ógleymanlegt að snúa aftur til gömlu heimaborgarinnar nokkrum dögum eftir ársárinnar á tvíburaturnana, sjá rústinar og tala við íbúa borgarinnar,“ nefnir Einar Falur sem dæmi.

Auk *Án vegabréfs* kemur Einar Falur að þremur öðrum bókum fyrir jólin, en hann þýddi Íslenskar veiðir eftir Robert Neil Stewart og á ljósmyndir í Veiðisögum Bubba Morthens og bók um Grímsá og Tunguá eftir Guðmund Guðjónsson. „Oft hef ég verið upptekinn en þetta ár hefur líklega verið það hressilegasta,“ segir Einar Falur og hlær. „En bækurnar eru allar komnar út og ég er mjög sáttur.“

kjartan@frettabladid.is



1:1 000 000
Glæsileg gjöf

Upphleypt Íslandskort er fullkomin gjöf fyrir ferðalanga, útivistarfólk og náttúruunnendur

FRÁBÆRT Í BÚSTADINN

Kortið er selt í vönduðum umbúðum og er fánlegt með eða án ramma

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Bækur ★★★★★

Í klóm dalalæðunnar

Sindri Freysson

Veröld

Að strjúka nýspunnið silki

Sindri Freysson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2011 fyrir ljóðabókina *Í klóm dalalæðunnar* og án þess að hafa séð önnur handrit sem send voru inn er auðvelt að skilja hvers vegna. Í klóm dalalæðunnar er óvenju heilsteypt ljóðabók og vel unnin, heillandi ferðalag um fortíð og nútíð í norðlenskri sveit, óður til fólks og náttúru, full af óvæntum tengingum, hugmyndum og listilega dregnum myndum.

Sveitin, Aðaldalurinn þingeyski, er í aðalhlutverki, taugin frá kynslóð til kynslóðar sterk og náttúran, fólkið og dýrin ein órofa heild sem ekkert raskar þótt ár og aldir líði.

Bókin hefst á ferðalagi norður í dalinn, ljóðmælandinn einn á ferð yfir landið, „bestu ferðafélagarnir fjarverandi“ og áfangastaðurinn í senn æska hans og ættarsaga, draumur og veruleiki. Afi og amma innrömmuð á veggnum aðalleikendur í fyrsta þætti, stofninn sem framtíðin vex af.

Ég er kominn
Ég er hér

Ófæddur flesta daga
Óuppalinn alla daga

Ófeiminn ferðalangur

EKKI lengur myndasögur í farteskinu

aðeins myndir í eigin sögu

(bls. 34)

Sindri leiðir lesandann listavel í gegnum þá sögu. Raðar brotum, byggir brýr yfir gljúfur fortíðarinnar, bregður upp myndum af fólki og draugum, skapar heim fullan af bláhvítu ljósi, næturhljóðum, sólþungum sumardögum og nistandi frosti. Það er ekki sársaukalausast að ferðast um eigin sögu, undir liggur þungur tregi, ljóðmælandinn í senn þáttakandi og gestur og „að leikslokum er náttúran eini sigurvegarinn“.

(bls. 50)

Ef þú slæst í svefnfór með mér

heyriðu hringla í klakdrönglum

einsog í dauðu klukknaþilli þegar þeir rekast saman

Tónlist
Drauma minna

(bls. 90)

Stíll Sindra er meitlaður og fáorður, hvert orð hefur vægi, örmyndir endurspeglar stærri veruleika, hið hálfsgaða og ósagða kraumar undir og eykur spennuna, ferðalagið um leið hið eilífa ferðalag frá vöggu til grafar, „glerhöfuð eru ekki gerð til að endast“ (bls. 74). Sveitin er heimurinn allur, fullur af hættum og óuppgötvuðum undrum. Saga einstaklingsins, saga mannsins í fortíð, samtíð og framtíð.

Í klóm dalalæðunnar er ekki stór bók í orðum og blaðsíðum talið, en þær eru vandfundnar ljóðabækurnar sem spanna stærra svið eða segja stærri sögu. Og allt unnið af næmni og listfengi sem á sér fáar samsvaranir í ljóðagerð samtímans. Tvímælalaut ein besta ljóðabók síðari ára.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Heilsteypt og fantavel unnin ljóðabók. Spannandi ferðalag um fortíð og samtíð.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



MÁNUDAGUR

OPIÐ 10-19

ALLAR VERSLANIR



KOMIN Í ALLAR BÓNUS VERSLANIR

995
KR. KG

**FISKBÚÐIN OKKAR
KÆST OG SÖLTUÐ
SKATA**



298
KR. 900 G

**BÓNUS 900 GRÖMM
FORSÖÐNAR
KARTÖFLUR**



139
KR. KG

**SFG KARTÖFLUR
Í LAUSU**

GULLAUGA OG RAUÐAR



998
KR. KG

GRÍMS PLOKKFISKUR



1998
KR. KG

**NORÐANFISKUR
LÉTTALTADUR ÞORSKHANKKI**



898
KR. KG

**NORÐANFISKUR SALT
FISKBITAR
BEINLAUSIR M. RÓÐI**



79
KR. 1/2 LTR

**EGILS
PILSNER & THULE**



198
KR. 500 G

**BÓNUS
RÚGBRAUÐSKUBBUR**



359
KR. 250 G

**FRÁ STÓRUVÖLLUM
ÍSLENSK HAMSATÖLG**

**AFGREIÐSLUTÍMINN Í
VERSLUNUM BÓNUS
VIKUNA FYRIR JÓL**

- 19.DES MÁNUDAGUR 10-19
- 20.DES ÞRIÐJUDAGUR 10-19
- 21.DES MIÐVIKUDAGUR 10-20
- 22.DES FIMMTUDAGUR 10-22
- 23.DES FÖSTUDAGUR 10-22
- 24.DES LAUGARDAGUR 10-14




**ALLAR VINSÆLUSTU
JÓLABÆKURNAR
FAERÐU Í BÓNUS**

		1	9				
	5	8		1		4	7
			7			1	8
			4			2	6
		4	6	2	1	7	
	6	9			3		
8		3			7		
	7	2		6		5	8
					2	3	

BÓNUS SUDUKO ÞRAUTIN 19.12
LAUSNIN ER Á WWW.BONUS.IS

Gjafakort Bónus

Gjöf sem kemur að
góðum notum fyrir alla.



Gjafakortið er hægt að nota í verslunum Bónus um land allt. Sparaðu tíma og fyrirhöfn, gefðu gjafakort Bónus. Gjafakortið fæst á skrifstofu Bónus, Skútuvogi 13 sími 527 9000

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veit tengda
VILDARPUNKTA
VISA Vilderklöbbur



31. AFMÆLISDAGUR leikarans Jake Gyllenhaal er í dag. Á næstunni munum við meðal annars sjá hann í myndinni End of Watch, ásamt Ugly Betty-stjórnunni Americu Ferrara.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Mánudagur 19. desember 2011

→ Tónleikar

20.00 Tónlistarmaðurinn Mugison heldur fría tónleika í Höllinni í Vestmannaeyjum. Ópið fyrir alla meðan húsrúm leyfir.

→ Uppákomur

20.00 Kexmas 2011 heldur áfram á Kex hostel. Í kvöld mun Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir lesa upp úr bókinni Generalizations about Nations auk þess sem Hugleikur Dagsson mun lesa upp úr bókinni Popular Songs 2. **Sóley** stígur svo á stokk klukkan 21 og leikur lög af nýrri plötu sinni, We Sink. Aðgangur er ókeypis.




Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.



VINSÆL Í KÖBEN

Barnaföt **Söndru Berndsen** hafa vakið athygli í Danmörku. Sandra segir að markaðurinn þar úti sé mjög erfiður fyrir unga fatahönnuði og mikla vinnu þurfi til að koma sér á framfæri.



GULLSMÍÐJAN
Guðrún Þjarnadóttir
Gullsmíður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRDI
565 4453

SELUR BARNAFÖT SÍN Í FIELD'S

Sandra Berndsen hannar barnaföt undir merkinu **Oktober**. Hún hefur vakið athygli í Danmörku og hafa föt hennar verið tekin til sölu í stærstu verslunarmiðstöð landsins.

„Það verður spennandi að sjá hvað gerist,“ segir Sandra Berndsen, ungur fatahönnuður búsettur í Kaupmannahöfn. Ný barnafatalína hennar hefur verið tekin til sölu í stærstu verslunarmiðstöð

Danmerkur, Field's. Búðin sem selur fötin heitir Field's Designstore og er orðin vel þekkt ytra fyrir að velja hönnun efnilegra fatahönnuða til sölu í búðinni.

Sandra útskrifaðist úr Københavns Mode- og Designskole árið 2008 og hóf stuttu síðar að hanna undir merki sínu Oktober. Henni bauðst ásamt nokkrum ungum hönnuðum að taka þátt í tískuvíkunni í Kaupmannahöfn í fyrra og í kjölfarið kom hún hönnun sinni, aðallega kvenmannsfötum, í sölu í nokkrum litlum hönnunarbúðum í Kaupmannahöfn. Sandra

segir það allt annað mál að vera komin inn í Field's. „Þetta er mjög gott tækifæri. Það eru rosalega margar litlar búðir í hverfunum hérna í Kaupmannahöfn, en að komast inn í Field's er eiginlega draumurinn. Þar er allt fólkið og maður er í kringum hinar stóru búðirnar og fær allt aðra athygli.“

Hún segir að margt ólíkt með því að koma sér á framfæri á Íslandi og í Danmörku fyrir ungan fatahönnuð. „Markaðurinn hér er ofboðslega erfiður. H&M og fleiri búðir þar sem hægt er að kaupa ódýr föt gera okkur líka erfiðara

fyrir. Heima á Íslandi er fólk miklu meðvitaðara um hönnun og meira fyrir hana. Ég held að það sé aðeins auðveldara að vekja athygli á sér þar.“

Tækifæri eins og þetta býðst ekki án fyrirhafnar að sögn Söndru, sem segir mikla vinnu fólga í því að koma sér áfram. „Maður þarf stöðugt að vera vakandi fyrir öllum tækifærum sem gætu boðist, og hafa frumkvæði sjálfur líka. Þetta er erfitt en sem betur fer er þetta líka rosalega skemmtilegt.“

berghthora@frettabladid.is

Jólaandinn er hjá Vodafone
Frábær tilboð á snjöllum sínum

	24.990 kr. staðgreitt eða 2.083 kr. á mánuði í 12 mánuði Fjölskyldu ALIAS fylgir*		59.990 kr. staðgreitt eða 4.999 kr. á mánuði í 12 mánuði Fjölskyldu ALIAS fylgir*
Samsung Galaxy Y		Nokia 700	

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is

* Gildir á meðan birgðir endast.



ER KOMINN JÓLASKÓR?



Féll fyrir fyrirsætu

Leonardo DiCaprio er kominn með nýja stúlku upp á arminn og er sú fyrirsætan Erin Heatherton. Þarið sást nýverið njóta verðursins og selskaps hvors annars í garði Vacluse House í Sydney.

Heatherton er tuttugu og tveggja ára gömul og fædd og uppalin í Illinois í Bandaríkjunum. DiCaprio er aftur á móti 37 ára gamall og því tölurður aldursmunur á parinu. Heatherton er ekki fyrsta fyrirsætan sem DiCaprio fellur fyrir því hefur átt í sambandi við Kristen Zang, Emmu Miller, Gisele Bündchen og Bar Rafaeli, sem allar starfa sem fyrirsætur. Nú síðast átti hann í stuttu sambandi með Gossip Girl-leikkonunni Blake Lively.



FANN ÁSTINA Erin Heatherton er ný kærasta leikarans Leonardo DiCaprio. Hún starfar sem fyrirsæta.

NORDICPHOTOS/GETTY

Reese í nýrri mynd

Óskarsverðlaunahafinn Reese Witherspoon mun leika aðalhlutverkið í nýjum spennutrylli leikstjórans Atom Egoyan, Devil's Knot. Myndin verður byggð á samnefndri bók bandarísku blaðakonunnar Möru Leveritt frá árinu 2003 sem fjallar um morð á þremur ungum skátum í skógarhéraði Arkansas.

Reese mun leika Pam Hobbs, móður eins fórnarlambanna, en hún fer að efast um að mennirnir þrír sem voru dæmdir fyrir morðið séu hinir seku. Málið vakti gríðarlega athygli í Bandaríkjunum og þótti ákaflega óhugnanlegt. Hobbs, líkt og aðrir ættingjar drengjanna þriggja, fagnaði því ákaft þegar meintir morðingjar voru handsamaðir og síðar dæmdir en fljótlega fóru að renna á hana tvær grímur. Í nóvember 2007 lýsti hún því síðan yfir að ný gögn í málinu bentu til þess að þeir væru saklausir. Þeim þremur var sleppt í ágúst á þessu ári eftir sautján ára fangelsisvist.

ERFITT HLUTVERK Reese Witherspoon leikur aðalhlutverkið í nýjum spennutrylli sem fjallar um óhugnanleg morð á þremur skátum í Arkansas.



Gert Hof langar til að lýsa upp Svínafellsjökul

Þýski listamaðurinn Gert Hof vill lýsa upp íslenskan jökul, annað hvort á næsta ári eða 2013. Framkvæmdastjóri verkefnisins segir öflug samtök í umhverfismálum koma að verkinu.

„Hann kolféll fyrir jöklinum, sem er náttúrulega epískur eins og grískt svið,“ segir Páll Ásgeir Davíðsson, en þýski listamaðurinn Gert Hof hyggst lýsa upp Svínafellsjökul, annað hvort næsta haust eða vorið 2013. Markmiðið er einfalt; að vekja fólk til umhugsunar um loftlagsbreytingar, áhrif þeirra á vatn og þar af leiðandi bráðnun jökla.

Gert Hof heimsótti Ísland í maí á síðasta ári eins og fram kom í Fréttablaðinu. Þá til að skoða sig um og líta á hentuga jökla. Fram kom í fréttinni að Snæfellsjökull kæmi sterklega til greina sem hentugur staður, Hof var ákaflega hrifinn af honum en niðurstaðan varð að lokum Svínafellsjökull í Vatnajökulsþjóðgarði.

Páll, sem er framkvæmdastjóri verkefnisins, segir að verið sé að vinna í að tryggja grunnfjármögnun verkefnisins og hann gerir sér vonir um að þeirri vinnu ljúki á allra næstu vikum. Meðal annarra sem koma að verkinu eru Bergljót Arnalds, sem er tónlistarstjóri verkefnisins, Northern Lights Energy, Saga Film og aðilar innan íslensku ferðabjónustunnar. „Við höfum fengið til liðs við okkur öflug alþjóðleg samtök í umhverfismálum og sérfræðinga á heimsmælikvarða.“

Gert Hof er einn merkasti listamaður samtímans og verk hans ná til hundraða milljóna manna hverju sinni. Hann hefur lýst upp Rauða torgið í Moskvu



MEISTARAVERKIÐ

Gert Hof, einn frægasti samtímalistamaður Þjóðverjar, vill lýsa upp Svínafellsjökul til að vekja fólk til umhugsunar um hlýnun jarðar og áhrif hennar á vatn. Páll Ásgeir Davíðsson er framkvæmdastjóri verkefnisins, en grunnfjármögnun þess er langt á veg kominn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



og Akrópólshæðina í Aþenu og verkin vekja iðulega mikla athygli. „Hann telur að lýsing Svínafellsjökuls geti orðið sitt

meistaraverk, þetta getur orðið ákaflega eftirminnileg vitundarvakning.“

freyrgigja@frettabladid.is

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT UM JÓLIN





Í HÆTTU Nicole Scherzinger var rænd í Mexíkó á dögnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Scherzinger rænd í Mexíkó

Söngkonan og X Factor-dómarinn Nicole Scherzinger komst í hann krappan er hún heimsótti Mexíkó á dögnum. Scherzinger var við tókur á nýju tónlistarmyndbandi þegar ræningjar stöðvuðu bifreið hennar.

Scherzinger var stödd í Mexíkó við tókur á myndbandi við lagið Try With Me og er hún og danshöfundurinn Brian Friedman óku á leið til hótelsins að töku-degi loknum lentu þau í klóm ræningja. Friedman skrifaði um atburðinn á Twitter-síðu sinni skömmu síðar. „Okkur var hótað með M16- og Beretta-byssum. Þeir stoppuðu bílinn okkar. Nicole blótaði ferðinni í sand og ösku en þetta var mesta ævintýri sem ég hef lent í.“

Söngkonan og danshöfundurinn sluppu þó ómeidd og komust heil á húfi á hótelið.

FÖGNUMDU HERRAMENNSKUKVERI

Ungir sem aldnir herra menn fjölmenntu í bókabúð Máls og menningar við Laugaveg á dögnum. Ástæðan var útgáfa Litla herra mennskukversins, en þeir Júlíus Valdimarsson, Brynjar Guðnason og Kristinn Árni Hróbjartsson eiga heiðurinn af verkinu. Útgáfan var fjármögnuð með svokallaðri hóp fjármögnum og er eins konar handbók með upplýsingum fyrir herra mann nútímans.



GÓÐIR GESTIR Tómas Möller og Helena Árnadóttir létu sig ekki vanta.



SANNKALLAÐIR HERRAMENN Júlíus Valdimarsson myndskreytti, Brynjar Guðnason sá um hönnun og umbrot og Kristinn Árni Hróbjartsson skrifaði texta bókarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



LJÚFIR TÓNAR Þórður Sigurðarson spilaði léttan djass fyrir viðstadda.



UNGIR HERRAMENN Þeir Árni Lárusson og Guðjón Böðvarsson tryggðu sér eintak af bókinni.



SKEMMTU SÉR Jakob Gunnarsson og Brynjólfur Sveinn Ívarsson nutu kvöldins.



BROSIMLD Hafþór Sævarsson og Mary Anne brostu til ljósmyndara.

Gljáð hátíðarlamb

MEÐ PISTASÍUHNETUM, HUNANGI, ANANAS OG RAUBUM PERLUM

FYRIR 10-12 MANNS

2 lambalæri
4 dl hunang, 4 dl vatn
200g pistasíuhnetur
krydd á hnífsoði: Malaðar kardíommur, kanill, pipar, malað og ristað kúmen, karri,
10 msk hakkaður eða saxaður ananas, 1 msk sjávarsalt,
1 msk heill rósapipar (rauðar perlur)

Eplatur á blöðrukáli

12 epli, hangikjöt 2-3 sneiðar í hvert epli, 400 g rjómaostur, 2 msk rifin piparrót, 2 msk hunang, 3-4 greinar fersk mynta, smjör, sykur og blöðrukál

Trönuþerjasósa

1 l trönuþerjasafi, kanilstöng, 1 l kjötsoð, 2 dl rauðvín, 100 g trönuþer

Skerið gróft munstur í lærið í líkingu við taflborð. Nuddið með salti og pipar. Bakið við 180 °C í 20 mín. Takið lærið út og látið standa í 15-20 mín. Saxið pistasíuhnetur (ekki of smátt). Sjóðið vatn og hunang í potti ásamt kryddi. Setjið pistasíur og sjávarsalt úti í lokin. Dreifið helmíngnum ofan á lærið og bakið lærið áfram í 30 mín. eða þar til kjarnhiti er orðinn 58-61°. Leyfið lærinu að hvíla í minnst 10 mín. Smyrjið svo með afganginum af vökvanum og berið fram.

Eplatur á blöðrukáli (1 turn á mann)

Skerið toppinn af epli, kjarnhreinsið og skerið restina í þrjár til fjórar sneiðar og steikið í smjöri og smá sykri. Blandið saman rjómaosti, piparrót, hunangi og saxaðri myntu og smyrjið á 3 eplasneiðar. Leggið hangikjöt á milli og raðið upp, efst kemur eplalokið með stöngli. Einnig má setja salat með.

Skerið blöðrukálið hringlaga og sjóðið í saltvatni í 3 mín. Snöggkælið og hitið svo upp með góðri olíu.

Trönuþerjasósa

Sjóðið niður safe og vín með kanilstöng þar til 1/3 er eftir af vökvanum, bætið kjötsoði við og sjóðið áfram þar til góðu bragði er náð. Bætið trönuþerjunum í sósuna rétt áður en borið er fram. Sjóðið ekki.

LAMBAKJOT.IS

Kardashian gúgluð oftast

Kim Kardashian var sú stjarna sem oftast var leitað að upplýsingum um á hinni bresku útgáfu Google árið 2011. Kardashian hefur átt viðburðarríkt ár og frægð hennar hefur aukist til muna á árinu. Stjarna hennar reis fyrst í Bandaríkjunum þegar raunveruleikabættir hófust um líf hennar og annarra meðlima Kardashian-fjölskyldunnar. Þættirnir öðluðust hins vegar ekki miklar alþjóðlegar vinsældir fyrr en á þessu ári, og var þátturinn sérstaklega vinsæll í Bretlandi. Aðdáendur Kardashian slógu nafn hennar ótt og títt inn í leitargluggann þegar brúðkaup hennar og íbróttastjórnunnar Kris Humphries nálgæðist í ágúst. Fjöldi forvitinna margfaldaðist þó þegar hjónakornin skildu, aðeins 72 dögum síðar, og tryggðu Kardashian efsta sætið á listanum.

Í öðru sæti listans er Victoria Beckham sem hefur lengi verið ein eftirlætisstjarna Breta, en aðeins einn karlmaður kemst inn á topp tíu listann. Ricky Gervais skipar átunda sætið.



VINSÆL Frægð Kim Kardashian byggist á forvitni fólks.

Skálað fyrir Kraums-höfum

Sex íslenskir flytjendur hlutu hin svokölluðu Kraumsverðlaun á föstudag; ADHD, Sóley, Lay Low, Reykjavík!, Samaris, Sin Fang og Sóley. Af því til efni var að sjálfsgöðu skálað en árið 2011 ætlar svo sannarlega að reynast gott fyrir íslenska tónlist.



Helga Vala Helgadóttir, Grímur Atlason og Árni Mattíasson, formaður dómnefndar Kraums, voru kát.



Steinþór Helgi, Árni, Bjössi, Sigurlína og Sindri virtust bara nokkuð hress.



Jón Óskar og Kristján Freyr voru brattir en Kristján lemur húðirnar í roksveitinni Reykjavík! sem hlaut einmitt Kraums-verðlaunin.



Tónlistarspekúlantinn og blaðamaðurinn Arnar Eggert lét sig ekki vanta og mætti með dætur sínar, þær Karólínu og Ísold.




Þær Edda og Sólrún voru fínu stuði.

X-MAS

Í MINNINGU HERMANNS FANNARS VALGARÐSSONAR

20. DESEMBER Í KAPLAKRIKA



ÓKEYPIS RÚTUR HEIM
Hafnarfjarðarbær býður upp á ókeypis rútuferðir í nágrennsveitarfélögin þegar líða fer á kvöldið. Rúturnar stoppa við Ásgarð í Garðabæ, í Hamraborginni, við Kringluna og á Hlemmi. Fyrsta rútan fer klukkan 23.00, næsta klukkan 24.00 en þær síðustu að tónleikum loknum.



MÍÐAVERÐ KR. 2.000.- Á midi.is
TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 18:00

AFSLÁTTARDAGAR

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum
rafmagnsrúm
í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg
rafmagnsrúm
á 20% afslætti.



6-12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing



AFSLÁTTARDAGAR

TÖKUM GAMLA RÚMIÐ UPPÍ NÝTT!

ARINELDSTÆÐI
með 50% afslætti til jóla



FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING


Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna,
og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum,
án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu
með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóðum?
- Vaknarðu oft með verki í mjóðum?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjós-klos
 - samföllnum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



Yndislega hugmyndaríkur Jónsi

Tónlistarmaðurinn Jónsi hefur fengið góða dóma fyrir tónlist sína í kvikmyndinni *We Bought a Zoo*. Allmusic.com segir tónlistina meira í líkingu við tilraunakennari tóna Sigur Rósar heldur en síðustu sólóplötu hans Go. „Jónsi ætti ekki að eiga í nokkrum vandræðum með að snúa aftur til Sigur Rósar þegar hljómsveitin snýr aftur. Þetta er samt sem áður yndislega hugmyndarík plata sem á skilið að fá viðurkenningar á komandi verðlaunaári,“ sagði gagnrýnandinn. Entertainment Weekly segir tónlistina einnig líkjast Sigur Rós en Jónsi sé þó í öllu hressilegri gír í laginu *Gathering Stories*, sem hann samdi með leikstjóra myndarinnar, Cameron Crowe.

Consequence of Sound gefur plötunni þrjár og hálfu stjörnu af fimm mögulegum. „Margir rokk-tónlistarmenn verða leiðinlegir og fyrirsjáanlegir eftir því sem ferill þeirra lengist vegna þess að þeir hafa ekki lengur yfir neinu að kvarta. Jónsi er ekki kominn í þennan flokk ennþá og með því að taka að sér verkefni eins og *We Bought a Zoo* er hann kannski að berjast gegn þeim örlögum,“ sagði gagnrýnandinn. Slant Magazine gefur plötunni þrjár stjörnur og segir hana skila því sem hún átti að skila og Undertheradar.com gefur henni 6 af 10 mögulegum og segir hana ágætis stoppistöð fyrir næstu plötu Sigur Rósar. Áður hafði Pitchfork gefið plötunni 7 af 10.



SAMSTARF Cameron Crowe samdi textann með Jónsa við lagið *Gathering Stories*.
NORDICPHOTOS/GETTY

Myndin *We Bought a Zoo* hefur fengið nokkuð góða dóma. Hún er með 7,1 af 10 á *Imdb.com* og 60% á *Rottentomatoes.com*.

TOM CRUISE, SIMON PEGG, PAULA PATTON OG JEREMY RENNER Í BESTU HASARMYND ÁRSINS!

88/100 „Frábær spennamynd með hasaratriðum sem minna einna helst á ljóðlist.“ Chicago Sun/Times

80/100 „Mission: Impossible 4 er svo vel gerð að þú verður að sjá hana oftar en einu sinni til að ná að meta hana að fullu.“ BoxOffice Magazine

MISSION: IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL

KLIKKADASTA GRÍNMYND ÁRSINS

A VERY HAROLD & KUMAR CHRISTMAS

STIGVELAÐI KÖTTURINN

FRÁBERTEKNI MYND FÜR ALLE FJÓLSKYLDUNA

SAMBIO.is ÁLFABAKKA				SAMBIO.is EGILSHÖLL			
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:10 - 8 - 10:50	2D	12	MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 3 - 5:10 - 8 - 10:50	2D	12
MISSION IMPOSSIBLE 4 VIP	kl. 5:10 - 8 - 10:50	2D	16	HAROLD AND KUMAR 3D	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:10	3D	16
HAROLD AND KUMAR 3D	kl. 5:50 - 8 - 10:10	3D	16	STIGVELAÐI KÖTTURINN	kl. 3 - 5:50	3D	12
STIGVELAÐI KÖTTURINN	kl. 5:50	3D	12	STIGVELAÐI KÖTTURINN	kl. 5:40	2D	12
STIGVELAÐI KÖTTURINN	kl. 5:50	2D	12	TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1	kl. 8 - 10:30	2D	12
PUSS IN BOOTS	kl. 10:20	2D	12	HAPPY FEET TWO	kl. 3:30	2D	12
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 10:50	2D	12	THE IDES OF MARCH	kl. 8	2D	12
HAPPY FEET 2	kl. 5:40	2D	12	SEEKING JUSTICE	kl. 10:20	2D	16
TWILIGHT	kl. 8 - 10:50	2D	12	SAMBIO.is KRINGLUNNI			
THE HELP	kl. 8	2D	12	MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 5:50 - 8:30 - 10:10	2D	12
TOWER HEIST	kl. 8	2D	12	HAROLD AND KUMAR 3D	kl. 8 - 10:10	3D	16
SAMBIO.is AKUREYRI				STIGVELAÐI KÖTTURINN	kl. 5:50	3D	12
HAROLD AND KUMAR 3D	kl. 5:50	3D	16	TRESPASS	kl. 8	2D	12
MISSION: IMPOSSIBLE 4	kl. 8 - 10:50	2D	12	HAPPY FEET 2	kl. 5:40	3D	12
HAPPY FEET TWO	kl. 6	2D	12	SAMBIO.is KEFLAVÍK			
THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN	kl. 8	2D	12	MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 8 - 10:50	3D	12
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 10	2D	12	JACK AND JILL	kl. 8 - 10	2D	12

KAUPTU Á NETINU OG FÁDU SENT Í TÖLVUÞÓTI

SAMBIO.is

SMÁRABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!

MISSION: IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL

TOM CRUISE, SIMON PEGG, PAULA PATTON OG JEREMY RENNER Í BESTU HASARMYND ÁRSINS!

16 LÚXUS ★★★★★

HÁSKÓLABÍÓ

ALVIN OG ÍKORNARNIR

JÓLAMYNDIN 2011

92% ROTTENTOMATOES

SMÁRABÍÓ		HÁSKÓLABÍÓ	
GLERAUÐU SELD SÉR	5%	NÁNAR Á MIÐLIS	5%
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 3.40 - 5.50 - 8	ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 6 - 8
MISSION IMPOSSIBLE 4	KL. 6 - 8 - 10.50	ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	KL. 5.50
MISSION IMPOSSIBLE 4 LÚXUS	KL. 5 - 8 - 10.50	TROPA DE ELITE 2	KL. 8 - 10
STIGVELAÐI KÖTTURINN 3D	KL. 3.40	IMMORTALS 3D	KL. 10.30
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	KL. 3.40 - 5.50	JACK AND JILL	KL. 5.50 - 8 - 10.10
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM	KL. 3.40	IN TIME	KL. 5.30 - 8 - 10.30
IMMORTALS 3D	KL. 10.10	BORGARBIÓ	
ÆVINTÝRI TINNA 3D	KL. 9 - 10.10	ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 6
JACK AND JILL	KL. 8	THE RUM DIARY	KL. 8 - 10.10
		MONEYBALL	KL. 8 - 10.20
		JACK AND JILL	KL. 6

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midis.is

Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS-BÍÓ

www.laugarasbio.is

-bara lúxus sími 553 2075

MISSION: IMPOSSIBLE GHOST PROTOCOL

ALVIN OG ÍKORNARNIR

STIGVELAÐI KÖTTURINN

JOHNNY DEPP

BLITZ

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartimar
MISSION IMPOSSIBLE	7, 10, 10.45
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	6
THE RUM DIARY	8
STIGVELAÐI KÖTTURINN 3D	6
BLITZ	10.30

Litli bróðir Ingós með lög unga fólksins á hreinu

Söngvarinn Ingó tekur yngri bróður sinn Guðmund stundum með upp á svið, enda sá yngri liðtækur söngvari.



BRÆÐUR Ingó og Guðmundur koma oft fram saman um þessar mundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hann er stundum með. Það er gaman fyrir mig, enda þreytandi að vera alltaf einn. Það er gott að fá einhvern sem syngur,“ segir tónlistarmaðurinn Ingólfur Þórarinnsson, betur þekktur sem Ingó. Ingó tróð upp á skemmtistaðnum Oliver á fimmtudagskvöld ásamt Guðmundi bróður sínum. Ingó hefur æ oftar fengið Guðmund til að troða upp með sér, en sá yngri er ekki síður liðtækur söngvari og skemmtikraftur en sá eldri. „Ég er að hjálpa honum að vinna sér inn smá pening áður en hann fer til Vestmannaeyja,“ segir Ingó, en Guðmundur spilar fótbolta með ÍBV í Pepsi-deildinni og undirbúningstímabilið er skammt undan. Guðmundur og Ingó eru frá Selfossi, en þar hefur sá yngri komið reglulega fram undanfarin misseri á meðan sá eldri hefur troðið upp um allt land. Ingó segir að Guðmundur hafi ekki stokkið á tækifærið að koma fram með honum í höfuðborginni, „Hann var aðeins tregur að gera það,“ segir Ingó. „En ef við erum tveir, þá lætur hann vaða. Hann hefur líka tekið í bongótrommu, hann man ekki alveg lögín á gítar. Ef hann er með bongó er hann góður.“

En er ekki hættulegt að vera með yngri útgáfu af þér með á sviðinu? Verður hann ekki bókaður einn á Oliver innan tíðar? „Það endar örugglega þannig. Síðast voru stelpurnar líka meira utan í honum. Það var gaman að vera í þeirri stöðu, þá veit maður hvernig Veðurguðunum leið í gamla daga,“ segir Ingó í léttum dúr. Ingó segir þá bræður bæta hvor

annan upp. Guðmundur er rétt tæplega tvítugur en Ingó kominn á miðjan þrítugsaldurinn. Áherslurnar eru því ólíkar. „Hann er með FM-programmið á hreinu. Þessi vinsælu lög hjá unga fólkinu. Þannig að hann smellpassar í Oliver-stemminguna,“ segir Ingó léttur. „Hann er lélegur í Creedence, Bítlunum og Bubba, en góður í Chris Brown og Rihönnu.“
atlifannar@frettabladid.is

LYFJA

- Lífið heil

+ 20% afsláttur

Strepsils Cool

36 stk. Áður: 1.599 kr. Nú: 1.279 kr.

24 stk. Áður: 1.249 kr. Nú: 999 kr.

Strepsils COOL

36 Sugartablettir / Munnveggisöfufur

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

Tilboðið gildir í desember.

ÍSLENSKASÍJUSÍÐI 2011 1101

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midis.is

MÁNUDAGUR: WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ HJEM TIL JUL 18:00, 20:00 ■ RARE EXPORTS 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ SUPERCLASICO 18:00, 20:00 ■ PARTIR 18:00, 22:00

ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

RARE EXPORTS

ELDFJALL

KEVIN

VERTU FASTAGESTUR!

Ódýrara í bíó með aðgangskortum!

Heim um jólin

NÝJÓLA-KLASSÍK!

BLITZ

Gleðilega hátíð

Starfsfólk KFC sendir öllum landsmönnum gleði- og hátíðarkveðjur með ósk um að nýja árið megi verða ykkur svooo gott.



SVOOOGOTT™

0g
trans-
fita

www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



NOREGUR varð í gær heimsmeistari í handbolta kvenna. Noregur lagði þá Frakkland, 32-24, í úrslita-leiknum. Þjálfari norska liðsins er Sefstjórnari Þórir Hergeirsson sem er að gera frábæra hluti með norska liðið. Spánn fékk bronsíð á mótinu en Spánn vann öruggan sigur á Dönum í bronsleiknum.

ÚRSLIT

IE-deild karla:

Stjarnan-Keflavík 107-91
Stig Stjórnunar: Marvín Valdimarsson 23, Keith Cothran 23, Sigurjón Örn Lárusson 20, Justin Shouse 15, Guðjón H. Lárusson 10, Fannar Helgason 8, Dagur Kár Jónsson 8
Stig Keflavíkur: Charlie Parker 27, Steven Gerard 26, Jarryd Cole 18, Valur O. Valsson 7, Gunnar Stefánsson 6, Almar Guðbrandsson 4, Halldór Halldórsson 3.

KR-Valur 85-83
KR: Emil Þór Jóhannsson 20/5 fráköst, Hreggviður Magnússon 13/8 fráköst, Ólafur Már Áegisson 12, Martin Hermannsson 9/4 fráköst, Björn Kristjánsson 9, Skarphéðinn Freyr Ingason 8/5 fráköst, Finnur Atli Magnússon 7/13 fráköst, Páll Fannar Helgason 4, Jón Orri Kristjánsson 3/6 fráköst.
Valur: Garrison Johnson 24/7 fráköst, Ragnar Gylfason 21, Igor Tratnik 19/17 fráköst, Birgir Björn Pétursson 10, Austin Magnus Bracey 4, Benedikt Blöndal 4/4 fráköst, Hamid Dicko 1.

Þór P.-Tindastóll 74-78
Þór Þorlákshöfn: Guðmundur Jónsson 19/8 stólinir, Darrin Govens 18/8 fráköst/5 stoðsendingar, Baldur Þór Ragnarsson 11/6 stoðsendingar, Grétar Ingi Erlendsson 9, Darri Hilmarsson 8/4 fráköst, Marko Latinovic 5, Michael Ringgold 4/8 fráköst.
Tindastóll: Próstur Leó Jóhannsson 18/5 fráköst, Maurice Miller 18/11 fráköst/7 stoðsendingar, Svavar Atli Birgisson 14/7 fráköst, Curtis Allen 9, Helgi Freyr Margeirsson 7/4 fráköst, Helgi Rafn Viggósson 6/5 fráköst, Friðrik Hreinsson 3, Hreinn Gunnar Birgisson 3.

Snaefell-Grindavík 105-110
Snaefell: Marquis Sheldon Hall 26/5 fráköst, Quincy Hankins-Cole 23/20 fráköst, Jón Ólafur Jónsson 19/6 fráköst, Sveinn Arnar Davidsson 17, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 8, Ólafur Torfason 5, Hafþór Ingi Gunnarsson 3, Egill Egilsson 2, Daniel A. Kazmi 2.
Grindavík: Giordan Watson 35/4 fráköst/7 stoðsendingar, J'Nathan Bullock 28/15 fráköst/3 varin skot, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 11, Ólafur Ólafsson 10/7 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 10/9 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 10/5 fráköst, Þorleifur Ólafsson 6.

Njarðvík-Fjölnir 79-82
Njarðvík: Cameron Echols 24/10 fráköst, Elvar Már Friðriksson 21/4 fráköst, Travis Holmes 15/7 fráköst/5 stólinir, Maciej Stanislaw Baginski 9, Ólafur Helgi Jónsson 6/4 fráköst, Oddur Birnir Pétursson 4.
Fjölnir: Nathan Walkup 23/5 fráköst, Calvin O'Neal 16/6 stoðsendingar, Jón Sveinsson 13/10 fráköst, Arni Ragnarsson 11, Arnþór Freyr Guðmundsson 10/6 fráköst, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 5, Trausti Eiríksson 4.
Haukur-ÍR 82-84
Haukur: Hayward Fain 31/11 fráköst/7 stoðsendingar, Christopher Smith 12/13 fráköst/5 varin skot, Davíð Páll Hermannsson 12, Emil Barja 9/7 fráköst/3 varin skot, Sævar Ingi Haraldsson 7/8 stoðsendingar, Haukur Óskarsson 6, Helgi Björn Einarsson 5/9 fráköst.
ÍR: Robert Jarvis 32, Nemanja Sovic 21/8 fráköst, James Bartolotta 15, Hjalti Friðriksson 12/6 fráköst, Húni Húnfjörð 2, Ellert Arnarson 1/5 fráköst/7 stoðsendingar, Eiríkur Öunundarson 1

Jólastjarnan skein skært

Uppgjör liðanna í öðru og þriðja sæti stóðst aldrei væntingar um spennu. Stjarnan lék við hvern sinn fingur gegn slöku liði Keflavíkur og vann.

KÖRFUBOLTI Stjarnan skellti Keflavík 107-91 í Iceland Express deild karla í körfubolta í gær í uppgjöri liðanna í öðru og þriðja sæti.

Jafnræði var með liðunum allan fyrsta leikhlutann en Stjarnan var þó fjórum stigum yfir þegar annar leikhlutur hófst 32-28.

Stjarnan byrjaði annan leikhlutu með látum og þegar hann var hálfnaður var munurinn ellefu stig, 49-38. Stjarnan náði mest 16 stiga forystu í öðrum leikhlutu en munurinn í hálfleik var fjórtán stig 61-47.

Allt annað var að sjá til Keflavíkur í upphafi þriðja leikhlutu. Liðið fór að berjast fyrir hverjum einasta bolta og bjóða upp á varnarleik. Keflavík tókst að minnka muninn niður í sex stig á fjórum mínútum 66-60 en þá féll Keflavík aftur í gamla farið. Stjarnan var sjö stigum yfir fyrir fjórða leikhlutu 78-71 og stjórnaði ferðinni án nokkurra vandræða út leikinn og vann að lokum öruggan 16 stiga sigur 107-91.

„Liðsheildin var frábær í dag. Það voru allir í liðinu tilbúnir í slaginn og allir á sömu línunni. Það voru allir tilbúnir að leggja á sig fyrir félagana í liðinu og þá erum við mjög sterkir og góðir og þetta var líklega besti leikurinn okkar í vetur,“ sagði Teitur Örylgsson, þjálfari Stjörnunar, í leiklok.

„Við fengum mörg stig á okkur framan af. Keflavík hitti mjög vel í byrjun, fékk fimm þrista. Venjulega dettur þriggja stiga prósentan niður er líður á leikina og það var raunin núna. Við náðum líka að stíga upp og laga okkur að því sem þeir voru að gera og mér fannst það ganga mjög vel,“ sagði Teitur en lið hans lék frábærliga allan leikinn fyrir utan fyrstu mínútu þriðja leikhlutu.

„Við finnum aftur okkar jafnvægi og þá fannst mér þetta ekki vera spurning. Það voru allir tilbúnir í að berjast. Við hefðum unnið alla í dag, það skipti ekki máli hvort það var Grindavík, Keflavík eða hvaða lið sem er. Ég held að við hefðum unnið alla í dag. Það er virkilega gaman að fara með svona góða tilfinningu inn í jólin og með sjálfstraust.



BARÁTTUHUNDUR Teitur Örylgsson, þjálfari Stjörnunar, var ánægður með strákana sína í gær.

Það líður öllum vel eftir þetta og menn geta borðar mat með góðri samvisku,“ sagði Teitur að lokum.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, var ekki eins upplitsdjarfur og kollegi hans hjá Stjörnunni.

„Við gátum ekkert. Við spilðum enga vörn og vorum ömurlegir,“ sagði Sigurður en Keflavík réði ekkert við hæð Stjörnunar í teignum en Stjarnan tók 40 fráköst gegn aðeins 18 hjá Keflavík.

„Við fráköstum mjög illa í þessum leik og vorum lélegir. Við náðum þessu niður en svo falla menn aftur í sama farið og verða

týndir, þetta var mjög skrítið,“ sagði Sigurður.

„Við spilðum ágætis vörn í nokkrar mínútur í byrjun seinni hálfleiks og náðum þessu niður í leik eins og við viljum en svo dattum við niður. Ég veit ekki hvað kom fyrir mína menn. Við erum ekki með mikla breidd og þegar það leika ekki allir á fullu og gera þetta saman sem lið þá getum við ekki neitt,“ sagði Sigurður en fyrir utan útlendingana Þrjá, Gerrard, Parker og Cole skilðu fáir framlagi í stigaskorun og ætti það að valda Keflvík-ingum áhyggjum.

- gmi

N1-deild karla:

Valur-Akureyri 23-30
Valur - Mörk (skot): Sturla Ásgeirsson 9/3 (17/4), Anton Rúnarsson 6 (12), Finnur Ingi Stefánsson 4 (5), Magnús Einarsson 2 (5), Atli Már Báruson 1 (1), Arnar Daði Arnarsson 1 (2).
Varin skot: Hlynur Morthens 6 (29/1, 21%), Ingvar K. Guðmundsson 2 (9, 22%), Hraðaupplauur: 3 (Sturla, Finnur, Arnar)
Fiskuð víti: 3 (Anton 2, Gunnar)
Akureyri - Mörk (skot): Bjarni Fritzzson 10/1 (10/1), Guðmundur H. Helgason 6 (13), Oddur Grétarsson 4 (5), Geir Guðmundsson 4 (7), Hörður Fannar Sigþórsson 3 (3), Heiðar Þór Aðalsteinsson 2 (4), Guðlaugur Arnarsson 1 (1).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 10 (29/2, 34%), Stefán Guðnason 3 (7/1, 43%), Hraðaupplauur: 8 (Bjarni 2, Oddur 2, Heiðar 2, Guðlaugur, Guðmundur)
Fiskuð víti: 1 (Oddur)



FÖGNUMUR Alfreð gat leyft sér að fagna eftir dramátískan sigur sinna manna.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Meistaradeildin í handbolta: Kiel hafði betur gegn AG

HANDBOLTI Það var sannkallaður stórslagur í Meistaradeildinni í gær þegar Íslendingaliðin Kiel og AG Köbenhavn mættust í Kiel.

Danska ofurliðið kom nokkuð á óvart með því að standa í Kiel og rúmlega það því liðið leiddi í leikhlefi með tveimur mörkum, 12-14.

Í síðari hálfleik hélt AG áfram að spila vel og náði þriggja marka forskoti, 17-20. Þá hrökk allt í baklås hjá AG og Kiel skoraði fimm mörk í röð. Eftir það leit liðið aldrei til baka og landaði afar sætum tveggja marka sigri, 28-26.

Kiel komst með sigrinum í efsta sæti riðilsins þar sem það hefur stigi meira en AG.

Athygli vakti að Ólafur Stefánsson lék allan leikinn fyrir AG þó svo hann sé nýstíginn upp úr erfiðum meðslum. Guðjón Valur Sigurðsson lék einnig allan leikinn fyrir AG og Snorri Steinn Guðjónsson spilaði mestan hluta leiksins. Aron Pálmarsson lék svo vel í liði Kiel.

- hbg

Akureyri á stöðugri uppleið um þessar mundir og sótti bæði stigin í Vodafone-höllinni gegn Val í gær:

Ráða fáir við okkur þegar allir eru heilir

HANDBOLTI Akureyri vann öruggan sigur á Val, 30-23, í Vodafone-höllinni í síðasta leik liðanna fyrir frá deildarkeppninni fram í byrjun febrúar. Eftir jafnan fyrri hálfleik hafði Akureyri yfirhöndina allan síðari hálfleikinn og sigurinn í raun aldrei í hættu.

Leikurinn hófst rólega og áttu liðin erfitt með að finna taktinn. Sóknarleikur beggja liða var ekki upp á marga fiska og þurftu leikmenn heldur betur að hafa fyrir hverju einasta marki. Fyrri hálfleikurinn var jafn og munaði aldrei miklu á liðunum. Sturla Ásgeirsson, leikmaður Vals, var frábær í hálfleiknum en hann gerði sjö mörk á fyrstu 30 mínútu leiksins.

Akureyri byrjaði síðari hálfleikinn miklu betur en heimamenn og voru mun ákveðnari í öllum sínum aðgerðum. Fljótlega voru þeir komnir sjö mörkum yfir, 23-16. Þá komu Valsmenn örliði til baka og skoruðu fjögur mörk í röð en lengra komust heimamenn ekki og Akureyri vann öruggan sjö marka sigur 30-23.

„Þetta var frábær sigur hjá okkur og við erum að bæta okkur jafnt og þétt með hverjum leik,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, eftir sigurinn í gær.

„Sóknarlega var liðið eilítið hikandi í fyrri hálfleiknum og við vorum að spila bara allt of hægt en það small allt í seinni hálfleiknum. Ég er virkilega feginn að komast í smá pásu núna og fá tækifæri til að hvíla leikmenn og koma hópnunum í almennilegt stand. Við erum með frábært lið og þegar allir eru heilir þá ráða fáir við okkur.“

„Þetta var mjög súrt tap,“ sagði Sturla Ásgeirsson, fyrirlíði Vals, eftir tapið í gær.

„Leiðinlegt að fara inn í fríið með tap á bakinu og einnig erum við komnir þremur stigum á eftir Akureyri eftir þennan leik sem er mjög slæmt. Ég var ánægður með fyrri hálfleikinn og við vorum alls ekki síðri aðilinn þá. Síðan hrynur bara okkar leikur í síðari hálfleiknum hvort sem það er vörn, sókn eða markvarsla. Það verður nóg að gera hjá okkur í þessu svokallaða fríi.“

- sáþ



HVERT ERT ÞU AÐ FARA? Valsmaðurinn Gunnar Harðarson fær hér óblíðar móttök frá varnarmönnum Akureyrarliðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VEIÐI JÓLA GJÖF

**FÖT,
STANGIR
OG HJÓL**

Veidiflugur

Langholtsveg 111 Reykjavík
www.veidiflugur.is | S: 527 1060

GÓÐAR JÓLAGJAFIR FYRIR LÍKAMSRÆKTINA!



**ENERGETICS
HOPPREP SPEED**
Sippuband fyrir
þrekþjálfun.

1.690



**ENERGETICS YOGA
MOTTA + TASKA**
Jógamotta með tösku.

4.990

9.990

[fullt verð 12.990]



ADIDAS SUMBRAH

Léttir æfingaskór úr leðri. 3-d dempun í hæl. Mjög góðir í ZUMBA-leikfimi. Dömsutærðir.



ADIDAS VERVE SUIT
Íþróttagalli. Dömsutærðir.

12.490

[fullt verð 15.990]



**TILBOÐ!
BUXUR OG
BOLUR**

10.990

[fullt verð 13.980]

ADIDAS ESSENTIALS MULTIFUNCTIONAL TEE Æfingabólur með góðri öndun. Litir: Svartur, fjöluþlár. Dömsutærðir. Fullt verð: 5.490.
ADIDAS ESSENTIALS CUFFED PANT Æfingabuxur úr bómull. Dömsutærðir. Fullt verð: 8.490.

8.990

[fullt verð 12.990]



NIKE MULTICOURT 9

Innanhússkór úr leðri með stöðugum sóla sem grípur vel og lítur ekki gólf. Herrastærðir.



NIKE SWOOSH CREW VENEER
Æfingapeysa úr bómull og polyester. Herrastærðir.

5.990

[fullt verð 7.490]



**TILBOÐ!
BUXUR OG
BOLUR**

11.990

[fullt verð 14.480]

NIKE CLASSIC FLEECE CUFFED PANT Íþróttabuxur. Litir: Gráar, svartar. Herrastærðir. Fullt verð: 9.990.
NIKE DRI-FIT CREW TEE VERSION 2.0 Æfingabólur úr DRI-FIT bómullarefni. Litir: Blár, svartur, rauður, grár. Fullt verð: 4.490.

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 19. – 24. DESEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eda myndabrengl.



HETJAN Messi sýndi frábæra takta í gær og skoraði tvö mörk. NORDIC PHOTOS/AFP

Barcelona vann HM félagsliða Yfirspiluðu Santos

FÓTBOLTI Barcelona varð heimsmeistari félagsliða í gær með öruggum 4-0 sigri á brasilíska liðinu Santos.

Talsvert var gert úr því að í leiknum myndi besti knattspyrnumaður heims, Lionel Messi, mæta efnilegasta leikmanni heims, Neymar. Í leiknum mátti sjá að það er talsvert bil á milli þess besta og efnilegasta. Á meðan Messi lék á alls oddi og skoraði tvö mörk komst Neymar lítt áleiðis. Yfirburðir Barcelona í leiknum voru ótrúlegir. Messi var valinn besti leikmaður mótisins.

Hin mörk Barcelona skorðu Xavi og Cesc Fabregas. Staðan var 3-0 í hálfleik og Barca gat því slakað á klónni í síðari hálfleik en samt haft betur.

„Ég veit ekki hvort Barcelona er ósigrandi en þetta er besta lið heims. Við lærðum í dag hvað fót-bolti er,“ sagði hinn 19 ára gamli Neymar auðmjúkur eftir leikinn „Þetta var bara kennslustund í fótbolta.“ - hbg

Það vantaði aga og festu í hópinn

Aron Kristjánsson er búinn að rífa Haukana upp á nýjan leik. Hann segir að margt hafi breyst hjá félaginu á því eina ári sem hann var fjarverandi. Það hafi því verið mikil áskorun að rífa Haukana aftur upp á meðal þeirra bestu. Hann stefnir ekki á að þjálfa aftur erlendis á komandi árum.

HANDBOLTI Þjálfarinn Aron Kristjánsson er að gera magnaða hluti með lið Hauka í N1-deild karla og hefur sýnt enn og aftur að hann er einn af okkar bestu þjálfurum um þessar mundir.

Aron gerði Hauka að Íslandsmeisturum þrjú ár í röð áður en hann hélt í viking til Þýskalands, þar sem hann tók við liði Hannover-Burgdorf. Aron var rekinn frá félaginu undir lok síðasta tímabils og ákvað að koma aftur heim.

Á meðan Aron var úti gekk allt á afturfótunum hjá Haukum, sem komust ekki einu sinni í úrslitakeppnina. Var því ekki búist við allt of miklu af liðinu í vetur en undir stjórn Arons er það frekar óvænt á toppi deildarinnar.

„Mér fannst margt hafa breyst hjá Haukunum á þessu ári sem ég var úti. Bæði voru það áherslur hjá félaginu og að mér fannst vanta harðari ramma í kringum liðið og aukið skipulag. Það hafði talsvert verið slakað á klónni frá því ég var síðast á Ásvöllum,“ sagði Aron um heimkomuna.

Halldór Ingólfsson tók við af Aroni en undir stjórn Halldórs virkaði lið Hauka óagað og ekki í nægilega góðu líkamlegu formi. Fór því svo að Halldór var rekinn og Gunnar Berg Victorsson klárði tímabilið sem þjálfari liðsins.

„Þegar félög hafa verið lengi á toppnum sofna menn stundum á verðinum og taka árangrinum sem sjálfsögðum. Það er ekki gott því það krefst mikillar vinnu og fagmennsku að vera á toppnum,“



AGI OG FESTA Aron hefur komið skikki á leik Haukaliðsins á nýjan leik og það mætir Íslandsmeisturum FH í stórleik í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

sagði Aron, en flestir voru á því að ungu strákarnir í Haukaliðinu hefðu tekið skref til baka í fyrra.

„Ég sá talsvert af leikjum með þeim á netinu í fyrra og það vantaði stöðugleika og karakter. Menn virkuðu líka ekki í nægilegu góðu líkamlega standi. Það sýndi sig er leið á tímabilið.“

Aron var fljótur að taka til hendinni eftir að hann tók við

á nýjan leik og æfðu Haukarnir gríðarlega vel í sumar. „Það þurfti að herða agann í kringum liðið og fá menn til þess að leggja sig mikið fram. Við byrjuðum því snemma að æfa af krafti og bæta líkamlega þáttinn. Það var mikið um mælingar og vigtanir í allt sumar til að halda á mönnum á tánum. Þær mælingar komu ekki vel út í byrjun sumars en síðan

voru miklar framfarir enda menn að taka vel við sér.“

Aron segir að það hafi verið áskorun fyrir sig að koma Haukum aftur í hóp þeirra bestu. Eru framfarirnar samt hraðari en hann gerði ráð fyrir?

„Ég var ekki með þær væntingar að við yrðum á toppnum í kringum jólin. Ég vildi að við bættum okkur stíg frá stigi og sæjum svo hvað gerðist.“

Þjálfarinn geðugi er þekktur fyrir að koma vel fyrir og missir sjaldan stjórn á skapi sínu. Það gerðist þó á Akureyri um daginn er Haukar töpuðu á síðustu sekúndu. Þá reiddist Aron verulega, rauk inn á völinn og fór hálfur úr bolnum í reiðikasti.

„Konan mín er búin að nudda mér upp úr þessu daglega og þetta gerist því örugglega ekki aftur. Ég er vanur að halda ró minni en þarna var ég orðinn svo pirraður því við vorum slakir út af einbeitingarleysi. Svo köstum við þessum leik út um gluggann og ég varð bara mjög pirraður og brást svona við. Ég reif í bolinn og svo festist hann á hausnum á mér,“ sagði Aron og hló við er hann rifjaði þetta atvik upp.

Fjölskylda Arons var mjög ánægð með að komast aftur heim til Íslands og því gerir hann ekki ráð fyrir því að reyna fyrir sér aftur erlendis á næstu árum.

„Það er mikil gleði yfir því að vera komin heim. Ef svo færi þá færi ég einn en það er ekkert að fara að gerast á næstu árum, tel ég.“

henry@frettabladid.is

NETFRELSI

BYLTING Í ÞÆGINDUM

Nú getur þú horft á Stöð 2 hvar og hvenær sem er.

Stöð 2 Netfrelsi gerir þér kleift að horfa á eftirlætis þættina þína í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni – þegar þér hentar.

Nýjung fyrir áskrifendur Stöðvar 2

Allt upphaldsefnið þitt, innlent og erlent er aðgengilegt í tvær vikur eftir frumsýningu. Farðu inn á stöð2.is, veldu Netfrelsi, skráðu þig og byrjaðu að horfa - en hver þáttur kostar aðeins 30 Stöðvar 2 punkta fyrstu tvo mánuðina. Nýttu þér Stöð 2 Netfrelsi - hvar og hvenær sem er!



SNJALLSÍMI



SPJALDTÖLVA



TÖLVA



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR



PHILIPS SENSEO KAFFIVÉL

Philips HD7810SV
1450w Senseo Kaffivél sem
fyrir 1-2 bolla í einu. Hver
bolli er ferskur með froðu.
Tekur aðeins 30 sek. að laga.
Auðvelt að hreinsa.

*Tveir Merrild
Intense kaffi-
pakkar fylgja.*



TILBOÐ
14.995

FULLT VERÐ 18.995



50"
PLASMA

600Hz - REAL BLACK

Panasonic TXP50C3
• 50" HD Ready Plasma sjónvarp
• Vreal Plus og 24p Playback

• 600Hz Sub Field Drive
• 2.000.000:1 í dýnamískri skerpu
• Háskerpu HDTV DVB-T móttakari

TILBOÐ
149.995

FULLT VERÐ 199.995

SEVERIN

Severin PC3751
Poppkornsvél sem
býr til poppkorn
með heitu lofti á 2,5
mínútum.



TILBOÐ
4.995

FULLT VERÐ 5.995

PHILIPS

Philips HR1364
Kröftugur 600w
töfrasproti með
beytara og skál.



VERÐ
7.995

FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD

Kenwood BL650
Óflugur 600w blandari með 2
lítra glerskál, þremur hröðum,
forstillingum fyrir drykki,
súpur, dýfur, sósur og ís.



Burstað ál

TILBOÐ
12.995

FULLT VERÐ 16.995

KENWOOD

Kenwood HB795
700w kMix töfrasproti
með 5 hröðum og 4
aukahlutum. Tekur
1 líter. Hágæða ál
hýsing.



VERÐ
19.995

FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD
kMix

Panasonic

Panasonic KXTG6511
Práðlaus DECT sími með stórum 1,8" LCD baklýstum skjá, lýstu
lyklaborði og 100 númerabirti með tíma og dagsetningu.



**FÆST MEÐ
2 TÓLUM Á 9.990
OG 3 TÓLUM Á 15.990**

VERÐ
6.995

FRÁBÆRT VERÐ

*Sendir rauðan ljósgeisla
með „tímanum“ upp í
loft eða á vegg.*

PHILIPS

Philips AJ5030
Útvarpsvekjari sem sendir
rauðan geisla (klukku) upp
í loft. Útvarp með minni.
2 vekjarar. Stigvaxandi
hringitónn. Birtustillir.
Svefnrofi. Vekur með
tónlist, útvarpi eða
buzzer.



TILBOÐ
9.995

FULLT VERÐ 11.995

Multitrimmer SKEGGSNYRTIR og RAKVÉL með hleðslu
á FRÁBÆRU TILBOÐI

PHILIPS

Philips PT72080
2 tæki saman í pakka. PowerTouch hleðslurakvél
með Super Lift&Cut rakhnífum og góðu gripi og
7in1 Multitrimmer snyrtir með hleðslu fyrir skegg,
hár, eyrnahár, nefhár og augabrýr.



TILBOÐ
14.995

FULLT VERÐ 18.995



PHILIPS

Philips SPF1208
Stafrænn 8" LCD myndarammi með 800 x
600p upplausn, 500:1 skerpu, 512MB minni.
Spilar myndir af USB 2.0 eða minnskortum.
Klukka, skyggusýning og vafri.

TILBOÐ
16.995

FULLT VERÐ 22.995



android
technology



PHILIPS

Philips AS111
Glæsileg Android vaggja með 360°
hljóðkerfi og þáðlausu Bluetooth. 4w
RMS stereo magnari. Neodymium
hátölur. Hleður síma. 100v og 230v.

VERÐ
19.995

Frábært VERÐ



PHILIPS

Philips AZ1850
Óflugt ferdataeki með geislaspilara, FM/MW
útvarpi með minnum, 2-Way Bass Reflex
hátölurum, USB tengi, MP3 Link, USB afspilun MP3
og WMA, heyrnartólstengi, 2ja þrepa bassa ofl.

TILBOÐ
19.995

FULLT VERÐ 23.995

DÚNDUR HEIMABIÓ MEÐ BLU-RAY SPILARA



PHILIPS

Philips HTS5131
400w heimabiókerfi með Blu-Ray spilara með 1080p uppskolun, DTS-HD og
Dolby TrueHD 5.1 Surround Sound, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital,
Double BASS, DTS-HD Ambisound, Dolby True HD, MP3 line-in, HDMI, USB, RDS
FM útvarpi með 40 minnum, NET TV, USB 2.0 flash drifi ofl.

VERÐ
139.995

FRÁBÆRT VERÐ



OPIÐ TIL 22.00 ALLA DAGA TIL JÓLA

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

QPR - MAN. UTD	0-2
0-1 Wayne Rooney (1.), 0-2 Michael Carrick (56.)	
ASTON VILLA - LIVERPOOL	0-2
0-1 Craig Bellamy (11.), 0-2 Martin Skrtel (15.)	
TOTTENHAM - SUNDERLAND	1-0
1-0 Roman Pavlyuchenko (61.)	
MAN. CITY - ARSENAL	1-0
1-0 David Silva (53.)	
BLACKBURN - WBA	1-2
0-1 James Morrison (51.), 1-1 Scott Dann (71.), 1-2 Peter Odemwingie (88.)	
EVERTON - NORWICH CITY	1-1
0-1 Grant Holt (27.), 1-1 Leon Osman (80.)	
FULHAM - BOLTON WANDERERS	2-0
1-0 Clint Dempsey (31.), 2-0 Bryan Ruiz (33.)	
WIGAN ATHLETIC - CHELSEA	1-1
0-1 Daniel Sturridge (58.), 1-1 Jordi Gomez (87.)	
WOLVES - STOKE CITY	1-2
1-0 Stephen Hunt (16.), 1-2 Peter Crouch (69.)	
NEWCASTLE - SWANSEA	0-0

STADAN:

Man. City	16	13	2	1	50-15	41
Man. United	16	12	3	1	37-14	39
Tottenham	15	11	1	3	31-18	34
Chelsea	16	10	2	4	34-19	32
Arsenal	15	9	2	4	31-23	29
Liverpool	16	8	5	3	20-13	29
Newcastle	16	7	6	3	21-19	27
Stoke City	16	7	3	6	18-25	24
Norwich City	16	5	5	6	25-29	20
Aston Villa	16	4	7	5	18-21	19
Fulham	16	4	6	6	18-18	18
Swansea City	16	4	6	6	16-20	18
WBA	16	5	3	8	16-24	18
Everton	15	5	2	8	16-19	17
QPR	16	4	4	8	15-28	16
Sunderland	16	3	5	8	18-19	14
Wolves	16	4	2	10	17-30	14
Wigan Athletic	16	3	4	9	15-30	13
Blackburn	16	2	4	10	23-36	10
Bolton	16	3	0	13	20-38	9



SVEKKTUR Cech gaf Wigan mark sem kostaði Chelsea tvö stig.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Chelsea missteig sig:

Cech gaf Wigan jólagjöf

FÓTBOLTI Jólin komu snemma hjá Wigan um helgina. Petr Cech, markvörður Chelsea, brá sér þá í gervi jólasveinsins og gaf Wigan mark sem skilaði þeim einu stigi gegn Chelsea. Hann hélt ekki frekar lausu skoti, Wigan náði frákastinu og skoraði.

Andre Villas-Boas, stjóri Chelsea, vildi ekki kenna markverðinum alfarið um markið.

„Það var röð mistaka sem leiddi til marksins. Wigan nýtti sér einbeitingarleysi okkar til þess að skora,“ sagði Villas-Boas sem vildi augljóslega ekki brjóta markvörðinn meira niður. - hbg

Manchester United sýndi loksins flottan fótbolta er liðið sótti Heiðar Helguson og félagi í QPR heim:

Stórskotahríð hjá United en aðeins tvö mörk

FÓTBOLTI Eftir að hafa spilað hundleiðinlegan fótbolta í margar vikur sýndi Man. Utd loksins í gær hvað í liðinu býr. Það spilaði hraðan og leiftrandi sóknarfótbolta.

Reyndar vann liðið aðeins 2-0 sigur en mörkin hefðu hæglega getað verið mikið fleiri enda óð United í færnum og skaut meðal annars í þriggja markstangir QPR-liðsins.

Fyrri mark leiksins kom eftir aðeins 51 sekúndu. Rooney og Valencia léku vel sín í milli. Valencia gaf fyrir og Rooney stangaði knöttinn í netið.

Michael Carrick átti síðan sjaldséðan sprett upp allan vallarhelming QPR og skoraði með slöku skoti sem markvörður QPR hefði átt að verja. Reyndar var þetta ekki mikill sprettur. Meira gott hlau en markið taldi.

„Mér fannst frammistaða liðsins góð en ég var ekki ánægður með nýtinguna á færnum,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, eftir leikinn.

„Við hefðum í raun átt að klára leikinn á fyrsta hálf tímnum. Við óðum hreinlega í færnum. Í heild var þetta samt flott frammistaða.“

Ferguson hrósaði Michael Carrick sem var að skora sitt fyrsta mark í 70 leikjum.

„Carrick klárar leikinn fyrir okkur og hann stóð sig frábærlega. Hann er kominn í virkilega gott form og ég er verulega sáttur við hans frammistöðu. Hann og Phil Jones réðu algjörlega miðjunni.“

- hbg



FLJÓTUR AÐ SKORA Rooney kom Man. Utd yfir eftir aðeins 51 sekúndu með góðu skallamarki. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

David Silva slökkti á skyttunum

Spánverjinn David Silva skoraði eina mark leiks Man. City og Arsenal í gær. Leikurinn var hraður og skemmtilegur. Arsenal hefði hæglega getað fengið eitthvað úr leiknum. Arsenal átti að fá víti.

FÓTBOLTI Man. City var búið að hrista af sér tapleikinn gegn Chelsea í gær er það tók á móti sjöðheitu liði Arsenal. Skytturnar frá Lundúnaborg hafa verið í miklu stuði síðustu vikur en mark Davids Silva slökkti á þeim.

Leikurinn var mjög líflegur og bæði lið sóttu af miklum krafti. Þrátt fyrir nokkur álitleg færi tókst liðunum ekki að skora mark í fyrri hálfleik.

Snemma í síðari hálfleik kom síðan markið sem réði úrslitum leiksins. Mario Balotelli átti fínt skot að marki sem Szczesny náði ekki að halda. Hann varði boltann út í teiginn og eftir smá hark um boltann féll hann fyrir fætur Silva sem mokaði honum yfir línuna af stuttu færi.

Arsenal lagði allt undir til þess að jafna í lokin og þeir áttu klárlega að fá vítaspyrnu þegar boltinn fór í hönd Micah Richards inni í teig. Phil Dowd dómari var fullkomlega staðsettur en hann virtist skorta kjark til þess að dæma vítið.

Í uppbótartíma átti Thomas Vermaelen þrumuskot að marki City en Joe Hart varði vel. Þá var orðið



ENDURKOMA SVEFNPOKANS Arsene Wenger, stjóri Arsenal, dró svefnpokann fram á nýjan leik en það skilaði ekki neinu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

ljóst að Arsenal myndi ekki skora í leiknum og það varð líka raunin.

„Þetta er risasigur fyrir okkur. Við vanmátum ekki mikilvægi þessa leiks og erum gríðarlega sáttir við sigurinn,“ sagði Vincent Kompany, hinn sterki varnarmaður Man. City. „Við erum vanir að sækja mikið og skora mikið en það gekk ekkert að klára færin að þessu sinni. Við vörðumst líka vel og það var ánægjulegt að halda hreinu.“

Joe Hart, markvörður Man. City, hefur leikið vel með City í vetur og hann stóð svo sannarlega fyrir sínu í gær.

„Það var pressa á okkur þar sem hið frábæra lið Man. Utd vann fyrr um daginn. Við náðum að yta vonbrigðunum gegn Chelsea og í Meistaradeildinni til hliðar og náðum að komast aftur á toppinn. Þetta var mjög góður dagur,“ sagði brosmildur Hart eftir leik.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var að vonum svektur yfir að fá ekkert úr leiknum en hans menn voru ansi nálægt því.

„Það er erfitt að setta sig við tap eftir mikla sigurhruinu. Sérstaklega þar sem við fengum tækifærin til þess að skora. Við getum huggað okkur við að það voru mikil gæði í okkar leik að þessu sinni,“ sagði Wenger.

„Það er gríðarlega svekkjandi að tapa svona leik en við megum ekki tapa trúnni á okkur sjálfa. Liðið sýndi framúrskarandi baráttuanda í þessum leik og við verðum að halda áfram á sömu braut. Það er ekkert annað í boði.“

Roberto Mancini, stjóri Man. City, sagði sigurinn hafa verið afar mikilvægur.

„Eftir tapið gegn Chelsea mátti þessi leikur ekki tapast. Þetta var frábær leikur fyrir alla sem sáu og ég tel að sigur okkar hafi verið verðskuldaður.“ henry@frettabladid.is



HETJAN FAGNAR David Silva leyfði sér að fagna sigurmörkinu innilega í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Aston Villa veitti Liverpool afar litla mótstöðu á heimavelli sínum í gær:

Markstangirnar fyrir en samt sigur

FÓTBOLTI Liverpool vann mjög auðveldan sigur á Aston Villa á Villa Park í gær. Liverpool réði lögum og lofum frá upphafi og 0-2 sigur ekki í neinni hættu.

Mörkin hefðu hæglega getað orðið fleiri en líkt og áður í vetur voru markstangirnar að þvælast fyrir leikmönnum liðsins.

Sigurinn engu að síður góður og bæði mörkin komu eftir hornspyrnur.

„Mér fannst þetta vera afar verðskuldaður sigur. Ekki bara skorudum við mörk heldur vorum við einnig að láta markstangirnar hafa fyrir því eins og venjulega,“ sagði Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, eftir leikinn.

„Hjá okkur snýst allt um liðsheilid. Við sækjum saman og verjumst saman. Það vinnst ekkert með því að annaðhvort vörn eða sókn sé góð. Við gerum allt saman



BENSÍNIÐ EKKI BÚIÐ Bellamy átti finan leik með Liverpool í gær og skoraði annað marka liðsins. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

hjá þessu liði.“ Stewart Downing, leikmaður Liverpool, lék sinn fyrsta leik gegn sínu gamla félagi og fékk heldur kaldar móttökur.

„Það sem fór aðallega í taugarnar á þeim er hvað hann var góður. Stewart er frábær leikmaður.“

- hbg

Kröftugar NILFISK ryksugur

Tilboðsverð: 15.800 kr.

áður: 19.900 kr.

Tilboðsverð: 16.800 kr.

áður: 21.400 kr.



Tilboðsverð: 37.800 kr.

áður: 44.600 kr.

FÖNIX

- eitthvað gamalt og gott

FÖNIX Raftækjaverslun • Háttúni 6a • Sími 552 4420 • fonix@fonix.is • www.fonix.is

Settu hjól í jólapakkann,
gjöf sem endist.
Mongoose Alvöru Hjól



20%
afsláttur
af hjólum fyrir Jólin

20%
afsláttur
af þrekkækjum fyrir Jólin



Þú færð næstum allt fyrir
líkamsræktina í GÁP



Hjálmar, ljós og
hraðamælar



Verð frá 3.990



Verð frá 1.990



Mikið úrval af æfingadýnum
verð frá 3.990



Verð 1.990



Everlast boxvörur í úrvali

Verð frá 19.900



Verð frá 5.990



Æfingaboltar
verð frá 3.990



Mikið úrval af alvöru Yogadýnum, Hot
Yoga handklæði, belti, kubbar ofl



Stiga sleðar
verð frá 11.990



GAP

HJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200

GÁP býður upp á Alvöru æfingataeki fyrir Fyrirtæki og líkamsræktar-
stöðvar frá STARTRAC einnig sér tæk íþróttagólfefni frá PAVIGYM
GÁP setti upp öll tæki og gólfefni fyrir Reebok Fitness Holtagörðum
www.reebokfitness.is

STARTRAC



Reebok
FITNESS

WWW.GAP.IS

> Stöð 2 kl. 19.55

Jamie's Family Christmas

Breski meistarakokkurinn Jamie Oliver er mættur með gómsæta jólabætti sem verða á dagskrá næstu fimm daga á Stöð 2. Í fyrsta þættinum er kalkúnn á matseðlinum með fyllingu, sósu og öllu tilheyrandi.



dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR VAR MÆÐ LÆTI Klisjukennd klassík

Gamlar hetjur heilsuðu mér á laugardagskvöld. Bruce Willis sást á skjánum – eins og gerist reyndar reglulega – íklæddur blóðuga einkennisklæðnaðinum, reykjandi og jibbi-kæ-jeijandi. Ekki þóttu mér þetta þó eins góðir tveir tímar eins og þeir voru í minningunni, en hressandi engu að síður. Brúsarinn er alltaf góður, eins og dagskrárstjórn Stöðvar 2 hefur sennilega einnig fundist, vegna þess að hann tók sér einungis 90 mínútna pásu áður en hann var mættur aftur. Líka í hlýraból. Mel Gibson brúaði bilið á milli þess sem McCain/Stamper var



með hár og ekki, og ég sat sem fastast fyrir framan skjáinn og naut mínútnanna mismikið. Aðra útgáfu Leathal Weapon er ekki hægt að setja í sama klassa og þá af Die Hard, einfaldlega vegna þess hversu geigvænlegt gæðabilið er á milli aðalleikaranna. Armageddon svæfði mig undir lokin og ekki ætla ég að hafa mörg orð um þá ræmu. I do want to miss some things (fliss). Þessi laugardagstrilógía þótti mér afbragðsgott viðmið þegar ég fékk þá hugmynd að velta upp muninum á klisju og klassík. Ræðið.

RÚV

- 11.30 Jólادagatalið - Sáttmálinn (e)
- 12.00 Enginn má við mörgum (1:7) (e)
- 12.30 Myndheimur Ólafar Nordal
- 13.00 Tvíburar (1:2) (Twins) (e)
- 13.55 Kingdom lögmaður (1:6) (Kingdom III) (e)
- 14.45 Í fótspor Tangerbúans – Ferðapró (1:3) (Travels with a Tangerine)
- 15.50 Tíu mínútna sögur – Falli snjór (Ten Minute Tales)
- 16.05 Landinn (e)
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Tákmalfréttir
- 17.30 Babar (7:26)
- 17.52 Mærin Mæja (45:52)
- 18.00 Jólادagatalið - Sáttmálinn
- 18.25 Övænt heimsókn (3:5) (Uventet besøg)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Leynardómar eldfjallsins (Into the Volcano)
- 21.10 Hefnd (3:13) (Revenge)
- 22.00 Túfréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn
- 23.00 Réttur er settur (25:25) (Raising the Bar)
- 23.45 Kastljós (e)
- 00.15 Fréttir
- 00.25 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 I'ts a Boy Girl Thing
- 10.00 Full of It
- 12.00 Herbie: Fully Loaded
- 14.00 I'ts a Boy Girl Thing
- 16.00 Full of It
- 18.00 Herbie: Fully Loaded
- 20.00 Too Big To Fail
- 22.00 Hudsucker Proxy
- 00.00 The Hoax
- 02.00 Hammer of the Gods
- 04.00 Hudsucker Proxy
- 06.00 Angels & Demons

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Íínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (78:175)
- 10.15 Jólarettir Rikku
- 10.55 Masterchef (9:13)
- 11.45 Mercy (17:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 America's Got Talent (1:32)
- 14.25 America's Got Talent (2:32)
- 15.10 ET Weekend
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.25 Nágrannar
- 17.52 The Simpsons (13:21) Sideshow Bob losnar úr fangelsinu og dáleidur Bart til að myrða trúðinn Krusty.
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Ípróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.21 Veður
- 19.30 Malcolm in the Middle (17:25)
- 19.55 Jamie's Family Christmas Jamie Oliver er snillingur þegar kemur að því að framreiða fljótlegan og gómsætan mat. Nú býður hann okkur velkominn á heimili sitt þar sem hann sýnir okkur hvernig hægt er að undirbúa veislumat með litilli fyrirhöfn og njóta þess um leið að vera í fadmi fjölskyldu og vina.
- 20.25 Glee (9:22) Þriðja gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvisu þrátt fyrir mikið mót-læti frá klappstýrukennaranum Sue sem nýtir hvert tækifæri til þess að koma höggi á söngkennarann Will og hæfileikahópinn hans.
- 21.15 Covert Affairs (11:11)
- 22.05 Celebrity Apprentice (7:11)
- 23.35 Twin Peaks (1:22)
- 01.10 Modern Family (2:24)
- 01.35 Mike & Molly (14:24)
- 02.00 Chuck (13:24)
- 02.45 Terra Nova
- 03.30 Community (10:25)
- 03.55 Waking Sleeping Beauty
- 05.20 Jamie's Family Christmas
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 17.30 HM í handbolta
- 18.55 HM í handbolta
- 20.30 Þorsteinn J. og gestir
- 21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin Útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.
- 23.30 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu

SPORT 2

- 19.30 The Doctors (7:175)
- 20.10 Wonder Years (4:23)
- 20.35 Wonder Years (5:23)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 22.00 The Mentalist (2:24)
- 22.50 The Killing (13:13)
- 23.35 Mad Men (8:13)
- 00.25 Wonder Years (4:23)
- 00.50 Wonder Years (5:23)
- 01.15 The Doctors (7:175)
- 01.55 Sjáðu
- 02.20 Fréttir Stöðvar 2
- 03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

EXTRA

- 07.00 Man. City - Arsenal
- 13.50 Tottenham - Sunderland
- 15.40 Aston Villa - Liverpool
- 17.30 Sunnudagsmessan
- 18.50 Premier League Review 2011/12
- 19.45 PL Classic Matches. Tottenham - Chelsea, 1997
- 20.15 QPR - Man. Utd.
- 22.00 Premier League Review 2011/12
- 23.00 Football League
- 23.30 Wigan - Chelsea

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 16.05 Game Tívi (14:14) (e)
- 16.35 Rachael Ray
- 17.20 Dr. Phil
- 18.05 Top Gear Best of (4:4) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos (22:48)
- 19.20 Everybody Loves Raymond (13:25)
- 19.45 Will & Grace - OPID (17:24) (e)
- 20.10 Kitchen Nightmares (11:13) Latir tvíburar reka veitingastaðinn Capri við Eagle Rock í Kaliforníu. Maturinn er vondur og þjónustan ömurleg. Gordon Ramsey hefur viku til að snúa rekstrinum við.
- 21.00 Parenthood (18:22) Bráðskemmtileg þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnaem og dramatisk. Adam og Kristina eru harð-ákveðin í að tala við Max um Aspergerheil-kenni og leita ráða hjá Dr. Pelickan
- 21.45 Mad Dogs (4:4) Bresk spennuþáttaröð þar sem fylgst er með fjórum fyrrverandi skólafélögum á fertugsaldri sem ferðast til Mallorca til að hitta þann fimmta í hópunum – hinn auðuga Alvo sem hefur komið ár sinni vel fyrir borð á Spáni. Það er komið að lokabættinum og Woody, Quinn, Baxter og Rick eiga erfitt með að snúa sér aftur að daglegu lífi eftir öll ósköpin.
- 22.35 Jimmy Kimmel
- 23.20 Law & Order: Special Victims Unit (14:24) (e)
- 00.05 United States of Tara (11:12) (e)
- 00.35 Outsourced (14:22) (e)
- 01.00 Kitchen Nightmares (11:13) (e)
- 01.45 Mad Dogs (4:4) (e)
- 02.35 Everybody Loves Raymond (e)
- 02.55 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 07.00 The Players Championship (1:4) 10.50 Golfing World
- 11.40 Solheim Cup 2011 (3:3) 18.25 US Open 2011 (4:4) 00.00 ESPN America
- 18.00 Að norðan

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfrégnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfrégnir 10.13 Stofnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfrégnir 12.50 Dánarfrennir 13.00 Hringlól 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjórnumar 15.00 Fréttir 15.03 Útlitssagan: Adventa 15.25 Fólkið og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfrégnir 18.53 Dánarfrennir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kviká 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfrégnir 22.10 Orð kvöldins 22.25 Tónlistarklúbburinn 23.20 Listræninginn 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

06.35 The Weakest Link 07.20 Top Gear 09.05 Top Gear 10.50 QI 11.25 EastEnders 11.55 Top Gear 14.35 QI 15.35 Top Gear 17.25 QI 17.55 QI 18.25 My Family 19.00 My Family 19.30 The Graham Norton Show 20.15 The Graham Norton Show 21.00 Live at the Apollo 21.45 QI 22.15 QI 22.50 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 23.35 The Graham Norton Show 01.05 Live at the Apollo 01.50 QI 02.50 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 03.35 The Graham Norton Show 05.00 QI 05.30 Top Gear

DR 1

12.05 Price og Blomsterberg 12.35 Clement Søndag 13.15 Piger på landet 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Miss Marple 15.00 Vinden i piletræene 15.20 Shanes verden 15.50 Professor Balhazar 16.00 Rockford 16.50 DR Update - nyheder og vejr 17.00 Jamie Olivers familiejul 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet 18.30 Nissebanden i Grønland 19.00 Tæt på isbjørnene 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 2011 - WHATS ON 21.00 Lewis 22.35 OBS

NK 1

12.05 Full storm ved Stad 12.20 Lynjúl 12.25 V-cup alpint 13.15 Nyheter 13.20 Norge rundt 14.00 Nyheter 14.10 Dallas 15.00 Nyheter 15.10 Jessica Fletcher 16.00 Nyheter 16.10 Diet søte juleliv 16.40 Odsasat - nyheter på samisk 16.55 Tegnspråknytt 17.00 Jul i Blåfjell 17.25 Førkvel 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsreyven 18.45 Norge rundt 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsreyven 21 20.30 Buzz Aldrin, hvor ble det av deg i alt myldere? 21.30 Livssynsdirktoratet 22.00 Kveldeknytt 22.15 Taggart

svt1

10.30 Sportspegeln 11.00 Nobel 2011 12.00 En hjärtvärmade historia 12.15 Helgspport i SVT 12.20 Alpint. Världscupen Alta Badia 13.30 Hans majestä får vänta 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Gavin och Stacey 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 17.45 Julkalendern. Tjumasas jul 18.00 Kulturmyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport 19.00 Hur Steve Jobs förändrade världen 20.00 Anno 1790 21.00 Medialized 21.30 Barn av sitt språk 22.00 Kören

INN

20.00 Heilsupáttur Jóhönnu 20.30 Golf fyrir alla 2 21.00 Frumkvöldlar 21.30 Eldhús meistarana

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM							
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útlit Saga	FM 102,9 Lindin	
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útlit Latibær	FM 105,5 Útlit Boðun	



TemprakON dúnsængur
100% hvítur gæsadúnn
20% afsláttur
kr. 37.900,-
Opíð laugardag frá kl. 11-18 og 19.-21. des frá kl. 10-20 • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

Heilsuinniskór

Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.
Sendum frítt út á land - betrabak.is



Parið kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-

TemprakON dúnsokkar

Outlast hitajöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt! Ótrúlega vinsæl jólagjöf!
Kr. 5.990,-



Betra BAK

STÓRMEISTARINN FÆR FULLT HÚS!



„Glæpasögur gerast ekki betri.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ



ARNALDUR INDRIDASON

METSÖLUHÖFUNDUR
ÍSLANDS

„Arnaldur ber höfuð og herðar yfir
aðra krimmahöfunda hér á landi.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON /
FRÉTTATÍMINN

„Spennandi og heilsteypt saga ...“

FRIDRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

„Endirinn er gríðarlega snjall.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR /
KILJAN

„Fremstur norrænna
sakamálahöfunda.“

THE TIMES




VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



„Ég mundi segja að það væri klassikin *Mad Men*. Búningarnir eru fallegir og fólkið líka. Svo er kvikmyndatökan flott og þættirnir ná að fanga tíðarandann vel.“

María Björg Sigurðardóttir, búningahönnuður og annar stofnenda fatamerkisins Klukku.

Ólafur eldar kalkún í Englandi

„Ég sé ekki alveg mig, konuna og litlu börða heilan kalkún. Samt, maður veit aldrei, dóttirin virðist hafa erf matarlist föðursins,“ segir Ólafur Darri Ólafsson. Leikarinn hefur fengið lofsamlega dóma fyrir þátt sinn í uppfærslu Royal Shakespeare-leikhússins á Hróa hetti og mun halda upp á jólin með fjölskyldunni í London, enda að sýna átta sýningar yfir jólahátíðina sjálfa. Ólafur viðurkennir að þetta takið eilítið á, það braki í kroppnum og röddinni fram yfir hádegi á hverjum degi. Ólafur kvartar hins vegar ekki því leikhúsið virðist hafa yfir töluverðum fjármunum að ráða; raddþjálfarar, sjúkrapjálfarar, nuddarar og hreyfipjálfarar eru á launum hjá því allt árið til að fylgjast með leikurum og hjálpa þeim í vinnunni. „Mér

er því farið að líða svolítið eins og knattspyrnumanni eða vedhlaupahesti vegna þjónustunnar.“ Ólafur hefur verið í Englandi síðan í lok september, fyrst í London en svo í Stratford þar sem leikhúsið er. Til að byrja með var sýningin hálfgerð Íslendingánýlenda; Gísli Örn Garðarsson var leikstjóri, Högni Egilsson sá um tónlistina, Selma Björnsdóttir var aðstoðarleikstjóri og Börkur Jónsson hannaði leikmyndina. „Við buðum samstarfsfólki okkar upp á íslenska matarveislu. Ég þurfti aðeins að skreppa til Íslands vegna Djúpsins og kom heim klyfjaður af brennivíni og hákarli. Ég var stoltur af meðleikurum mínum þegar þeir kyngdu hverjum hákarlsbitanum á eftir öðrum.“ - fgg



FER Á KOSTUM Ólafur Darri hefur fengið lofsamlega dóma fyrir leik sinn í sýningu Royal Shakespeare-leikhússins á Hróa hetti. Hann verður í Englandi yfir jólin með fjölskyldunni.

Einvígið selt út

Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar, *Einvígið*, hefur verið seld til Þýskalands, Frakklands og Hollands. Það þarf ekki að koma neinum á óvart því lesendur í þessum löndum hafa haldið mikilli trygð við íslenska glæpasagnakónginn og bækur hans sitja idulega í efstu sætum metsölulista þar. „Sem dæmi má nefna að Myrká var vikum saman í efsta sæti franska listans fyrr á árinu og nú

um daginn átti sama bók sæti ofarlega á þýska kiljulistanum,“ segir Erla Björg Gunnarsdóttir, kynningarstýra Forlagsins. *Einvígið* er fimmtánda bók Arnaldar en að þessu sinni fær Erlendur Sveinsson, lögregluáðurinn snjalli, frí. Hins vegar er sjónum beint að Marion Briem sem er nokkurs konar læri-meistari Erlendar og í bakgrunni er hið sögufræga einvígi Boris Spassky og Bobby Fischer í Laugardalshöll árið 1972. - fgg



VINSÆLL Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar kemur út í Þýskalandi, Frakklandi og Hollandi.

HRÖNN SVEINSDÓTTIR: AFTUR Í HEIM KVIKMYNDANNA EFTIR ÚTLEGG

Siðameistari bandaríska sendiráðsins til Paradísar

„Ég hef engar róttækar hugmyndir en samt einhverjar, ég á bara eftir að leggja yfir þær og ræða við Ásgrím Sverrisson [dagskrárstjóri],“ segir Hrönn Sveinsdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri listabíósins Bíó Paradísar.

Hrönn hefur undanfarin ár starfað sem siðameistari hjá sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík, en starfið felst meðal annars í því að sjá til þess að öllum starfsreglum sé framfylgt varðandi samskipti á alþjóðavettvangi.

Hrönn tekur við af Lovísu Óladóttur um áramótin og segist ekki geta hugsað sér betra starf. Amma hennar hafi unnið í Austurbæjarbíói í þrjátíu ár og þar hafi hún nánast alist upp. „Þetta er eitt það skemmtilegasta sem ég gæti gert. Og þetta er náttúrulega ekki bara eitthvert bíó heldur Bíó Paradís,“ segir Hrönn. Amma hennar var orðin það órjúfanlegur hluti af starfi Austurbæjarbíós að hún var fengin til að leika í stuttu atriði, sem gerðist í bíóinu, í kvikmyndinni *Punktur, punktur, komma, strik*.

Nafn Hrannar var á allra vörum í kringum heimildarmynd hennar í skóm dregans, sem var frumsýnd 2002 og fjallaði um þáttöku hennar í Ungfrú Ísland.is. Myndin vakti miklar deilur og Hrönn fékk hálfpartinn nóg af öllu moldviðrinu. Hún flutti til vesturstrandar Bandaríkjanna til systur sinnar. „Þetta varð allt svo tryllt, allir voru annaðhvort brjálæðislega miklir stuðningsmenn eða alfarið á móti. Mér sjálfri stóð hins vegar eiginlega alveg á sama.“ Hún eyddi nokkrum árum í flakk og flandur, fór meðal annars til Indlands, en ákvað loks að setjast að í New York þar sem hún lærði meðal annars kvikmyndagerð og tók BA-próf í stjórnmálafræði með áherslu á alþjóðastjórnmál. Auk þess vann



SNÝR AFTUR Í KVIKMYNDIR Hrönn Sveinsdóttir segist ekki geta hugsað sér betra starf en að reka bíó. Hún á ekki langt að sækja þann hæfileika því amma hennar vann í Austurbæjarbíói í þrjátíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hún á lögfræðistofu í Suður-Brooklyn fyrir fólk sem hefur ekki efni á lögfræðingum. „Það var mjög skrautlegur tími með mjög skrautlegu fólk.“

Hrönn kynntist bandarískum manni og saman fluttu þau til Íslands árið 2007, með vasana fulla

af dollurum sem þá voru eiginlega verðlaus pappír. „Korteri eftir að við lentum á Íslandi komst ég að því að ég var ólétt og við keyptum okkur íbúð á erlendum lánum. Þetta er sennilega það gáfulegasta sem ég hef gert.“

freyrgigja@frettabladid.is

HP 635 15,6"
Tilboð 69.900 kr.

BenQ 24" LCD skjár
Tilboð 34.900 kr.
Vörunúmer: BL2400

Samsung Galaxy Tab 8,9"
Tilboð 99.900 kr.
Vörunúmer: Galaxy-WIFI-8.9

HP borðtölva og 21,5" skjár
Tilboð 139.900 kr.
Vörunúmer: HP G5470sc + HP s2231a

MacBook Air 11"
Tilboð 169.900 kr.
Vörunúmer: Z0MF

Tölvuhjálpmenn!S
- engar áhyggjur!
Við komum heim til þín með nýju tölvuna og setjum hana upp fyrir þig fyrir aðeins **4.990 kr.** ef keypt með nýrri tölvu.

omn!S
- Við þekkjum tölvur

REYKJAVÍK Ármúli 11
REYKJANESBÆR ■ AKRANES ■ BORGARNES

Fengu geisladiska og plaköt

„Hann var virkilega ljúfur maður og gaf okkur geisladiska og plaköt,“ segir Craig Murray, ástralskur aðdáandi Páls Óskars Hjalmtýssonar. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir stuttu hefur Páll Óskar lengi verið í uppáhaldi hjá Murray sem ásamt sambýlismanni sínum, Daryl Brown, er staddur hér á landi til að drekka í sig jólastemninguna og fara á tónleika með Frostrósum á Akureyri.

Craig og Daryl vöktu mikla athygli þegar þeir óskuðu eftir því að fá að hitta Jóhanna Sigurðardóttur forsætisráðherra, eins og Fréttablaðið greindi frá. Forsætisráðuneytið varð ekki við bón þeirra en Páll hikaði ekki eitt andartak þegar Craig lýsti því yfir að hann vildi mjög gjarnan hitta hann og bókadi stefnumót við þá félagi á anddyri 1919-hótelins við Pósthússtræti. Að sögn Craigs kom Páll þeim verulega á óvart og var nýbúinn að kveðja þá félagi þegar Fréttablaðið náði tali af Craig eftir rúmlega klukkutíma langan fund. „Þetta hefði aldrei gerst í Ástralíu, að einhver gæfi sér svona langan tíma í að sinna aðdáendum. Páll sagðist hafa verið búinn að skipuleggja ferð til Ástralíu þegar bankahrunið varð og að það væri á dagskránni í náinni framtíð að heimsækja landið,“ segir Craig sem heldur af landi brott þann 22. desember. - fgg



GOTT ÞRÍEYKI Darryl Brown, Páll Óskar og Craig Murray áttu góðan fund í anddyri 1919-hótelins við Pósthússtræti. Páll gaf þeim félagum bæði plaköt og geisladiska. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JÓLATILBOÐ REKKJUNNAR!

DÚN- OG FIÐURSÆNG OG KODDI

FYLGIR ÖLLUM SELDUM
HJÓNARÚMUM TIL JÓLA

VAXTALAUS
JÓLATILBOÐ
OG FYRSTA
GREIDSLAN
Í MARS 2012



JÓLATILBOÐ
Allure
Queen size (153x203 cm)
Verð 163.800 kr.
99.500 kr.

JÓLATILBOÐ
AC Pacific
Prýstjófnumarrúm
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 227.130 kr.
NÚ 158.991 kr.

JÓLATILBOÐ
Quantum
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 313.300 kr.
219.310 kr.

JÓLATILBOÐ
Eromotion 100
Stíllanlegt hjónarúm
(2x 80x200 cm)
Verð frá 569.600 kr.
FRÁ 427.200 kr.

JÓLATILBOÐ
Spring Max
Prýstjófnumar-
heilsukoddi
Fullt verð 12.900 kr.
9.675 kr.

JÓLATILBOÐ
Comfort
Dúnkoddi
Fullt verð 6.500 kr.
4.550 kr.

JÓLATILBOÐ
Melody 2in1
Prýstjófnumar- og
latexheilsukoddi
Fullt verð 14.900 kr.
10.430 kr.

JÓLATILBOÐ
Dún- og
fiðursæng
(140x200 cm)
Fullt verð 13.900 kr.
9.730 kr.

JÓLATILBOÐ
Dúnsæng
(140x200 cm)
Fullt verð 28.840 kr.
19.936 kr.

JÓLATILBOÐ
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SÆNGURFÖTUM
TIL JÓLA!



rekkjan



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI


Jónsi í góðum hópi

Kvikmyndaspekúlantar eru, venju samkvæmt, farnir að spá í spilin fyrir komandi verðlaunatímabil í kvikmyndabransanum. Kvikmyndabíllan Variety birtir úttekt á vefsíðu sinni um þá tónlistarmenn sem taldir eru líklegir til að hreppa tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir frumsamda tónlist í bíómynd. Og þar er Jón Þór Birgisson, Jónsi, í góðum félagsskap. Blaðamaður Variety spár því að tónlist Jónsa úr We Bought a Zoo verði í pottinum ásamt Elton John og Lady Gaga, Mary J. Blige, Chris Cornell, Madonna og leikkonunni Zoey Deschanel. Eins og kemur fram á öðrum stað í blaðinu hefur Jónsi fengið flotta dóma fyrir tónlistina.



Nostalgía á Barböru

Færri komust að en vildu á skemmtistaðinn Barböru á laugardagskvöldið, þegar útvarpsþátturinn Skýjum ofar fagnaði fimmtán ára afmæli. Þeir Eldar Ástþórsson og Arnþór S. Sævarsson, upphafsmenn þáttarins, þeyttu skífum, ásamt góðum gestum. Þétt samfélag myndaðist í kringum Skýjum ofar á árunum 1996 til 2000 og var jungle- og drum&bass-tónlist sameiginleg ástríða þeirra sem því tilheyrðu. Stefnt var að því að hverfa aftur til þess tímabils á laugardagskvöldið og það virðist hafa tekist vel. Á staðinn flykkist fólk sem vandi jafnan komu sína á Skýjum ofar kvöld á skemmtistaðnum 22, forvera Barböru. Rafmögnuð stemning var í húsinu, fullt út úr dyrum og dansað eins og enginn væri morgundagurinn.



- fgg, hhs

Mest lesið **vísir**

- 1 Þjófar hringdu óvart í Neyðarlínuna
- 2 Lögreglumenn á heimleið óku fram á olvaðan ökumann
- 3 Eldur kom upp í gufubaði
- 4 Foreldrar vilja að börnin fái kornmeti á leikskólum
- 5 Borgarbörn styrkja Ellu Dís – flytja leikrit í lönó í dag

Öflugir jólasímar í pakkann

Hljóðbók og tónlist fylgja með í jólapakkann fyrir GSM viðskiptavini Símans

Þegar þú kaupir jólasíma hjá Símanum færðu Brakið eftir Yrsu Sigurðardóttur á hljóðbók og mánaðarskrift að Tónlist.is

iPHONE 4S 16 GB

Magnaður sími frá Apple með hágæðamyndavél.

9.490 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 154.900 kr.

iPHONE 4 16 GB

Ótrúlega flottur sími frá Apple með góðri upplausn.

7.490 kr.


á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 124.900 kr.

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir

Hljóðbókin Brakið

Mánaðarskrift að Tónlist.is



Hljóðbókin Brakið eftir Yrsu og tónlist fylgir þessum símunum

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir símanum



NOKIA N9

Öflugasti Nokia síminn með nýju stýrikerfi.

6.490 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 109.900 kr.

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir

Hljóðbókin Brakið

Mánaðarskrift að Tónlist.is

SAMSUNG GALAXY SII

Flaggskipið úr Galaxy línu Samsung.

5.990 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 99.900 kr.

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir

Hljóðbókin Brakið

Mánaðarskrift að Tónlist.is

Síminn

50% AFSLÁTTUR

KÍKTU Á TILBOÐ DAGSINS

Á www.office1.is

NÝTT TILBOÐ Á HVERJUM DEGI TIL JÓLA!

Office1